



FRÉTTABLAÐIÐ

14. júlí 2006 — 187. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Skrítnar en skemmtilegar

Í miðbæ Reykjavíkur er að finna nokkrar litlar verslanir og eiga eigendur þeirra það sameiginlegt að blanda saman áhugamáli og atvinnu.

FÓLK 42



Bryggjuhátíð á Stokkseyri

Í gær hófst árleg hátíð á Stokkseyri sem mun standa fram á sunnudag. Margt verður að gera og sjá og segja aðstandendur hátíðina sérstaklega skemmtilega fyrir fjölskyldufólk og brottflutta Stokkseyringa.

TÍMAMÓT 48

Fyrir ríka ofurhuga

Bugatti Veyron er þúsund hestafla lúxuskerra sem er fól fyrir 250 milljónir íslenskra króna. Bílasalinn býst ekki við að geta selt hann hér á landi.

FÓLK 54




Íslensku liðin töpuðu í Danmörku

Valur tapaði fyrir Brøndby og ÍA fyrir Randers í 1. umferð forkeppni UEFA-bikarkeppninnar í Danmörku í gær. Garðar Gunnlaugsson skoraði eina íslenska mark kvöldsins.

ÍÞRÓTTIR

VEÐRIÐ Í DAG




MIKIL RIGNING - Nú í morgunsárið verður allhvöss suðaustanátt sunnan og vestan til en lægir smám saman í dag. Mikil rigning sunnanlands og vestan en þurr að kalla norðaustan og austan til. Hiti 10-22 stig, hlýjast á Norður- og Austurlandi.

VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára

Lestur föstudaga



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.



KYNDILLINN AFHENTUR Geir H. Haarde forsætisráðherra afhendir fyrsta hlauparanum kyndilinn. Alls verða hlaupnir yfir 1500 kílómetrar með kyndilinn hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Landsvirkjun seld ríkinu fyrir áramót

Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar stefna á að selja hlut sinn í Landsvirkjun fyrir árslok. Verðhugmyndin er svipuð og síðast. Þá hætti R-listinn við að selja vegna ósamstöðu. Akureyrarbær og borgin standa ekki saman að viðræðunum.

STJÓRN MÁL Viðræður um sölu hlutar Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun til ríkisins eru hafnar að nýju. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir að best væri kaupin tækju gildi um áramótin.

„Það er ekki eftir neinu að biða. Aðalatriðið og skilyrði af okkar hálfu er að við fáum það verð sem við teljum sanngjarnt og eðlilegt. Lengi hefur verið talað um verðið og nú skoðum við allar forsendur,“ segir Vilhjálmur. Hann bendir á að þær gætu hafa breyst frá því að borgin hætti við sölu síðast en þó ekki endilega. Landsvirkjun var þá metin á tæplega 60 milljarða, en borgin á rúm 45 prósent og Akureyrarbær tæp fimm. Vilhjálmur segir Alfreð Þorsteinsson, þáverandi stjórnarformann Orkuveitu Reykjavíkur og borgarfulltrúa í

herbúðum R-listans, hafa stöðvað sölu síðast enda lá fyrir að borgarfulltrúar Vinstri-grænna vildu ekki selja jafnvel þótt verðið hefði hækkað um helming.

„Segja má að það sé rétt,“ segir Alfreð, sem nú gegnir formennsku í framkvæmdanefnd um byggingu hátækni sjúkrahúss. „Ég taldi ekki ráðlegt að knýja málið í gegn á þeim tíma, þar sem ekki var nægilega góð samstaða um það innan R-listans. En það er full samstaða hjá núverandi meirihluta.“ Alfreð er nú eindregið þeirrar skoðunar að borgin eigi að selja hlutinn.

„Ástæðulaust er fyrir borgina að eiga svona stóra hluti í tveimur öflugum orkufyrirtækjum,“ segir Alfreð og á við Orkuveitu Reykjavíkur auk Landsvirkjunar.

Dagur B. Eggertsson, leiðtogi

Samfylkingarinnar í borginni, segir umræður um einkavæðingu Landsvirkjunar setja sölu á ákveðið uppnám. Áður en hlutur Reykjavíkurborgar verði seldur þurfi því til að mynda að tryggja að flutningsnetið lúti áfram opinberri stjórn. „Eins var langur vegur frá því að menn hafi verið búnir að ná saman um verð eða greiðsluform. Talað var um að hluturinn yrði greiddur á mörgum áratugum í formi lífeyrisskuldbindinga. En sú leið gæti verið sérkennileg ef ríkið ætlað daginn eftir að leysa út söluverðið með einkavæðingu fyrirtækisins,“ segir Dagur.

Hvorki náðist í Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra, sem er í sumarfrí, né Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra á Akureyri, en bærinn er ekki með í viðræðunum.

- gag

Steinunn Stefánsdóttir ráðin aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins:

Afar stolt af hlut kvenna

FRÉTTABLAÐIÐ Steinunn Stefánsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Steinunn hefur verið blaðamaður og ritstjórnarfulltrúi á Fréttablaðinu frá stofnun þess 1. apríl árið 2001. „Mér þykir afar vænt um Fréttablaðið og hlakka mikið til að takast á við ný verkefni,“ segir Steinunn.

Eftir því sem næst verður komist er hún fyrst kvenna til að gegna svo veigamiklu starfi á íslensku dagblaði en fyrir gegna tvær konur störfum fréttastjóra á blaðinu. Steinunn kveðst stolt og ánægð með ríkan þátt kvenna í stjórnun blaðsins.

„Ég er afar stolt af hlut kvenna



hjá Fréttablaðinu og vona að þetta sé til marks um breytta tíma hjá fjölmiðlum.“

Steinunn hefur BA-próf í íslensku og almennum málvísindum og próf í uppeldis- og kennslufræði. Áður en hún hóf störf á Fréttablaðinu var hún blaðamaður á DV, upplýsingafulltrúi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, fræðslufulltrúi Bankamannaskólans og framhaldsskólakennari.

Steinunn er fædd árið 1961. Hún er gift Arthuri Morthens og á þrjár dætur.

- bps / sjá síðu 2

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR
Aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Alþjóðlega vináttuhlaupið:

Kringum landið með kyndilinn

HLAUP Alþjóðlega vináttuhlaupið hófst á Íslandi í gær, en hlaupið er alþjóðlegt boðhlaup þar sem kyndill er borinn á milli hundrað landa af hátt í milljón manns. Hlaupið hófst í Portúgal 2. mars síðastliðinn, en boðskapurinn er að efla vináttu, skilning og umburðarlyndi.

Geir H. Haarde forsætisráðherra afhenti fyrsta hlauparanum kyndilinn við Höfða í gær og verður hlaupið með hann hringinn í kringum landið næstu átján daga, alls 1508 kílómetra. Hópur maraþonhlaupara frá mörgum löndum mun fylgja íslensku hlaupurunum.

Upphafsmáður hlaupsins er indverski heimspekingurinn og andlegi leiðtogi Sri Chinmoy, en hlaupið var í fyrsta sinn árið 1987.

- sps

Hryðjuverkin á Indlandi:

Tveir grunaðir um ódæðið

MUMBAI, AP Yfirvöld á Indlandi birtu í gær nöfn tveggja ungra manna sem grunaðir eru um hryðjuverk vikunnar, sem urðu um tvö hundruð manns að bana. Andhryðjuverka-sveit ríkisstjórnarinnar dreifði myndum af mönnum til fjölmiðla ásamt nöfnum þeirra. Þeir heita Sayyad Zabiuddin og Zulfeqar Fayyaz, en tilkynningunni fylgdu engar frekari upplýsingar um þá.

Yfirvöld höfðu fyrr um daginn nefnt Lashkar-e-Tayyaba, samtök íslamista í pakistönskum hluta Kasamírhéraðs, sem líklega ódæðismenn, en talsmaður samtakanna neitaði ásökuninni.

- kóp

Íslendingar í Beirút:

Halda sig inni á hótélherbergi

LÍBANON „Við erum heilir á húfi, við höfum haldið okkur inni á hótelinu síðan loftárásirnar hófust,“ segir Már Þórarinnsson, einn fjögurra flugvirkja sem eru á vegum Atlanta flugfélagsins í Beirút í Líbanon, en Ísraelsher gerði loftárásir á Rafik Hariri flugvöllinn þar í gær. Mennirnir, þrír Íslendingar og einn Belgí, eru þar staddir við vinnu á Airbus fraktvél félagsins.

Hafþór Hafsteinsson, forstjóri Atlanta, segir félagið vera í sambandi við yfirvöld og fyrirmælum þeirra sé fylgt. Þar sem bæði hafnarbann er á Líbanon og eini flugvöllurinn er lokaður, er erfitt fyrir mennina að komast burt úr Beirút og hefur þeim því verið ráðlagt að halda sig inni á hótelinu næstu einn til tvo daga.

Vinnu mannanna átti að ljúka 21. júlí.

- smk, - sps / sjá síðu 4



**SAYYAD ZABI-
UDDIN** Pennan
mann gruna
indverski yfirvöld
um aðild að
sprengingunum.



**MÁR
ÞÓRARINSSON**



SPURNING DAGSINS

Jóhann, kom parið til landsins með nesti og nýja skó?

„Já, það var að minnsta kosti ekki búið að ganga niður úr sólunum á þessum.“

Íslenskt par var stöðvað af tollvörðum í Leifstöð fyrir viku með kíló af kókaíni falið í skónum sínum. Jóhann R. Benediktsson er sýslumaður á Keflavíkurflugvelli.

Bílslysið við Varmahlíð:

Stúlkan enn í öndunarvél

SLYS Stúlkan sem lenti í bílslysi ásamt fjórum öðrum, við Varmahlíð í Skagafirði í byrjun mánaðarins, er enn í gjörgæslu. Þar er henni haldið sofandi í öndunarvél en hún er mikið slösuð. Að sögn læknis á gjörgæsludeildinni er líðan hennar eftir atvikum. Ástand hennar er alvarlegt en stöðugt.

Hin stúlkan sem slasaðist alvarlega, var útskrifuð á dögunum af gjörgæsludeildinni og liggur nú á bæklunardeild Landspítalans. Ein stúlka lést í bílslysinu.

- æpe

Bandaríkin í Öryggisráðinu:

Beittu neitunarvaldinu á ný

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Neitunarvaldi var beitt í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í fyrsta skipti í tvö ár í gær þegar Bandaríkin komu í veg fyrir að tillaga Katar og ýmissa Arabaríkja um aðgerðir Ísraels hers á Gaza-ströndinni, yrði að formlegri ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt ályktuninni hefði Öryggisráðið krafist þess að Ísraelsríki léti af hernaðaraðgerðum sínum á landi Palestínumanna. Bandaríkin voru eina þjóðin sem mælti þessu í móti, tíu þjóðir mæltu með tilögunni, en fjórar sátu hjá.

Tillaga Katarmanna hafði margoft verið endurorðuð svo hún þætti ekki of hlutdræg og inn í hana bætt ákvæði þar sem þess var krafist að palestínskir skæruliðar skiluðu ísraelska hermanningum sem er í haldi þeirra, en allt kom fyrir ekki.

- kóp

VEIÐI

Hreindýraveiðin að hefjast

Hreindýraveiðitímabilið hefst á morgun, 15. júlí. Þá verður heimilt að fella tarfa á öllum veiðisvæðum en óleyfilegt verður að veiða tarfa, þar sem þeir halda sig með kúm, fram til 1. ágúst. Veturgamlir tarfar eru alfríðaðir eins og áður.

Guðni Ágústsson sækist eftir áframhaldandi varaformennsku Framsóknar:

Hefði getað orðið formaður

STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson gefur kost á sér til áframhaldandi setu í embætti varaformanns Framsóknarflokksins.

Guðni hefur síðustu daga vegið og metið hvort hann ætti að gefa kost á sér til embættis formanns eða varaformanns og varð síðari kosturinn ofan á. „Ég met það svo að Framsóknarflokkurinn þurfi á sátt og einingu að halda. Ég geri mér grein fyrir að ég hefði vissulega getað unnið formannskosningu en það hefði kostað mikil átök í flokknum og baráttu á milli félaga,“ sagði Guðni í samtali við Fréttablaðið í gær. Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur enn sem

komið er einn gefið kost á sér til formanns.

Jónína Bjartmarz hefur áður gefið kost á sér til varaformennsku og því ljóst að til kosningar kemur á flokksþinginu í ágúst. Guðni segir stöðu sína sterka og að hann finni fyrir góðum anda í sinn garð.

„Það verða vissulega mikil tíðindi ef framsóknarmenn myndu fella mig úr varaformennsku,“ segir Guðni sem telur mikilvægt að flokksmenn snúi vörn í sök, fari í málefnastraf og skerpi línur í samstöðu. Hann segist hætta afskiptum af stjórnmálum nái hann ekki kjöri.

- bps



GUÐNI ÁGÚSTSSON vill áfram vera varaformaður Framsóknarflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðstöfun Símapeninga óbreytt að sinni

Til umræðu er hjá stjórnarflokkunum að breyta lögum um ráðstöfun Símapeninganna og setja þá í gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Forsætisráðherra segir að þetta kalli á sjálfstæða ákvörðun og hún sé ekki tímabær núna.

EFNAHAGSMÁL Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, hefur áhyggjur af þróun gengismála og telur að Seðlabankinn þurfi að selja dollara til að halda gengisvísitölunni í 125 til 130 stigum. Hann segir að það sé til umræðu hjá stjórnarflokkunum að breyta lögum um ráðstöfun Símapeninganna og setja peningana alla í gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. „Það myndi styrkja Seðlabankann verulega og gera honum kleift að hafa leiðsögn um það að missa ekki gengið of neðarlega,“ segir Einar Oddur.

Geir H. Haarde forsætisráðherra kannast ekki við þessa umræðu. Hann segir að það sé „sjálfstætt mál í tengslum við fjárlagagerðina hvort eitthvað verði hróflað við ráðstöfun Símapeninganna. Það hefur ekki verið tekin nein slík ákvörðun,“ segir hann.

Samkvæmt lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. eiga 3,9 milljarðar að fara í ýmsar framkvæmdir á næsta ári. Stærsti hlutinn fer í lagningu Sundabrautar og breikkun Reykjanesbrautar.

„Ef hugmyndin er sú að fresta því sem ákveðið var um ráðstöfun Símapeninganna árið 2007 þá kallar það á sjálfstæða ákvörðun og hún er ekki tímabær núna. Það getur vel verið að staðan verði sú að það verði frekar bætt við framkvæmdum en dregið úr á næsta ári þótt við séum að draga úr núna. Þetta er fljótt að breytast,“ segir Geir.

Hvorki Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, né Guðni



SUNDABRAUT Stór hluti Símapeninganna fer í lagningu Sundabrautar. Hér sést tölvugerð mynd af einni hugmyndanna að útfærslu á lagningu brautarinnar.



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON



GEIR H. HAARDE

Ágústsson landbúnaðarráðherra taka vel í þá hugmynd að breyta ráðstöfun Símapeninganna. „Þegar ríkisstjórnin ákvað sínar aðgerðir var ákveðið að láta það duga að sinni sem telja mætti nægilegt og

naðsynlegt núna. Það var sérstaklega tekið fram að við þyrftum að sjá hvernig framvindan verður, þannig að þessi mál hafa ekki verið á dagskrá. Hinsvegar vitum við að fólk úti í þjóðfélaginu er að spá og spekulera en það er ekki á verksviði ríkisstjórnarinnar,“ segir Jón.

Hann telur hættur geta verið fölgna í því að auka gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Vitund um sterkan sjóð geti slævt varúð manna í fjármálakerfinu. Þeir telji sig „eiga stuðning vísan þó að þeir hafi alls ekki gengið rækilega frá sínum málum,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Kókaínsmygl í Leifstöð:

Ekki vitað um vitorðsmenn

FÍKNIEFNI Parið sem gripið var í Leifstöð í síðustu viku er þau reyndu að smygla einu kíló af kókaíni inn til landsins í skónum sínum, hafa ekki áður komist í kast við lögin.

Hörður Jóhannesson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, staðfesti þetta við blaðið. Hann sagði málið í rannsókn og enn væri of snemma að segja til um hvort parið hafi átt sér vitorðsmann eða -menn.

Fólkið, sem er 23 og 24 ára, var að koma frá Frankfurt í Þýskalandi þegar það var stöðvað við reglubundið eftirlit. Við húsleit á heimili þeirra fannst kíló af hassi.

- æpe



HALDIÐ Á PALESTÍNSKA FÁNANUM

Um tvö hundruð manns komu á mótmælafundinn og segir lögregla að hann hafi farið vel fram á allan hátt.

Mótmælafundur á Austurvelli:

Stríðsglæpir skuli stöðvaðir

MÓTMÆLI Félagið Ísland-Palestína, sem styður baráttu Palestínumanna gegn hernámi, stóð fyrir mótmælafundi á Austurvelli í gær. Þar var stríðsglæpum Ísraels hers á Gaza mótmælt og ávörp flutt af Guðrúnu Ögmundsdóttur alþingismanni og Sveini Rúnari Haukssyni, formanni félagsins. Að sögn lögreglu voru um tvö hundruð manns á svæðinu og fóru mótmælin friðsamlega fram í alla staði.

Meðal krafna fundarins voru að stríðsglæpir yrðu stöðvaðir, Ísraelsher yfirgæfi Palestínu, sjálfsákvörðunarréttur palestínsku þjóðarinnar yrði viðurkenndur og að aðskilnaðarmúr Ísraelsmanna yrði rifinn.

- sps

Ástandið í Ísrael og Líbanon:

Viðvörðun til Íslendinga

VIÐVÖRUN Vegna ástandsins sem skapast hefur í Ísrael, Líbanon og á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna áréttar utanríkisráðuneytið mikilvægi þess að þeir Íslendingar sem þurfa að ferðast til þessara svæða á næstunni sýni fyllstu aðgát, fylgist með þróun mála og láti vita af ferðum sínum.

Mörg ríki hafa þegar gefið út sérstakar viðvaranir til þegna sinna vegna ferðalaga til þessara svæða. Ráðuneytið mun fylgjast grannt með þróun mála og veita frekari upplýsingar ef tilefni er til.

- sdg

Fréttastjórar taka við daglegri yfirstjórn fréttar:

Nýtt skipulag Fréttablaðsins

FRÉTTABLAÐIÐ Nýtt starfsskipulag tekur gildi á ritstjórn Fréttablaðsins í dag. Í nýju skipulagi felst að starfsemi ritstjórnar er skipt í tvö höfuðsvið undir stjórn tveggja aðstoðarritstjóra. Þá taka fréttastjórar við daglegri yfirstjórn fréttar.

Undir annað meginsviðið falla fréttir, helgarefni og íþróttir. Það lýtur yfirstjórn Jóns Kaldal sem verið hefur aðstoðarritstjóri blaðsins frá 2004. Undir hitt meginsviðið fellur innblaðsefni, Allt og önnur sérblöð auk gæðamála. Steinunn Stefánsdóttir, nýr aðstoðarritstjóri, fer með yfirstjórn þess.

Þá verða breytingar á fréttadeild. Starf sérstaks fréttaritstjóra verður aflagt en fréttastjórar taka við daglegri yfirstjórn fréttar auk þess að stýra áfram fréttavöktum. Fréttastjórar eru



FRÉTTASTJÓRAR FRÉTTABLAÐSINS Sigríður Björg Tómasdóttir, Trausti Hafliðason og Arndís Þorgeirsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arndís Þorgeirsdóttir, sem hóf störf á blaðinu 2005, og Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason sem bæði hafa unnið á Fréttablaðinu frá stofnun þess.

Vinna við nýtt skipulag og skipurit Fréttablaðsins hófst í maí

og hefur verið unnið með aðstoð ráðgjafarfyrtækisins IMG. Við breytingarnar var ör þróun Fréttablaðsins og þörf fyrir skipulag sem fellur vel að stærð þess og framtíðarhlutverki höfð að leiðarljósi. ■

Mjúkar, harðar, þrýstnar...
og dásamlega rúmgóðar!

Samsonite

1001

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opíð virka daga kl. 8 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16
Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opíð virka daga kl. 8 - 18 • Pantanasími 515 5100



Síminn býður

Betri leið!

Enn meiri ávinningur

Með því að skrá þig í Betri leið Símans verður allt svo miklu einfaldara. Þú velur þá áskriftarleið sem hentar þér best og færð vikulega skilaboð í símann þinn með upplýsingum um notkun. Borgaðu eitt fast mánaðargjald þar sem fyrirfram ákveðinn mínútufjöldi og fjöldi SMS skilaboða er innifalinn.*

Skráðu þig á sölustöðum Símans um allt land, í síma 800 7000 eða á þjónustuvef Símans á siminn.is

Það besta við Betri leið!

- Meiri ávinningur - þú sparar!
- Inneignin gildir í kerfi allra símafyrirtækja innanlands
- Meira úrval áskrifta - þú velur það sem þér hentar
- SMS tilkynningar um stöðu inneignar vikulega

Góður

GSM **35**
35 mín / 20 sms
990 kr. á mán.



Betri

GSM **100**
100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mán.



Bestur

GSM **160**
160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mán.



Langbestur

GSM **280**
280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mán.



*Umframnotkun gjaldfærast samkvæmt verðskrá

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 13.7.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	74,28	74,64
	Sterlingspund	136,66	137,32
	Evra	94,26	94,78
	Dönsk króna	12,634	12,708
	Norsk króna	11,883	11,953
	Sænsk króna	10,271	10,331
	Japanskt jen	0,6436	0,6474
SDR		109,73	110,39

Gengisvísitala krónunnar
130,4029

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samgönguráðuneytið:

Opnar um-
ræðuvettvang**STJÓRNSÝSLA** Umræðuvettvangur hefur verið settur upp á heimasíðu samgönguráðuneytisins þarSTURLA
BÖVARSSON

sem mál, sem eru til umfjöllunar í ráðuneytinu, verða kynnt og leitast við að fá fram viðbrögð einstaklinga sem og hagsmunaaðila. Er þetta liður í þeirri stefnu ráðuneytisins að viðhafa opna stjórnsýslu þar sem almenningur jafnt og hagsmunaaðilar geti tjáð sig um mál sem eru til vinnslu í ráðuneytinu og haft áhrif á framvindu þeirra.

Fyrsta málið sem leitað verður viðbragða við er hvort breyta eigi bílprófsaldri úr 17 árum í 18. - **sdg**

Ljósleiðari fór í sundur:

Verktaki skaðabótaskyldur

BILUN Öflugur ljósleiðari hjá Ogvodafone var grafinn í sundur við framkvæmdir hjá Kalkofnsvegi við Seðlabanka Íslands í gærmorgun. Kostnaður við viðgerð á ljósleiðaranum gæti numið nokkrum milljónum íslenskra króna. Í flestum tilfellum er verktaki sem veldur biluninni skaðabótaskyldur.

Að sögn Guðmundar Jónssonar, verkstjóra hjá Ljósveir, sem vann að viðgerðinni, eru flest verktakafyrirtæki með svokallaða kapaltryggingu sem nær yfir kostnaðinn. Verktakinn getur líka lent í því að þurfa að greiða sekt fyrir að valda skemmdunum og þar af leiðandi truflunum hjá fjarskiptafyrirtækinu, að sögn talsmanns Ogvodafone.

Bilunin olli miklum truflunum á fjarskiptakerfi Ogvodafone til að byrja með hjá notendum fastlínu, GSM og ADSL. - **æpe**

Forsætisráðherra segir vísbendingar um að verðbólgan sé í rénun:

Huglæg áhrif komin fram

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra telur að sú litla vísitöluhækkun sem varð á miðvikudaginn gefi vísbendingar um að verðbólgebreytingarnar á næstunni geti farið að réna þannig að verðbólgan gangi tiltölulega hratt niður eftir að toppnum er náð.

„Toppurinn kemur fram einhvern tímann á haustmánuðum, kannski um áramót. Það er ómöglegt að segja,“ segir Geir og telur verðbólguna ganga svo hratt niður.

Forsætisráðherra telur samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa huglæg áhrif á þróun verðbólgunnar núna en býst við að

áhrifin komi betur fram síðar. „Vonandi verður það þegar frá líður. Hugmyndin var að reyna að flýta því að verðbólgan gengi niður,“ segir hann.

Ráðherrann segir fleiri ráðstafanir geta verið framundan hjá ríkisstjórninni en ekki hafi verið tekin ákvörðun um neitt. „En við munum gera það ef þess reynist þörf. Það er alltaf gert jafnóðum,“ segir hann og vill ekki greina frá því hvort og þá hvað komi til greina.

„Það liggur í hlutarins eðli og er partur af því að stjórna landinu að fylgjast með því hvenær þarf að grípa til aðgerða,“ segir hann. - **ghs****GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA** „Toppurinn kemur fram á haustmánuðum,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um þróun verðbólgunnar.Ísraelsher hélt áfram
árásum á Líbanon

Líbanska ríkisstjórnin hefur óskað eftir vopnahléi, en án árangurs. Valdamenn um allan heim hvetja Ísraelsher og Hezbollah til að draga úr ofbeldinu. Fimmtíu óbreyttir Líbanar fórust í árásunum í gær, þar af mörg börn.

LÍBANON, AP Ísraelsher hélt áfram árásum sínum á Líbanon í gær með auknum krafti, og skaut sprengjum á eina alþjóðlega flugvöll landsins, Rafik Hariri flugvöllinn í Beirút, sem og á tvo herflugvelli og setti hafnarbann á landið. Jafnframt vörpuðu þeir hundruðum sprengja víðar um Líbanon og fórust um 50 óbreyttir íbúar í þeim árásum, þar með talin nokkur ung börn. Rúmlega hundrad menn lágu sárir eftir.

Þetta var harðasta árás Ísraels á Líbanon í 24 ár.

Árás Ísraels kom í kjölfar þess að vígamenn Hezbollah samtakanna tóku tvo ísraelska hermenn höndum á miðvikudag. Í árásunum í gær sprengdu Ísraelar jafnframt vopnabúr Hezbollah og vegakerfi landsins.

Talsmaður Ísraelshers sagði að „ekkert væri öruggt“ í Líbanon nú og sagði Beirút vera skotmark. Talsmaður utanríkisráðuneytisins sagði herinn hafa staðfestar upplýsingar um að liðsmenn Hezbollah væru að flytja hermennina til Írans.

Hezbollah svaraði með sprengjuárás á Ísrael sem varð einum óbreyttum Ísraelsmanni að bana og særði 12.

Talsmenn Hezbollah hafa farið fram á fangaskipti við Ísraela, en yfirmenn hersins og Ísraelsstjórn þvertaka fyrir að slík skipti geti farið fram, og segjast ætla að útrýma Hezbollah með öllum tilækum ráðum í eitt skipti fyrir öll.

„Allar aðgerðir eru réttlætalegar til að koma í veg fyrir

**FARÞEGAR BÍÐA** Líbanar bíðu upp á von og óvon á Rafik Hariri-flugvöllinum í Beirút í Líbanon í gær, en flugvöllinum var lokað eftir að Ísraelsher réðst á flugvöllinn með sprengjum. Flugvöllurinn er eini alþjóðlegi flugvöllur landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hryðjuverk,“ sagði herforinginn Udi Adam í samtali við fréttamenn.

Ráðamenn í Ísrael sögðu líbönsku ríkisstjórnina bera ábyrgð á aðgerðum Hezbollah. Líbanska stjórnin sagðist aftur á móti ekkert hafa haft með málið að gera, enda hafi stjórnin hvorki vald yfir Hezbollah né stjórn á gerðum liðsmanna þeirra.

Hins vegar hefur stjórnin ekki neytt samtökin til að afvopnast af ötta við frekara ofbeldi.

Líbanska ríkisstjórnin bað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna um að hafa afskipti af málinu og

óskaði jafnframt eftir vopnahléi í gær. Hið sama gerðu vestrænar þjóðir og Sameinuðu þjóðirnar, og hvöttu Hezbollah jafnframt til að skila hermönnum. Talsmenn Evrópusambandsins sögðu viðbrögð Ísraels „úr öllu samhengi“ við ógnunina gegn þeim.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði hins vegar Ísraela „verða að verjast“ og haldi þeim fyrir að ráðast gegn hryðjuverkamönnum.

Arababandalagið mun halda neyðarfund um ástandið í Kaíró í Egyptalandi á morgun.

smk@frettabladid.is

Íbúðalánasjóður:

Samdráttur
í útlánum**LÁN** Útlán Íbúðarlánasjóðs hafa dregist saman um fjórðung á síðustu tveimur árum, eða frá því að bankar hófu að veita lán til íbúðakaupa. Miðast þetta við fyrstu tvo ársfjórðungana. Þetta er meðal þess sem kemur fram í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs í júní 2006.Í skýrslunni kemur einnig fram að heildarútlán frá áramótum nema 22 milljörðum króna og er það í takt við áætlanir sjóðsins. Heildarútlán í júní námu 4,3 milljörðum króna. Þar af voru um 4 milljarðar almenn lán og ríflega 300 milljónir leiguíbúðalán. - **öho****DANSKIR LÖGREGLUMENN** Komu í veg fyrir skelfilegan glæp.

Danska lögreglan:

Kom í veg fyrir
heiðursmörð**DANMÖRK** Danska lögreglan telur að komið hafi verið í veg fyrir heiðursmörð í Helsingør, samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins.

Málið snýst um fjölskyldu sem reyndi að fá 43 ára gamlan son til að drepa systur sína, því hún vildi skilja við eiginmann sinn, sem fjölskyldan hafði valið handa henni. Þegar sonurinn neitaði að verða við kröfu fjölskyldunnar, réðust nokkrir fjölskylduvinir á hann með kylfum og öðrum bareflum. Við það var lögregla kölluð til og leysti sonurinn frá skjóðunni.

Fjórir vinir hafa verið handteknir, auk fjölskylduföðursins, 71 árs, og tveggja mága. Faðirinn hefur verið ákærður fyrir tilraun til morðs, en hinir sex fyrir alvarlega líkamsárás. - **smk**

SLÖKKVILIÐIÐ

Eldur hjá Krossinn Eldur kviknaði í dýnu í húsnæði Krossins í Kópavogi í gærkvöld. Búið var að slökkva eldinn þegar slökkviliðið mætti á staðinn og reykræstu þeir húsnæðið. Ekki var vitað um neinar skemmdir og ekki þurfti að flytja neinn til aðhlýnningar.

SAMGÖNGUR

Þingeyri fær flugvöll Flugvöllurinn á Þingeyri verður formlega vígður laugardaginn 19. ágúst. Völlurinn verður þó tilbúinn til notkunar 16. júlí og verður hann nýttur sem þverbraut á Ísafjarðarflugvöll sé þess þörf. Þá verður hægt að lenda og hefja til flugs á fullfermdum Fokkervélum.

BÍLL DAGSINS

HYUNDAI TUCSON DIESEL

Nýskr 02.05 - Sjálfskiptur - Ekin 16 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	22°C	hálfskýjað	London	22°C	heiðskírt
Suðautan 5-10 m/s,	21°C	léttskýjað	Paris	28°C	heiðskírt
hvasast fyrripart dags.	23°C	léttskýjað	Frankfurt	27°C	hálfskýjað
Mikil rigning um tíma. Hiti 10-13 stig.	24°C	léttskýjað	Friedrichshafen	25°C	skýjað
	19°C	léttskýjað	Berlín	26°C	hálfskýjað

* Hítatölur sýna spágildi fyrir hesta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Bjarni Gunnar Kristinsson
Yfirmatreiðslumaður á Grillinu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

KJÚKLINGAPINNAR "SATE"

AÐ HÆTTI LANDSLÍÐS MATREIÐSLUMEISTARA

500 g kjúklingabringur/lundir (skornar til og þræddar upp á spjót)
100 ml kjúklingasoð (vatn og kraftur)

1/2 saxaður laukur
1 rif saxaður hvítlaukur
2 tsk. söxuð engiferrót
1/2 tsk. cumin (ekki kúmen)
1/2 tsk. tumeric

Öllu er blandað saman og látið liggja í 30-60 mín. Gott er að kryddleggja spjótin í tvöföldum plastpoka svo kryddlögurinn leiki um kjötið. Passa þarf að gegnumsteikja kjúklinginn.



35%
afsláttur við kassa

Ferskar
kjúklingalundir

TILBOÐ
1.596 kr/kg
Merkt verð 2.455,-



Lambalæri
úr kjötborði

TILBOÐ
998 kr/kg
Verð áður 1.485,-



Hamborgarar 140 g
úr kjötborði

TILBOÐ
149 kr/stk
Verð áður 199,-

Allir krakkar fá hollar vörur fyrir Lató-seðla í verslunum Hagkaupa.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hagkerfið er opið
1. júlí - 19. ágúst

GLITNIR

LATÓ
HAGKERFIÐ



SUMARLEIKUR

Er vinningur í lokinu? Fjöldin allur af glæsilegum vinningum. Þú veist strax hvort þú hefur unnið.

Engjafykni sumarleikur
- er vinningur í lokinu?



TILBOÐ
299 kr/pk
Verð áður 399,-

Vilko vöfflumix
- frábært í sumarbústaðinn



25%
afsláttur við kassa

Appolo lakkrís konfekt
og Góu hraunbitar

Gildir til 16. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Hefurðu lesið bók í sumar?

Já	51%
Nei	49%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefurðu unnið í garðinum í sumar?

Segðu þína skoðun á Vísí.is

vísir

Bæjaryfirvöld í Eyjum:

Landsflug fái ekki samning

SJÚKRAFLUG Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum vilja ekki undir neinum kringumstæðum að heilbrigðisráðuneytið semji aftur við Landsflug um sjúkraflug, sé ástæða til að bjóða flugið út á ný. Þetta sagði Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, í viðtali á NFS í gær.

Starfsmenn ráðuneytisins eru nú að ljúka úttekt á því hvort Landsflug hafi efnt samning sinn um sjúkraflug í Vestmannaeyjum. Tilefnið er erindi frá bæjarstjórn þar sem ítrekað er að flugfélagið hafi ekki staðið við þau ákvæði í samningnum sem kveða á um að vél til sjúkraflugs eigi alltaf að vera til staðar í Eyjum.

- sps



SKÚTAN Í HÖFN Stýri skútunnar brotnaði þegar hún tók niðri við Akurey. Hún var dregin til hafnar stuttu eftir strandið í gær.

Frönsk skúta í ógöngum:

Skúta strandar við Akurey

STRAND Skúta strandaði við Akurey um hádegisbilið í gær. Stýri skútunnar, sem er frönsk, brotnaði þegar hún tók niðri við eyjuna og var björgunarbátur björgunar-sveitarinnar Ársæls í Reykjavík sendur á vettvang. Björgunarmenn komu línu í skútuna og héldu henni til að koma í veg fyrir að verr færi. Ekki var um lífshættu að ræða að sögn Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Þegar skútan strandaði var hálfjara en þrátt fyrir það náði björgunarskipið Ásgrímur S. Björnsson að fara með hana til hafnar þar sem hún er nú.

- sps

NÁTTÚRA

Styrkur Pokasjóður ÁTVR afhenti Umhverfisstofnun fimm milljóna króna styrk í gær til að bæta aðgengi ferðamanna að Gullfossi. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra tók við styrknum fyrir hönd stofnunarinnar.

DÓMSMÁL

Braut og bramlaði Hálfertugur karlmaður hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið ákærður fyrir að hafa í september brotist inn í sumarbústað á Flúðum, brotið borðstofuborð og rúðu í útidyrarhurð og eyðilagt ljósakrónu og stól. Ákæran var þingfest í gær.

ATVINNUMÁL

Persónuvernd Afgreiðslustúlku á veitingastað í Reykjavík var sagt upp störfum þegar upp komst um laumureykingar hennar og hnupl með falinni myndavél. Stéttarfélag stúlkunnar kvartaði til Persónuverndar sem hefur úrskurðað að brotið var gegn reglum um rafræna vöktun á staðnum.

Fjáröflunarhneyksli breska Verkamannaflokksins:

Þykir áfall fyrir Tony Blair

BRETLAND, AP Breska lögreglan hefur yfirheyrð 48 manns í tengslum við ásakana um að Tony Blair forsætisráðherra hafi séð til þess að fjársterkir einstaklingar fengju sæti í lávarðadeild breska þingsins í skiptum fyrir veglegan fjárstuðning við Verkamannaflokkinn.

Náinn félagi Blairs og sérlegur sendifulltrúi hans í Mið-Austurlöndum, Levy lávarður, sem hefur séð um fjáröflun fyrir Verkamannaflokkinn, var handtekinn á miðvikudag í tengslum við þetta mál, en honum var síðan sleppt úr haldi gegn tryggingu.

Lögreglan segir að Levy hafi



LEVY LÁVARÐUR Handtaka hans gæti hraðað brotthvarfi Blairs úr stjórnmálum.

verið handtekinn til þess að hún geti komist yfir skjöl, sem nauðsynleg eru fyrir rannsóknina. Ekki er víst að Levy verði ákærður, en handtakan þykir áfall fyrir Blair og gæti hraðað brotthvarfi hans úr stjórnmálum.

Ekkert hefur verið gefið upp um það hvort Blair sé sjálfur meðal þeirra, sem lögreglan hefur kallað til yfirheyrslu, en skrifstofa Blairs heldur því fram að lögreglan hafi ekki sóst eftir því að yfirheyra forsætisráðherrann.

Lögreglan mun skila frá sér skýrslu til saksóknara síðar á árinu, og þá fyrst verður tekin ákvörðun um hvort málið kemur til kasta dómstóla.

Blair hefur viðurkennt að Verkamannaflokkurinn hafi með leynd þegið fé frá mönnum, sem hann síðar tilnefndi til sætis í lávarðadeildinni.

-gb



FRÁ REYKJANESBÆ Premur kostnaðarsómum framkvæmdum verður frestað um átta mánuði til að stemma stigu við þenslu í samfélaginu.

Fresta verkefnum upp á 656 milljónir

Lagningu þjóðbrautar, sameiningu bæjarskrifstofa og framkvæmdum við Ráðstefnu- og tónlistarmiðstöð í Reykjanesbæ verður frestað um átta mánuði. Með þessu leggur bærinn sitt af mörkum til að stemma stigu við efnahagsþenslunni.

EFNAHAGSMÁL Framkvæmdum í Reykjanesbæ sem ráðast átti í og kosta samtals 656 milljónir króna hefur verið frestað um átta mánuði. Um er að ræða lagningu þjóðveggar frá Reykjanesbraut inn í miðjan bæinn sem kostar 256 milljónir, sameiningu bæjarskrifstofanna sem nú eru á tveimur stöðum og kostar 220 milljónir og framkvæmdir við Ráðstefnu- og tónlistarmiðstöð sem kostar 180 milljónir.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir gripið til þessara ráðstafana til að svara kalli forsætisráðherra um aðhald í framkvæmdum á næstu mánuðum til að stemma stigu við efnahagsþenslu í samfélaginu. „Það gefur auga leið að þetta eru verk efni sem við teljum að þurfi að vinna en hins vegar er meira virði að rífa seglin,“ sagði Árni í samtali við Fréttablaðið.

Árni bendir á að Reykjanesbær sé um margt ekki heppilegasta sveitarfélagið til að skera niður í framkvæmdum enda óvissa uppi í atvinnumálum bæjarbúa þegar fyrirséð er að um 600 íbúar missi vinnuna hjá Varnarliðinu á Keflavík-urflugvelli í september.

Það er mat Árna að nægilegt sé að fresta framkvæmdum þessara þriggja verkefna í átta mánuði. Gangi áætlun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eftir verði lag til að sigla á ný að átta mánuðum liðnum. En staðan verði vitaskuld metin þá.

Ekki er öllum framkvæmdum Reykjanesbæjar slegið á frest. Grunn- og leikskóli eru til dæmis í byggingu og þeim verkefnum verður haldið áfram. Þá er unnið



ÁRNI SIGFÚSSON
Bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

að gatnagerð í nýjum hverfum.

Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað á umliðnum misserum og á þessu ári hefur þeim fjölgað um tvö prósent. 11.578 búa nú í bænum. „Það er kraftur í bæjarfélaginu og kannski þess vegna hægt að rífa seglin,“ segir Árni. Hann vill ekki ganga svo langt að segja aðgerðir Reykjanesbæjar hvatningu til annarra sveitarfélaga um að ganga sömu leið; hver og einn verði að meta sína stöðu. „En úr því að við treystum okkur til að svara þessu miðað við þær aðstæður sem hér eru þá hljóta önnur sveitarfélög að horfa til sinna möguleika.“

Að sögn Árna ríkti eining um aðgerðirnar í bæjarstjórn.

bjorn@frettabladid.is

Bæjarráð Kópavogs samþykkir tillögur um niðurskurð upp á 411 milljónir:

Aðrir verða líka að spara

EFNAHAGSMÁL Bæjaryfirvöld í Kópavogi eru reiðubúin að skera niður verklegar framkvæmdir að því gefnu að önnur sveitarfélög taki tillit til óska ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn þenslu og að ríkisvaldið útfæri tillögur um frestun eigin framkvæmda.

Tillögur bæjarstjóra, sem bæjarráð samþykkti á fundi í gær, gera ráð fyrir að framkvæmdir fyrir samtals 411 milljónir króna



GUNNAR I. BIRGISSON
Bæjarstjóri í Kópavogi.

verði skornar niður á árinu. Ráðgerðar voru framkvæmdir í bænum fyrir 3,5 milljarða króna og nema niðurskurðarhugmyndirnar því um 12 prósentum af þeim.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri segir að dregið verði úr framkvæmdum við knattúss og við það sparist 100 milljónir, hægt

verði á gatnagerð í nýjum hverfum upp á aðrar 100 milljónir, framkvæmdum við vatnsveituna upp á

80 milljónir verði slegið á frest og hætt við viðhaldsverkefni hjá bænum upp á 40 milljónir. Þá verði dregið úr mörgum minni verkum.

„Við gerum þetta með þeim fyrirvara að ríkið og önnur sveitarfélög geri eins því það verða allir að leggja á þessa ár að draga úr þenslunni, minnka verðbólguna og tryggja stöðugleikann.“

Senn hefst vinna við fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2007 og segir Gunnar að í henni verði ástand efnahagsmála haft að leiðarljósi.

-bjs

2.029 á atvinnuleysissskrá:

1,3 prósent eru atvinnulaus

ATVINNA Atvinnuleysi mældist 1,3 prósent í júnimánuði samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

Í júní voru 44.720 atvinnuleysisdagar skráðir á landinu öllu sem jafngildir því að 2.029 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Áætlaður mannaflí á vinnumarkaði á landinu samkvæmt áætlun Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins í júní var 158.250.

Í ár voru 1.213 færri atvinnulausir miðað við í júní í fyrra sem jafngildir um 37 prósentu fækkun.

-sdg

Frjósöm bandarísk hjón:

Fjórburar á eftir þríburum

BANDARÍKIN, AP Bandarískri móður varð ekki um sel þegar hún eignaðist fílhrausta fjórburar í síðustu viku. Hún eignaðist nefnilega þríburar fyrir þremur árum, og átti tvær unglingsstúlkur fyrir.

Fyrri börnin urðu til með aðstoð frjósemislyfja, en engin lyf komu við sögu við getnað fjórburanna.

„Ég veit eiginlega ekki hvort ég er sorgmædd eða glöð,“ sagði hin fertuga Angela Magdalen, sem enn var í uppnámi. Þó manni hennar hafi langað til að eiga mörg börn, taldi hún nóg komið eftir fæðingu þríburanna og var seinni þungunin slys.

Fjölskyldan býr í tveggja herbergja íbúð í Los Angeles.

-smk

Miklir eldar í Kaliforníu:

Þúsundir berjast við bálið

ERLENT Reykjarmökkur liggur nú yfir Yuccadalnum í Kaliforníu, þar sem skógareldar geysa, um 160 kílómetra austur af Los Angeles. Fjöldi íbúðarhúsa hefur brunnid og hundruðum manna hefur verið skipað að yfirgefa híbýli sín.

Yfir þrjú þúsund slökkviliðsmenn lögðu sig í hættu þegar þeir börðust við eldinn við erfiðar aðstæður. Mikill vindur var og hiti og að auki var svæðið afar erfitt yfirferðar. Þetta munu vera einhverjir mestu kjarreldar í Kaliforníu til þessa.

-kóp



Á VETTvangi Sjónarvottar segja slökkvilið hafa borið mjög fljótt að garði.

Tveir sluppu þegar bát hvolfði:

Höfðust við á kili seglbátsins

SJÓSLYS Litlum seglbát hvolfði úti fyrir Geldinganesi með tvo menn innanborðs í gærkvöldi. Annar var strákur um 12 ára aldur og hinn fullorðinn maður. Þeir sluppu báðir ómeiddir.

Að sögn lögreglu er seglbáturinn 13 til 14 feta langur og tók hann á sig vind og hvolfði skömmu eftir að mennirnir lögðu af stað út. Slökkviliðið mætti á staðinn með bát sem notaður var til að sækja mennina. Þeir voru báðir í björgunarvestum og höfðust við á kili bátsins þar til hjálpar barst.

Sjónarvottar segja lögreglu og slökkvilið hafa borið að garði ótrúlega fljótt eftir að kallað var á hjálpar. Björgunarsveitin Ársæll sá um að færa bátinn að landi.

-sh

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



Með bílinn handa þér

NJÓTTU ATHYGLINNAR! NÝR SANTA FE



HYUNDAI HEFUR GÆÐIN!

Hyundai var í 3. sæti, næst á eftir Porsche og Lexus, í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power & Associates. Í niðurstöðum könnunarinnar segir m.a. að þessi glæsilegi árangur sýni, að Hyundai sé orðinn fremsti framleiðandi bifreiða í almennum flokki (non-luxury class).

„Þetta eru afar ánægjulegar fréttir, sérstaklega með hliðsjón af því að þessar niðurstöður staðfesta fyrri árangur Hyundai í IQS gæðakönnuninni. Það hefur jafnframt verið áhugavert að fylgjast undanfarin ár með góðu gengi Hyundai í alþjóðlegum gæðakönnunum sem þessum. Ef eitthvað skiptir okkur hjá B&L máli, þá eru það gæði jafnt vörunnar okkar, sem þjónustu.“

IQS gæðaönnunin er tvíþætt, þar sem hún snýr annars vegar að framleiðslugæðum og hins vegar að gæðum hönnunarinnar. Þarna er því ekki aðeins verið að mæla áreiðanleika bíla, heldur einnig hversu ánægðir eigendur þeirra eru með búnað þeirra, þægindastig o.fl.

www.jdpower.com

 **HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



VEISTU SVARID?

1 Hvað heitir norsk sjávarútvegsráðherrann sem Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur gagnrýnt?

2 Hvar á Austurlandi hafa fundist leifar risastórs forns klausturs?

3 Í hvaða sæti er íslenska knattspyrnu-landsliðið á nýjum styrkleikalista FIFA?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Persónuupplýsingar og órólegt fas kom lögreglunni á sporið:

Stressið kom upp um Litháann

DÓMSMÁL Kreditkortafærslur, staðsetning simtækja og úthringi-upplýsingar auk augnskanna í líkamsræktarstöðinni World Class komu lögreglunni á spor Litháans, sem búsettur er hér á landi, og er ásamt öðrum ákærður fyrir stórfellt fíkniefnabrot. Það var í kjölfar þess að landi hans var tekinn með tvær flöskur af fljótandi amfetamíni í febrúar.

Mennirnir eru ákærðir fyrir innflutning á amfetamínabasa, fíkniefninu í fljótandi formi, sem hægt er að breyta í 1,8 kíló af amfetamínsúlfati, eða í fast form til söludreifingar. Þeir eru taldir hafa átt vitorðsmann í Litháen.



Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Litháinn sem tekinn var í Leifsstöð 4. febrúar hefur verið í gæsluvarðhaldi síðan. Mál hans var tekið fyrir í héraði í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maðurinn sem handtekinn var í Leifsstöð var stöðvaður þar sem hann þótti órólegur og stressaður. Hvítvínsflöskurnar sem hann bar

í handtösku voru því skoðaðar nánar. Þrátt fyrir að flöskurnar væru hver frá sínu landinu var frágangurinn á töppunum sá sami, stúturinn steiptur aftur með vaxi.

Við rannsókn lögreglu kom í ljós að hann hafði einnig komið til landsins í desember. Þá hafði sá sem ákærður er með honum borgað fyrir hann flugfarið heim í gegnum netið. Það kom lögreglunni á sporið sem og símanúmer sem einnig var skráð við sölu. Lögreglan lagði fram gögn sem sýndu staðsetningar símans til að reyna að sanna að eigandi kortsins ætti einnig óskráða símanúmerið. - gag

Héraðsdómur Suðurlands:

Stal bíl og setti á nýtt númer

DÓMSMÁL Þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir bílastuld og skjalafals en ákæra á hendur honum var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa í lok janúar stolið bifreið af bílastæði bílasölu í Reykjavík, eftir að hafa stolið lykli að bílnum af lyklakippu þegar hann fékk að reynsluaka honum daginn áður.

Honum er svo gefið að sök að hafa sama dag stolið bílnúmeri af jeppa sem stóð á bílastæði bílasölu á Selfossi og fest númerið á stolna bílinn. Hann ók svo stolna bílnum í eina viku áður en hann var handtekinn. - sh

Blákaldur sannleikurinn um karlmenn...



Hann er ekki nógu skotin í þér er ögrandi, skemmtileg og frelsandi bók sem hjálpar fallegum, fyndnum og klárum konum að skilja kjarnann frá hisminu og er mjög upplýsandi um þankagang karlmannna sem satt best að segja er ekki svo flókin.

„Þessi bók ætti að vera á náttborði hverrar konu.“

Oprah Winfrey

Kilja á góðu verði

Eda edda.is



RÁÐHERRA Á VETTvangi Sigríður Anna Þórðardóttir, þáverandi umhverfisráðherra, var að skoða ummerki eftir utanvegaakstur þegar hún tók þessa ökupóra tali.

Ökumenn sem voru gripnir við náttúruspjöll:

Níu ákærðir fyrir utanvegaakstur

DÓMSMÁL Níu karlmenn á aldrinum 15 til 41 árs hafa verið ákærðir fyrir utanvegaakstur á Suðurlandi í byrjun júní. Ákærurnar voru þingfestar í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Lögreglan á Selfossi hafði hendur í hári mannanna níu í eftirlitsferð sem farin var með þyrlu Landhelgisgæslunnar 3. júní síðastliðinn. Mennirnir voru í fjórum hópum, tveir á bílum og hinir sjö á vélhjólum. Einn vélhjólamaðmann var fimmtán ára og ökuréttindalaus og tveir aðrir höfðu ekki réttindi til að aka vélhjólum. Þá voru fimm vélhjólanna númerslaus og eitt þeirra ótryggt.

Lögreglan á Selfossi hefur gert samkomulag við Landhelgisgæsluna um að lögreglumenn fái af og til að fara í eftirlitsferðir með þyrlunum og á að nota æfingflug þyrlanna í slíkar ferðir.

Ekki hefur verið farið í aðra slíka ferð síðan 3. júní en að sögn lögreglu er vonast til að hægt verði að fara eina eða tvær ferðir áður en sumri lýkur.

Lögreglan telur aðferðir sem þessar hafa mikil áhrif, dregið hafi verulega úr utanvegaakstri á svæðinu eftir 3. júní, þrátt fyrir að ástandið sé nú hægt og bitandi að færast aftur í fyrra horf. - sh



NORRÆNA Seinkun varð á komu ferjunnar.

Seinkaði vegna óhapps:

Norræna rakst á bryggju

FERDALÖG Færeysku farþegaferjunni Norrænu, sem koma átti til Seyðisfjarðar í gærmorgun, seinkaði vegna skemmda sem skipið varð fyrir í Þórshöfn á miðviku-dagskvöldið.

Óhappið vildi þannig til að ferjan rakst á bryggjuna í Þórshöfn með þeim afleiðingum að 25 cm gat kom á bakborða ferjunnar. Viðgerð á skipinu tók sex tíma en skipið var væntanlegt til Seyðisfjarðar klukkan átta í gærkvöldi, um tíu tímum á eftir áætlun.

Yfir 1100 farþegar voru í ferðinni og 370 farartæki en það er nýtt met hjá Norrænu. - sh

PALESTÍNA

Millifærsla stöðvuð Peningar sem félagið Ísland-Palestína hefur safnað fyrir Öryrkjabandalag Palestínu komst ekki leiðar sinnar í vikunni. Að sögn Sveins Rúnars Haukssonar, formanns félagsins, var fjárframlagið stöðvað í New York, því reikningi þar, sem notaður hefur verið fyrir millifærslur yfir á bankareikning bandalagsins í Palestínu, hefur verið lokað vegna þrýstings frá Ísraelsstjórn.

SÝNDU TILÞRIF!
SÝNDU HÆFILEIKA!
SÝNDU METNAÐ!

Til þess verður þú
að hafa í höndunum
frábærar vélar:
OLYMPUS & NIKON.

FANGAÐU AUGNABLIKIÐ

... með **OLYMPUS®**

OLYMPUS®

YOUR VISION, OUR FUTURE



OLYMPUS mju700

Mju-700 All Weather
7,1 milljón pixlar
3 x optical aðdráttur (35-105 mm)
5 x stafrænn aðdráttur
Val á milli 23 programstillingar
2,5" LCD skjár
Tekur upp myndskleid (video) með hljóði
Innbyggð 19,1MB minni
Notar XD minniskort
Þyngd 103 g
Verð kr. 26.900



OLYMPUS FE-140

6,0 milljón pixlar
3 x aðdráttarlinsa (38-114mm)
Ljósop f/3.1-5.9
Val á milli 20 programstillinga
Tekur upp myndskleid (video) án hljóðs
Innbyggð 22 MB minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Þyngd 130 g án rafhlöðu
Notar AA rafhlöður
Verð kr. 19.900



OLYMPUS SP-320

7,1 milljón pixlar
3 x optical aðdráttarlinsa (38-114mm)
2,5" LCD skjár
Tekur upp myndskleid (video) með hljóði
25 MB innbyggð minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Notar AA rafhlöður
og CR3 lithium rafhlöðu
Þyngd 195 g án rafhlöðu
Verð kr. 26.900



OLYMPUS SP-700

6,0 milljón pixlar
3 x optical aðdráttur (38-114mm)
10 x stafrænn aðdráttur
Val á milli 24 programstillinga
Innbyggð flass - val á milli 3 stillinga
3" LCD skjár
Hreyfimyndataka með hljóði
Innbyggð 11 mb minni
XD minniskort
Camedia Master forrit
Þyngd 140 g
Verð kr. 29.900

OLYMPUS
3ja ára ábyrgð
ORMSSON
★★★★★



OLYMPUS SP-500

6,0 milljón pixlar
10 x optical aðdráttur (38-380mm)
5 x stafrænn aðdráttur
2,5" LCD skjár
Val á milli 21 program-stillinga og 3 manual-stillinga
Quicktime videoupptaka með hljóði
Innbyggð 10 MB minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Notar AA rafhlöður
Þyngd 285 g
Verð kr. 29.900



OLYMPUS mju720SW

Einstök hönnun
Stál hús - þolir fall úr allt að 1.5 metra hæð
Pólr þrýstingur sem jafnast á við 3 metra dýpi
BrightCapture Technology sem auðveldar skoðun mynda
og að taka myndir án flass í litilli birtu
7,1 milljón pixlar
2,5" LCD skjár
3 x optikal aðdráttur (38-114mm)
24 tókustillingar
Verð kr. 36.900

Frábær myndavél!

Tilvalin í útivistina!

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

Nikon
– fyrir kröfuharða



NIKON Coolpix P3

8,1 milljón pixlar
VR linsa, alvöru hristivörn
3,5 x aðdráttur í linsu (36-126mm)
16 tókustillingar
2,5" LCD skjár
Video upptaka með hljóði
23 MB innbyggð minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 170 g án rafhlöðu
Notar Lithium rafhlöðu
Verð kr. 49.900



NIKON D-70S

6,1 milljón pixlar
SLR
3008 x 2000 upplausn
Útskipanleg linsa
Innbyggð flass
Program og manual stillingar
Linsa: DX 18-70mm
Þyngd 600 g án linsu
Verð kr. 134.900



BESTA
STAFRÆNA
SMÁVÉLIN
2005



NIKON Coolpix P1

8,0 milljón pixlar
Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
3 x aðdráttarlinsa (36-126mm)
4 x stafrænn aðdráttur
Ljósop f/ 2.7-5.2
Val á milli 19 program stillinga
Innbyggð flass með In Camera red-eye fix
2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
Quicktime videotaka
Innbyggð 32 mb minni
Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
Hleðslutæki
Þyngd 170 g
Verð kr. 34.900



NIKON Coolpix L4

4,0 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu (38-116mm)
15 tókustillingar
2,5" LCD skjár
Video upptaka án hljóðs
10 MB innbyggð minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 115 g án rafhlöðu
Notar AA rafhlöðu
Verð kr. 18.900



GOTT ÚRVAL
AF LINSUM
OG AUKAHLUTUM
Í NIKON D-SLR



NIKON Coolpix L2

6,0 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu (38-116mm)
15 tókustillingar
2,5" LCD skjár
Video upptaka með hljóði
23 MB innbyggð minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 120 grömm án rafhlöðu
Notar AA rafhlöðu
Verð kr. 29.900



NIKON Coolpix S5

6,0 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu (35-105mm)
2,5" LCD skjár
Video upptaka með hljóði
21 MB innbyggð minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 165 grömm án rafhlöðu
Notar lithium rafhlöðu
Verð kr. 46.900



OLYMPUS® og **Nikon** eru án efa tveir af virtustu myndavélaframleiðendum heims.



Eyrarvegi 32, Selfossi, s: 480 1160



Staður: Suðurlandsbraut 52, Reykjavík, s: 588 3700



Flötum 29, Vestmannaeyjum, s: 481 3333



Stíllholti 16-18, Akranesi, s: 431 3333



Garðsbraut 9, Hösavík, s: 464 1234



Allabakka 14, Reykjavík, s: 557 4070

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

RADIONAUST, AKUREYRI
SÍMI 461 5000

HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

WWW.ORMSSON.IS



GLÍMUÆFING Í MONGÓLÍU Þessa dagana minnst Mongólíumenn áttahundruð ára afmælis stofnunar mongólska keisara-dæmisins. Ein þjóðarþróttá Mongólíu-manna er glíman og eru kapparnir á myndinni að undirbúa sig fyrir keppni.

NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirhuguð ganga samkynhneigðra í Jerúsalem í uppnámi:

Sameinast í harðri andstöðu

JERÚSALEM, AP Í næsta mánuði stóð til að samkynhneigðir í Ísrael myndu efna til alþjóðlegrar göngu í Jerúsalem. Gangan átti að verða raunverulegt sameiningarafl hinna andstæðu trúarhópa í þessari stríðshrjáðu borg.

Reyndar má segja að því takmarki hafi nú þegar verið náð, þótt með öðrum hætti sé en til var ætlast. Helstu trúarhópar borgarinnar hafa sameinast í harðri andstöðu gegn göngunni. Leiðtogar kristinna manna fordæma hana, róttækir gyðingar hafa boðið fé til höfuðs þátttakendum og múslimskir klerkar hafa hótad því að fylla göturnar af mótmælendum.

„Hinir illu eru að koma til Jerúsalem borgar til þess að vanhelga æru hennar og niðurlægja dýrð hennar með athöfnum sem lögmálsbókin fyrirlífur og sem öll trúarbrögð fyrirlíta,“ segir í bréfi sem Shlomo Amar, annar tveggja æðstu rabbína Ísraels, sendi til Benedikts páfa, þar sem hann hvatti páfa til þess að senda frá sér „sterka, tilfinningaríka og ótvíræða yfirlýsingu gegn þessu hræðilega fyrirbæri.“

- gb

FRÁ „HINSEGIN“ GÖNGU Í JERÚSALEM Hundruð manna tóku þátt í göngunni árið 2004, en búist er við 20 þúsund gestum í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Hollenska tollgæslan:

Slöngu smyglað með flugpósti

HOLLAND, AP Hollensku tollgæslunni brá heldur betur í brún þegar hún fann lifandi asískan höggorm í pakka fyrir í þessum mánuði.

Pakkinn var sendur í venjulegum bögglaþósti með flugi frá Hong Kong til safnara í Hollandi. Höggorminum, sem er afar eittraður, hafði verið pakkað í litla plasttúbu með loftgötum. Tollverðir héldu fyrst að snákurinn væri úr gúmmi en böggullinn var merktur var „leikföng“. Þegar slangan hreyfði sig, varð þeim ekki um sel.

Höggorminum hefur verið komið fyrir í „slönguathvarfi“ og geta viðtakandi og sendandi nú átt von á kæru fyrir illa meðferð á dýri. - smk

Uppsagnarfresturinn erfiður:

Reknir starfsmenn veikjast

DANMÖRK Sífellt fleiri atvinnurekendur upplifa nú að starfsmenn sem sagt er upp tilkynna sig veika út uppsagnarfrestinn. Í stað þess að mæta í vinnuna, fara þeir til læknis og fá veikinda-vottorð. Þetta kemur fram á fréttavef danska ríkisútvarpsins.

Dansk Handel & Service lét gera rannsóknina, og í henni kemur fram að þessi þróun fer vaxandi.

Þó algengt sé að fólk upplifi sálræn vandamál eftir að vera rekið, er ekki eðlilegt að þau vari alla þá sex mánuði sem uppsagnarfresturinn í Danmörku er, að sögn Charlotte Vester, lögmans Dansk Handel & Service.

Hún telur það vera allt of auðvelt fyrir fólk að verða sér úti um læknisvottorð.

- smk

Hrefnuveiðar Norðmanna minni en áætlaðar voru:

Veiða aðeins helming hrefnukvótans

HVALVEIÐAR Norðmenn munu líklega veiða eingöngu um helming hrefnukvótans í ár, kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Norska ríkisstjórnin heimilaði veiðar á 1052 hrefnum í ár, en eingöngu um 450 hvalir hafa verið veiddir nú. Talsmenn hvalveiðimanna segja það ólíklegt að fleiri en 500 hvalir veiðist fyrir ágústlok, en veiðitímabilið stendur yfir frá apríl fram í ágúst.

Segja þeir slæmt veður í byrjun veiðitímabilsins hafa komið í veg fyrir góða veiði, auk þess sem



HREFNUVEIÐAR Norðmenn hafa veitt lítið af hrefnu í ár.

lítið hefur verið um loðnu undanfarið við Noregsstrendur, sem þýðir að hrefnan flytur sig annað í ætisleit.

Náttúruverndarsinnar segja hins vegar að stofninn sé í hættu og það sé ástæðan fyrir lélegri veiði. Jafnframt segja þeir atvinnugreinina í hættu, því Norðmenn eru hættir að borða hrefnu og því eru allar búðir fullar af óseldu hrefnukjöti, að sögn Sue Fisher, talskonu WDCS, samtaka um verndun hvala og höfrunga.

Norska ríkisstjórnin jók kvótann í ár úr 797 dýrum í 1052. - smk



TRUFLUÐU FUND ÞINGNEFNDAR Lögreglumenn spjalla við tvær konur sem mættu á fund dómsmálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings á þriðjudag og drógu þar mótmælaspjöld upp úr þússi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríska þingið á leik

Örlög fanga bandaríska hersins á Kúbu eru komin til kasta Bandaríkjaþings. Bandaríkjastjórn hefur tekið nýja stefnu og veitt þeim stöðu stríðsfanga.

BANDARÍKIN Bandaríska þingið á næsta skrefið í því að ákveða örlög fanganna í fangelsi bandaríska hersins í Guantanamo á Kúbu.

Bandaríkjastjórn fór í vikunni fram á það að þingið samþykkti lög, sem gæfu möguleika á því að mál fanganna kæmu til kasta bandarískra dómara. Málið er þó umdeilt á þinginu og óvíst hver niðurstaðan verður.

Sumir repúblíkanar eru samála demókrötum um að betra sé að fela venjulegum herdomstólum að dæma í málum fanganna. Áður höfðu verið skipaðar sérstakar dómnefndir á vegum hersins til þess að fjalla um hvert mál þangad til nú nýverið þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna komst að þeirri niðurstöðu að það fyrirkomulag stangaðist bæði á við bandarísk lög og Genfarsáttmálana.

Bandaríkjastjórn hefur túlkað dóm Hæstaréttar þannig, að hann nái ekki eingöngu til réttarhaldanna yfir fangunum heldur til meðferðar þeirra í fangelsinu líka. Þannig staðfesti talsmaður Bandaríkjastjórnar það á þriðjudag að fangarnir á Kúbu fengju öll réttindi sem Genfarsáttmálarnir

veita.

Þetta er veruleg stefnubreyting af hálfu Bandaríkjastjórnar, vegna þess að hún hefur staðið á því fastara en fótunum að fangarnir á Kúbu geti ekki talist hermenn í formlegum skilningi þess orðs, og eigi því ekki að neinu leyti að njóta réttarstöðu hermanna.

Gordon England, sem er einn af aðstoðarvarnarmálaráðherrum Bandaríkjanna, sendi einnig í vikunni frá sér minnisblað þar sem hann tekur af allan vafa um það að bandaríska hernum beri að umgangast fangana eins og stríðsfanga, sem þýðir að óheimilt er að beita þá hvers konar auðmýkjandi meðferð.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fagnaði í gær þessari ákvörðun Bandaríkjastjórnar að veita fangunum á Kúbu réttarstöðu stríðsfanga samkvæmt Genfarsáttmálunum.

George W. Bush Bandaríkjaforseti er nú staddur í Þýskalandi, þar sem hann er í heimsókn hjá Angelu Merkel kanslara. Hún hefur hvatt Bush til þess að loka fangabúðunum við Guantanamo sem fyrst.

- gb

STAÐAN Á VINNINGUM Í SUMARLEIK COCA-COLA

GLAÐNINGARNIR Í TAPPALEIK COCA-COLA HAFNA ROKIÐ ÚT. STAÐAN ER ÞESSÍ:

4.000 BOLTAR ERU EFTIR (AF 23.000)

HLAUPAHJÓLIN ERU VÆNTANLEG

Enn seinkun í flutningi. Væntanleg til afhendingar 26. júlí

ENN NÓG EFTIR

Coca-Cola

Upplifum stemninguna

SPILAÐU MEÐ

ÖKUTÆKIÐ ÞITT Í SUMAR

20X+ 6.900 kr.

SAFNAÐU ÞEIM ÖLLUM

5X

40X

Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

Alt á sínum stað

– mikið úrval af verkfærahirslum af öllum stærðum og gerðum á hagstæðu verði



Vinnustöð
Model 119 **Kr. 149.000,-**



Verkfærahirsla
Model 89 **Kr. 65.900,-**



Verkfærahirsla
Model 90 **Kr. 76.800,-**



Verkfærakista
Model 2048 **Kr. 27.850,-**



Stór
Verkfærakista
75x49x49 cm **Kr. 6.950,-**



Verkfærakista
Caddy 26" **Kr. 3.985,-**



Verkfærataska
24" **Kr. 1.990,-**



Verkfærakista
Mastercart **Kr. 2.990,-**



Verkfærataska
Omega 16" **Kr. 495,-**

Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.
Gerið samanburð á verði og gæðum

Opið mán. - fös. 8-18
laugardaga 9-17




MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Höfum opnað verslun á Húsavík

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



GLUGGAPVOTTAMENN Í ÍRAN Þeir hengu í reipum sínum þessir spræku gluggapvottamenn í miðborg Teherans þegar ljósmyndara bar að garði á dögunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Fangelsismálastjóri vonast til þess að framkvæmdir við nýtt fangelsi hefjist innan tíðar:

Mikilvægt að ekki standi á fjárveitingum

FANGELSISMÁL Undanfarin ár hafa Fangelsismálastofnun og dómsmálaráðuneytið unnið að framkvæmdaáætlun fyrir nýtt fangelsi sem fyrirhugað er að muni rísa á Hólmsheiði skammt frá Geithálsi árið 2010.

Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri segir áætlaðan kostnað við fangelsið 1,4 milljarða. Valtýr vonar að þegar leyfi fáið verði strax hægt að hefja byggingaframkvæmdir en að þá eigi ekki eftir að hanna og teikna bygginguna.

„Bygging nýs fangelsis er orðið afar aðkallandi verkefni sem hefur verið í bígerð í áratugi



VALTÝR SIGURÐSSON Fangelsismálastjóri segir að breytingarnar á Litla-Hrauni muni kosta 500 milljónir króna.

og því mikilvægt að ekki standi á fjárveitingum,“ segir Valtýr.

Hann segir að árið 1978 hafi

verið byggður grunnur að fangelsi sem aldrei var nýttur. „Fyrir einu ári voru gerðar verklýsing-

ar fyrir fangelsisbyggingu sem síðan voru ekki talðar henta. Út frá þessu má sjá að nokkur peningur hefur farið í vinnu sem ekki hefur nýst.“

Í nýja fangelsinu, sem mun leysa hegningarhúsið við Skólavörðustíg og kvennafangelsið í Kópavogi af hólmi verður hægt að vista 64 fanga.

Valtýr segir að nú sé einnig unnið að því að stækka fangelsið að Kvíabryggju og að breytingar standi yfir á fangelsinu á Akureyri. Þá segir Valtýr að unnið sé að teikningum á breytingum á Litla-Hrauni sem munu kosta um 500 milljónir.

- hs

Líkamsrækt aldraðra:

Heimilisstörfin lengja lífið

BANDARÍKIN, AP Ný bandarísk rannsókn sýnir að venjuleg heimilisstörf og létt garðyrkja lengir líf fólks til muna, og engin þörf er á erfiðri líkamsrækt til að ná þeim árangri.

Þar kom fram að eldra fólk sem vaskar upp, ryksugar, sinnir garðinum og gengur upp stiga lifir að meðaltali mun lengur en hinir sem hreyfa sig sem allra minnst. Á þeim sex árum sem rannsóknin stóð yfir létust 12 prósent hinna fyrrnefndu en fjórðungur hinna síðarnefndu.

- smk

DANMÖRK

Skattasvindl auðvelt Það er mun auðveldara að svindla undan skatti í Danmörku í ár en önnur ár, að sögn skattstjóra Danmerkur. Varar skattstjóri við því að ástandið muni ekki batna á næstunni.

Þúsund manns tóku þátt í breskri rannsókn á farsímanotkun:

Konur lesa ekki leiðbeiningarbæklinga

BRETLAND Þrjár af hverjum fjórum konum kunna ekki á farsímann sinn, samkvæmt rannsókn



FARSÍMI Fæstar konur kunna á farsímana sína, samkvæmt nýrri breskri rannsókn.

NORDICPHOTOS/AFP

breska fyrirtækisins Comet, sem fjallað er um á fréttasíðu skoska blaðsins Evening Times.

Rannsóknin náði til eitt þúsund manna og kvenna, og í henni kom fram að 75 prósent kvennanna sem þátt tóku sögðust bara geta framkvæmt einföldustu aðgerðirnar á farsímum sínum, svo sem að hringja og að senda SMS-skilaboð.

Sjö af hverjum tíu konum biðja aðra um að hlaða tónlist inn á MP3-spilarana, og fæstar skilja stafrænar myndavélar.

Ástæðan er sú að menn lesa leiðbeiningarbæklinginn sem kemur með tækjunum, á meðan konur gera það ekki, að því er fram kemur í frétt Evening Times.

- smk



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Segir blasa við að öldruðum sé að fjölga og meira fé þurfi inn í málaflokkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heimahjúkr-un verði efl

Heilbrigðisráðherra kynnti áherslur sínar í öldrunarmálum í gær. Hún segir brýnast að efla þjónustu við aldraða í heimahúsum og verkaskipting öldrunarþjónustu sveitarfélaga og ríkis þurfi að vera skýrari.

HEILBRIGÐISMÁL „Brýnasta verkefnið er að störefla þjónustu við aldraða í heimahúsum. Það þarf að efla heimahjúkrunina og svo þyrftu sveitarfélögin líka að efla félagslega heimaþjónustu,“ segir Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem kynnti í gær áherslur sínar í öldrunarmálum, sem eru í fimm flokkum, með bæklingnum Ný sýn – nýjar áherslur. „Þetta eru mín áhersluatriði í málaflokknum sem ég mun berjast fyrir að ná fram. Bæði með því að ná fjármagni í það sem ég tel mikilvægast og einnig að setjast að vinnu sem á að tryggja að þjónusta við aldraða eflist.“

Fyrsta áherslan snýr að stjórnskipulagi öldunarþjónustu. „Sveitarfélögin hafa skyldum að gegna og ég tel að það vanti skýrari reglur hvað í þeirri þjónustu á að felast. Einnig þarf að fara yfir verka-skiptingu eins og varðandi þjónustu við aldraða sem eru heima. Þar er ríkið með heima-hjúkrunina en sveitarfélagið með félagslega þjónustu eins og þríf. Það er ekki eðlilegt að hafa þessa nátengdu þjónustu á hendi tveggja mismunandi aðila.“

Önnur áherslan lýtur að þjónustu við aldraða í heimahúsum sem verður eflð þannig að unnt sé að veita hana um kvöld, helgar og nætur þegar þess gerist þörf. Á stærstu þéttbýlisstöðum landsins verði komið á fót skipulegri vaktþjónustu allan sólarhringinn. Stefnt er að því að koma á fót öldrunarlækningum og sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu við aldraða við

tiltekin sjúkrahús eða heilbrigðisstofnanir í öllum landshlutum. Geðdeild fyrir aldrað fólk með geðsjúkdóma verður komið á fót á öldrunarsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Þriðja áherslan snýr að stofnanajþjónustu fyrir aldraða. Forgangur þeirra að hjúkrunarrýmum sem eru í mestri þörf verði betur tryggður og stuðlað að auknu hlutfalli fagmenntaðs starfsfólks á öldunarstofnunum.

Fjórða áherslan fjallar um fjölgun hjúkrunarrýma og endurbætur á öldunarstofnunum. Ráðist verður í frekari endurbætur og breytingar á stofnanarýmum með það markmið að fjölga einbýlum og bæta aðstæður.

Fimmta áherslan er bætt upplýsingagjöf um málefni aldraðra og öldunarþjónustu en komið verði á fót gagnagrunni með heildarupplýsingum um þjónustu við aldraða um allt land. Einnig verði stofnuð upplýsinga- og ráðgjafaþjónusta fyrir aldraða og aðstandendur þeirra.

Engar bótatillögur felast í þessari stefnumótun sem snýr einungis að þjónustubættinum að sögn Sivjar. „Ásmundarnefndin svonefnda hefur verið í mikilli vinnu varðandi bótakerfi aldraðra. Ég hef fylgst með því starfi í gegnum fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins sem sitja í nefndinni og þar fer fram gífurlega þarft starf. Forsætisráðherra mun fá tillögur nefndarinnar þegar þær liggja fyrir og ríkisstjórnin tekur ákvarðanir í kjölfarið.“

sdg@frettabladid.is

4 400 400 / mest.is



– allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

Þegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluráðgjafa okkar fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.



– allt til bygginga

Rannsókn á rístruflunum:

35 prósent með risvandamál

HEILBRIGÐISMÁL Um 35 prósent karlmanna á aldrinum 45-75 ára hafa ristruflun á einhverju stigi, samkvæmt rannsókn Guðmundar Geirssonar, Gests Guðmundssonar, Guðmundar Vikars Einarssonar og Óttars Guðmundssonar. Hlutfall risvandamála hérlandis er sambærilegt við önnur lönd.

I yngsta aldurshópnum eiga 21,6 prósent karlmannna við einhvers konar rístruflun að stríða en hlutfallið er 62,3 prósent meðal karlmannna í elsta hópnum. Daglegar reykingar og sykursýki auka mest líkur á rístruflunum en aðrir áhættuþættir eru hátt kólesteról, kvíði og þunglyndi.

-hs

Nýjar rannsóknir á ofskynjunarsveppum vekja furðu:

Heillavænleg langtímaáhrif

NEW YORK, AP Niðurstöður rannsóknar sem vísindamenn við John Hopkins-háskólann í Baltimore gerðu á áhrifum ofskynjunarsveppa á menn hafa komið þeim í opna skjöldu.

Fólkid innbyrti *psilocybin*, sem er virka ofskynjunaræfnið í sveppunum, og lýsti síðan reynslu sinni. Margir þátttakenda lýstu djúpstæðri dulrænni reynslu sem væri ein sú merkilegasta sem þeir hefðu á ævinni kynnst. Sumir líktu henni við að missa foreldri eða að eignast barn. Þriðjungur þátttakenda varð óttasleginn og segja vísindamennirnir það til marks um hversu hættulegt sé að fíka við ofskynjunarlyf, en tilraunin var meðal annars gerð

til að leita ráða við kvíðaköstum og þunglyndi og til að kanna valkosti í afefitrun fíkla.

Það kom ekki á óvart að þátttakendur lýstu dulrænum áhrifum, því *psilocybin* hefur verið notað af ýmsum þjóðflokkum við trúarar-
hæfnir í aldanna rás. Það sem vakti
furnu var að flestir þátttakenda
lýstu heillavænlegum langtíma-
áhrifum lýfsins; tveimur mánuðum
eftir tilraunina sögðust þeir vera
göðhjátræði, ástírkari, bjartsynni
og þolinmóðari. Áttatíu prósent þátt-
takenda söguðu að lífsánægja þeirra
væri „nokkuð“ eða „talsvert“ meiri
en fyrir tilraunina.

Þetta er ein af örfáum vísindaleg-



BERSERKJASVEPPUR Þessi sveppur flokkast til eittraðra sveppa og er því afar varhugaverður til átu. NORDICPHOTOS/AFP

NORDICPHOTOS/AFP

um tilraunum sem hafa verið gerðar með *psilocybin* síðan á sjöunda áratugnum, en þá minnkaði áhugi vís-

indastofnana á lyfinu í kjölfar slæmrar umræðu vegna misnotkunar ungmenna á því. - kóp

- kóp



GUÐMUNDUR INGI GUNNLAUGSSON Alls
sóttu 23 um starf bæjarstjóra.

Grundarfjörður:

Guðmundur nýr bæjarstjóri

SVEITARSTJÓRNARMÁL Guðmundur Ingi Gunnlaugsson hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Grundarfirði. Hann tekur við embættinu 1. september af Björgu Ágústs dóttur, fráfarandi bæjarstjóra, en alls sóttu 23 um starfið.

Guðmundur hefur starfað sem sveitarstjóri undanfarin sextán ár. Fyrst í tólf ár hjá Rangárvalla-
hreppi en síðastliðin fjögur ár í
nýju sameinuðu sveitarfélagi,
Rangárþingi ytra. - Ólafur

- öh

Matvælaráðherrar hittast:

Bætt heilsa á Norðurlöndum

HEILSA Áætlun þar sem áhersla er lögð á betra mataræði og hreyfingu verður hrint í framkvæmd til að stuðla að bætttri heilsu og lífs-gæðum Norðurlandabúa.

Þetta var ákveðið á sumarfundi matvælaráðherra Norðurland-anna sem fór fram í Noregi í síðustu viku.

Í framkvæmdaáætluninni verða upplýsingar um matarvenjur og líkamsrækt á Norðurlöndunum og hve mörg prósent íbúanna eru of þung samanborið við aðrar þjóðir.

- sdg

Utanríkisráðherra:

Stuðningur við bágstadda

STJÓRNMÁL Utanríkisráðherra
hefur ákveðið að veita 7,5 milljón-
um króna til stuðnings við hjálpar-
starf Matvælaáætlunar Sameinuðu
þjóðanna til aðstoðar íbúum á Austur-
Tímor.

Þá hefur ráðherra ákveðið að veita 6,3 milljónum króna til stuðnings við hjálparstarf Rauða hálfmánans á herteknu svæðunum og sjálfstjórnarsvæðum Palestínu.

- bps

VINNUMARKAÐUR

Matvís orðið félag Fjögur félög, félag matreiðslumanna, bakara, framreiðslumanna og kjötiðnaðarmanna með nimum, hafa verið sameinuð í eitt félag, Matvís, og hefur Matvís þar með verið breytt úr landssambandi í félag.



Sama verò



VERTU FÆR Í ALLAN SJÓ Á BÁT FRÁ OKKUR

www.rs.is

Láttu drauminn rætast!

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekkju, vatnabát, sjóbát eða gúmmibát? Komdu og virtu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum hjá okkur að Ánanaustum.



radiomidun



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 580 5300

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:

kr. 15.990

**35%
afsláttur**

Miele Tango ryksugur, fást nú
hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI

Flötum 29, Vestmannaeyjum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

LJÓSGJAFINN

Glerárgötu 34, Akureyri

EIRVÍK

– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík

Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni
glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Fangi á Litla-Hrauni ákærður fyrir fíkniefnabrot:

Fangi tekinn með fíkniefni í sokk

DÓMSMÁL Rúmlega fertugur fangi á Litla-Hrauni hefur verið ákærður fyrir fíkniefnabrot. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Fanganum er gefið að sök að hafa í mars haft í vörslu sinni á Litla-Hrauni tæp 100 grömm af hassi og tæp 15 grömm af amfetamíni. Efnin fundust í svörtum sokk sem hafði legið á hillu í klefa mannsins.

Þegar fangaverðir hugðust gera leit í klefanum stakk maðurinn sokknum í vasa sinn í von um



LITLA-HRAUN Fanganum er gefið að sök að hafa falið hass og amfetamín í sokk sem lá á hillu í klefa hans.

að hann myndist ekki. Það gekk ekki eftir og hefur maðurinn nú verið ákærður.

- sh

Greitt fyrir starfsþjálfun

Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í nefnd um starfsnám segir stærsta atriðið sem fram kemur í skýrslu nefndarinnar lúta að aðkomu atvinnulífsins að mótun starfsnáms og greiðslum fyrir starfsþjálfun.

MENNTAMÁL Emil B. Karlsson, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í nefnd menntamálaráðuneytisins um eflingu starfsnáms, segir einn merkilegasta þáttinn í skýrslunni fjalla um aðkomu atvinnulífsins að mótun starfsnáms. Hann telur of lítið hafa farið fyrir þessum þætti í umfjöllun um málið síðustu daga.

Emil er verkefnisstjóri hjá Samtökum verslunar og þjónustu og sat fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins í nefndinni. „Mestur krafturinn fór í umræður um að koma upp kerfi sem stuðlaði að því að hvetja atvinnulífið til að stjórna þessu starfsnámi og móta það. Ég held að okkur hafi tekist í þessari nefnd að búa til slíkt kerfi en umfjöllunin í fjölmiðlum hefur meira miðast að skólakerfinu,“ segir Emil.

Hann segir núverandi námskrár fyrir starfsnám svo þunglamalegar að það taki jafnvel nokkur ár að fá þær samþykktar því þær hafi reglugerðarigildi. „Þegar þær koma út þá eru þarfir atvinnulífsins kannski orðnar allt öðruvísi. Í tillögunum er gert ráð fyrir því að fulltrúar frá atvinnulífinu verði alltaf með puttana á því að móta námskrár eftir þörfum atvinnulífsins.“

Þetta segir Emil verða gert í gegnum svokölluð starfsgreinaráð. „Þessi starfsgreinaráð eru til núna en það var ákveðið að endurskipu-



KEPPT Í LOGSUÐU Emil B. Karlsson hjá SA telur of lítið hafa farið fyrir umfjöllun um aðkomu atvinnulífsins að mótun starfsnáms.

leggja þau. Þeim verði fækkað, þau fái fastara form, þjónustu frá menntayfirvöldum og aukin fjárframlög.“

Önnur nýjung sem Emil bendir á að komi fram í tillögunum er það að greitt verði fyrir vinnustaðanám og -þjálfun. „Núna er það þannig að vinnustaðir sem taka nemendur í þjálfun greiða sjálfir kostnað af því. Við leggjum til að vinnustaðahjálfunin muni fara fram samkvæmt ákveðnum gæðaviðmiðum og að þá verði líka greitt fyrir hana,“ segir Emil.

stigur@frettabladid.is

Kengúrur voru hættulegri fyrir 10 til 20 milljónum ára:

Menjar um vígtennta kjötætukengúru

ÁSTRALÍA Steingervingafræðingar í Norður-Ástralíu hafa fundið menjar um nokkrar áður óþekktar dýrategundir, þar með talið kengúru sem var kjötæta. Skepnan var uppi fyrir um 10 til 20 milljón árum, að sögn vísindamanna. Þetta kom fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.



KENGÚRA Kengúrur nú til dags eru grasætur og líta ekki við kjöti. NORDICPHOTOS/AFP

Einnig fundu vísindamennirnir, sem eru frá háskólanum í New South Wales, ummerki um þriggja metra háan fugl sem líklega var kjötæta og hafa þeir gefið honum gælunafnið „skapadóms-djöflaöndin“.

Steingervingaleitin á sér stað í norð-vesturhluta Queensland, og hafa steinrunnar leifar fundist af um tuttugu óþekktum tegundum, og eru margar þeirra afar sérkennilegar, að sögn Mikes Archer prófessors.

„Hér voru kengúrur sem voru kjötætur, með langar vígtennur, og stökkkengúrur með langa framfætur sem ekki gátu hoppað,“ sagði Archer.

Fræðingarnir ætla sér nú að skoða steingervingana nánar í von um að komast að fleiru um þessar sérkennilegu skepnur og hvaða áhrif loftslagsbreytingar höfðu á þróun þeirra.

- smk

stærke tilbud

skarpe priser

lágt
verð!

25%

afsláttur við kassa

Verð nú 1159 kr/kg

Norðlenska gr sakótleittur kryddaðar

frábært
verð!

30%

afsláttur við kassa

Verð nú 499 kr/kg

Norðlenska grillsagaður
lambafrápartur

NORÐLENSKA

NORÐLENSKA

verðlækkun!

25%

afsláttur við kassa

Verð nú 861 kr/kg

Norðlenska grisælærissneiðar
kryddaðar

NORÐLENSKA

góður á
grillið!

30%

afsláttur við kassa

Verð nú 489 kr/kg

Ísfugl heill ferskur kjúklingur



nýveiddur
humar!

flottur á
grillið!

559

kr/pk

Nýveiddur humar 500gr.

fr bær
tílbreyting!

25%

afsláttur við kassa

Kryddlegið hrefnukjöt

pú sparar
800 kr/kg

40%

afsláttur við kassa

Verð nú 1199 kr/kg

BK Lambafrápartssneiðar
úr kryddaðar

Nýtt
hollara
morgunkorn!



ótrúlegt
verð!

99

kr/pk

X-tra hvítlauksbrauð 2 í pakka.



199

kr/pk

Kjörís íspinnar grænir, gulir,
sprengi og súper.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 14. júlí til 16. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

30%
afsláttur

1329 kr. kg
~~1899~~
Krónu lambagrillsneiðar

299 kr. kg
~~598~~
Goða súpukjöt

1119 kr. kg
~~1588~~
Krónu lambaframpart sneiðar

30%
afsláttur

Krónan virk samkeppni

Krónusamlökur
129 kr/stk

Kryddsmjör
95 kr/pk

Konfektepli
149 kr/pk

Fersk Jarðaber box
149 kr/pk

Tagliatelle
Tortelloni
Lasagne
Cappaletti

25%
afsláttur
Rana pasta 4 teg.

Tívolí Lurkur
5 stk í pakka
265 kr/pk

Pepsi Max
Gold 2 Ltr
89 kr/stk



Virk
Sam-
keppni

SKEIFAN	BÍLDSHÖFÐI	HRINGBRAUT	BREIÐHOLT	NORÐURBRÚN	HVALEYRARBRAUT	MOSFELLSBÆR	SELFÖSS	VESTMANNAEYJAR	ÞORLÁKSHÖFN
virkir dagar laugardagar sunnudagar	11-19 11-19 12-18	virkir dagar laugardagar sunnudagar	11-19 11-19 lokað	virkir dagar laugardagar sunnudagar	11-21 11-21 12-21	Allir dagar	12-23	virkir dagar föstudagar laugardagar sunnudagar	11-19 11-20 11-19 lokað
11-19 11-19 12-18	11-19 11-19 12-18	11-19 11-19 lokað	11-19 11-19 lokað	11-21 11-21 12-21	11-21 11-21 12-21			11-19 11-19 lokað	11-19 11-19 lokað

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

899

kr.
kg
~~1349~~

Goða lambasteik



30%
afsláttur



699

kr.
stk
~~998~~

Goða frosnir
hamborgarar
10 stk.

749

kr.
kg
~~942~~

SS Pylsupartý
Pylsur Remúlaði Sinnep
Tómatsósa



Bounty
eldhúsrúllur

389

kr/pk



30%
afsláttur



Goða kæfur

130

kr/stk

Krónubrauð
Stórt & gróft

99

kr/pk



Moulinex Juice
Master
safapressa

5490

kr/stk



HOLLT
&
GOTT

Garðsett
í tösku

450

kr/stk



Sport sandalar

389

kr/stk



Grilláhöld
í úrvali



Alltaf frábær tilboð alla daga

„ORÐRÉTT“

Biðst afsökunar

„Ég vil nota tækifærið og biðja öll börn sem urðu vitni að þessu afsökunar, svona á ekki að hegða sér.“

KNATTSPYRNUMAÐURINN ZINE-DINE ZIDANE BAÐST AFSÖKUNAR Á AÐ HAFA STANGAÐ MARCO MATER-AZZI Í ÚRSLITALEIK HEIMSMEISTARAMÓTSINS Í KNATTSPYRNU. FRÉTTABLAÐIÐ, 13. JÚLÍ.

Mótmæla framferði

„Við mótmælum framferði Ísraelshers sem bitnar á hinum almenna íbúa, körlum, konum og ekki síst börnunum sem reyna alltént að vera úti við leik.“

SVEINN RÚNAR HAUSSON ER FORMAÐUR FÉLAGSINS ÍSLAND-PALESTÍNA, SEM HÉLT MÓTMÆLA-FUND Á AUSTURVELLI Í GÆR. FRÉTTABLAÐIÐ, 13. JÚLÍ.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

LITHÁÍSKA MAFÍAN Á ÍSLANDI

Peirra vandi eða okkar?

„Þetta er bara einn angir þess að fólk í fátækari löndum reynir að bjarga sér með því að selja okkur sem ríkari erum eitt og annað,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu, um aukinn innflutning Litháa á fíkniefnum til landsins. „Þannig hefur verið talað um að fátækir bændur í Suður-Ameríku rækti kókaín og menn í Afganistan heróín. Þetta fólk er auðvitað bara að reyna að bjarga sér með þessum hætti og þá er spurningin, er það þess vandi eða er það okkar vandi að við erum svona æst í að kaupa þetta af þeim?“

Þetta er bara einn liður í því að fólk sem hefur ekki sömu tekjur og tækifæri og við það bjargar sér með þessum hætti. Við köllum þetta mafiur og hvaðeina, en þetta er það sem er að ske.“

Þórarinn segir að merkja megi aukna amfetamínneyslu landsmanna á



ÞÓRARINN TYRFINGSSON YFIRLÆKNIR

hverju ári. „Tölulegar upplýsingar segja okkur að það hafi verið stanslaus aukning á afmetamínneyslu í landinu frá árinu 1996. Hópur fólks sem neytir amfetamíns stækkar með hverju ári.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? MARGRÉT ÞÓRARINSDÓTTIR EIGANDI ÍSBÚÐAR VESTURBÆJAR

Alltaf fínt að gera hjá okkur

„Ég er nú búin að vera svolítið í fríi, en er einmitt þessa stundina að hjúkra tengdamömmu minni sem fótbrotnaði um daginn,“ segir Margrét Þórarinsdóttir, eigandi hinnar víðfrægu Ísbúðar Vesturbæjar við Hagamel. „Það er verið að breyta íbúðinni hjá tengdarforeldrum mínum, færa til húsgögn og svoleiðis, svo að tengdó komist klakklaust um íbúðina.“

Margrét var í fríi á Ítalíu í viku og ber vistinni þar vel. „Maður tímir varla að segja frá því hvert við fórum á Ítalíu. Það er svo lítið af ferðamönnum þar að maður nær alveg að slaka á, vera í sólbaði og liggja í leti, sem er einmitt það sem ég og maðurinn minn gerðum þar,“ segir Margrét og hlær. „Eina sem ég gef upp er að staðurinn er við Adríahafið, nálægt Feneyjum, meira segi ég ekki.“

Margrét og maðurinn hennar voru farin frá Ítalíu þegar landslið Ítala vann heimsmeistaratítilinn í fótbolta eins og frægt er orðið, en segir spennuna sem ríkti þar í landi vegna keppninnar ekki hafa farið fram hjá þeim hjónum.

Margrét hefði viljað stoppa lengur á Ítalíu. „Þegar maður

er í eigin rekstri þá fer maður ekki lengur í burtu í einu, því að þó maður standi ekki vaktina verður maður alltaf að vera á bakvakt og til taks,“ segir Margrét.

Næstu daga ætlar Margrét að dvelja í Reykjavík og hafa það huggulegt og vinna, eins og hún orðar það. Aðspurð hvort sólarleysið í sumar hafi haft neikvæð áhrif á rekstur Ísbúðarinnar, segir hún svo ekki vera því Ísbúðin eigi stóran og dyggan viðskiptavínahóp. „Við erum bara svo heppinn að það er alltaf fínt að gera hjá okkur, jafnt og þetta yfir allt árið. Kúnnarnir okkar vilja koma til okkar aftur og aftur. En svo auðvitað þegar koma góðir sólardagar verður náttúrulega allt brjálað að gera“, segir Margrét Ísbúðareigandi.



YEEN SELUR FALLEGAR AUSTURLENSKAR VÖRUR Að sögn Yeen kemur alls konar fólk í búðina til hennar. Hún viðurkennir að suma daga sé rólegt að gera en aðra daga blómstri viðskiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Allskonar viðskiptavinir

Í verslunarmiðstöðinni við Engihjalla í Kópavogi er að finna fjölbreytt úrval af austurlenskum vörum. Sumir kalla staðinn Thai city eða Thai town þótt hugmyndir hafi verið uppi um að festa í sessi víðtækara nafn eins og Asíumiðstöðin.

Þegar gengið er inn í verslunarmiðstöðina blasir við taílenskur veitingastaður sem ber nafnið Thailand take away. Þær Vannee og Rattanaporn Yoobanphot sem eiga og reka staðinn segja að það sé skemmtilegt að svo mikið af austurlenskum vörum séu í boði á sama stað. Þær jánka því þegar blaðakona spyr hvort staðurinn gangi vel. „Þetta tekur tíma en gengur vel,“ segir Vannee sem útskýrir að einungis mánuður sé síðan þær fluttu veitingastaðinn í Engihjallann, áður var staðurinn annars staðar í Kópavogi.

Viðskiptavinirnir eru Asíubúar og Íslendingar í bland enda segir Vannee að innfæddir séu nú loksins að taka við sér og læra að meta taílenska matinn sem er að þeirra sögn mjög góður. „Ég elda að vísu ekki alveg hundrað prósent taílenskan mat heldur steiki meira, nota egg og hef ekki mjög sterkt,“ segir Vannee og þær hlæja dátt. Þær eru líka með hamborgara á matseðlinum til að höfða meira til íslenska markhópsins.



MON Í THAI HEIMILI Í versluninni er til sölu allskonar taílensk matvara ásamt ýmsu fyrir heimilið.



EKKI HUNDRAD PRÓSENT TAÍLENSKUR MATUR Þær Vannee og Rattanaporn Yoobanphot eiga og reka taílenskan veitingastað í Engihjalla en þær krydda matinn ekki alveg eins og Taíldendingar myndu gera svo Íslendingarnir geti borðað hann líka.

Á neðri hæðinni eru tvær verslanir opnar. Narumon Yimyam, sem kölluð er Mon, afgreiðir í matvöruverslun sem sérhæfir sig í taílensku hráefni. Þar er einnig selt ýmislegt til heimilisins eins og nafn verslunarinnar gefur til kynna, Thai heimili. „Það er bara rólegt hjá okkur í dag,“ segir Mon. Flestir koma í búðina til að kaupa inn sósir og fleira sem notað er í mat, ásamt drykkjum, og leyfir Mon gestunum að smakka orku-drykkinn Spousa sem ekki fæst í venjulegum matvöruverslunum. Einnig er grænmeti oft til sölu sem erfitt er að fá annars staðar á Íslandi. Mon er ekki viss hvað er vinsælasta varan í versluninni hennar en segir mjög marga koma til dæmis til að kaupa chili.

Í næstu verslun við tekur Rattanawadee Roopkhom, eða Yeen, á móti blaðakonu. Yeen rekur bjarta og fallega verslun þar sem er flutt falleg austurlensk tónlist og gervi-

blóm, skart og önnur smávara er til sölu. Suma daga viðurkennir hún að sé rólegt en aðra daga blómstra viðskiptin. „Hingað kemur fólk frá Asíu, eins og Filippseyjum og Víetnam. Svo líka Íslendingar í bland og bara allir saman,“ segir Yeen brosandi.

Yeen byrjaði að selja silfurvörur í Kolaportinu en stækkaði við sig og verslunina þegar hún flutti í Engihjallann fyrir sex mánuðum. Hún er einnig ánægð með þetta fyrirkomulag að hafa margar aust-

urlenskar verslanir á sama stað og segir að von sé á fjölbreyttari þjónustu í svipuðum dúr. „Bráðum kemur vonandi önnur búð hérna við hliðina á mér þar sem verður kannski líka tónlistarskóli. Svo opnar líka bráðum taílenskur pöbb hérna niðri með lifandi tónlist. Það er verið að vinna í honum núna,“ segir Yeen.

annat@frettabladid.is

VERÐHRUN

VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
899-1599	500
1699-2499	1.000
2999-3499	1.500
3999-5499	2.000
5999+	3.000

DOROTHY PERKINS

Smáralind | S.522 8380

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EÐA Á VISIR.IS





4.664 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. OKTÓBER*

SUMARTILBOÐ


STÖÐ 2 BÍÐ FYLGIR FRÍTT MEÐ!

* MIÐAÐ VIÐ EINGREIÐSLU



515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE

Svona erum við
> Rannsóknarúrskurðir héraðsdómstóla



Heimild: www.domstolar.is

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÁTÖKIN Í TSJETSJENÍU

Engin lausn í sjónmáli

Tilkynnt var um það í síðustu viku að helsti foringi tsjetsjenskra uppreisnarmanna hefði verið ráðinn af dögum. Talið er að foringinn fallni skilji eftir sig stórt skarð í röðum uppreisnarmanna og að erfitt verði að fylla í það. Engu að síður telja flestir að uppreisnin í Tsjetsjeníu haldi áfram af fullum krafti á næstu árum.

Hvernig hófust átökin í Tsjetsjeníu?

Tsjetsjenía lýsti yfir sjálfstæði frá Rússlandi í nóvember 1991, en yfirvöld í Rússlandi viðurkenndu það ekki. Premur árum síðar sendi Boris Jeltsín rússneska herinn á vettvang til að endurheimta vald ráðamanna í Moskvu yfir héraðinu. Með því hófst fyrsta eiginlega tsjetsjenska stríðið, en því lauk tveimur árum síðar, 1996, með niðurlægjandi fráhvarfi Rússa. Þeir viðurkenndu síðan ríkisstjórn Tsjetsjenska lýðveldisins árið 1997, en ekki sjálfstæði þess.

Rússneskir hermenn sneru aftur í október 1999, til að ráðast til atlögu við tsjetsjenska skæruliða sem höfðu verið með uppreisnartilburði í nágrennalýðveldinu Dagestan.

Hvað ætla Rússar sér í Tsjetsjeníu?

Pútín forseti segir að Rússar muni sætta sig við löglega kosinn forseta sem hafi öll völd landsins í hendi og geti þannig tryggt að skæruliðar láti af iðju sinni. Slíkur maður er ekki í auguþyn, því í héraðinu ríkir stjórnsleisið eitt; jafnvel andhryðjuverkasveit forsætisráðherrans er áskoðuð



um hryðjuverk og öryggisgæsla fyrrum forseta landsins var kölluð „einkaher“.

Hverjar eru friðarhorfur í héraðinu?

Litlar líkur eru á formlegum friðarviðræðum á næstunni. Helsti talsmaður Tsjetsjena var myrtur af Rússum árið 2005 og Tsjet-

sjenar hafa ekki sameinast á bak við núverandi forystu, sem deilir innbyrðis um völd. Eins er ólíklegt að Rússum takist að brjóta niður uppreisn skæruliða með valdi, því fjallandi Kák-asusfjalla er kjörið fyrir skæruhernað. Allar líkur eru því á áframhaldandi ófremdarástandi.

SPURT & SVARÐ

ETANÓL

Ódrekkandi

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um mál tveggja manna sem sakaðir eru um að hafa flutt inn amfetamín í fljóttandi formi. Jakob Kristinsson er dósent í eiturefnafræði og lyfjafræðingur á Rannsóknastofu í lyfjafræði.



JAKOB KRISTINSSON

Hvað er etanól?

Etanól er efni sem myndast við gerjun á sykri og er stundum kallað vínandi eða alkóhól. Það er í öllu áfengi og því er enginn vandi að kaupa tiltölulega hreint etanól í áfengisverslunum. Vodki er hreinasta etanólið sem hægt er að fá því það er næstum bara blandað með vatni, en hægt er að fá etanól með meiri styrk sem er búið að menga til að gera það óhæft til neyslu.

Hvar annars staðar finnst etanól?

Etanól er stundum framleitt með því að láta sykur gerjast og eftir eimingu fæst það sem kallað er landi. Einnig er víða hægt að finna það í litlu magni til dæmis í margvíslegum matvælum. Síðan er það í ýmiss konar þynni fyrir málningu.

Hvaða efni eru skyld etanóli?

Etanól tilheyrir flokki efna sem kölluð eru alkóhól. Efnið sem er náskyldast etanóli er metanól eða tréspíritus. Einnig er það skylt ísóprópanóli sem er í rúðupissinu, própanóli og bútanóli.



SKILRÍKI KÖNNUÐ Í PÉTURSBORG
Öryggisgæsla verður mikil þegar leiðtogar átta af ríkustu ríkjum heims koma saman í Pétursborg um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Valdamestu ríki heims ræða kjarnorkuáform N-Kóreu og Írans

Leiðtogar átta helstu iðnríkja heims koma saman í Pétursborg í Rússlandi um helgina til þess að ræða heimsmálin. Umdeilt þykir hvaða ríki fá að vera með í klúbbnum.

Hugmyndin er sú að Átta-ríkja hópurinn, sem jafnan er nefndur G8, endurspegli valdahlutföllin í efna-

hagslífi heimsins. Þarna eiga auðugustu lýðræðisríkin að eiga fulltrúa sína til þess að taka mikilvægar ákvarðanir, sem snerta efnahagsmál í heiminum.

Átta-ríkja hópurinn var reyndar í upphafi fimm ríkja hópur. Það var árið 1975 þegar fulltrúar Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Þýskalands og Japans komu saman og nefndust þá „Hópur helstu iðnvæddu lýðræðisríkjanna“. Ítalía bættist í hópinn strax árið eftir, Kanada fékk inngöngu árið 1977 og loks gengu Rússar í félagsskapinn árið 1998.

Ekki þykir reyndar alveg ljóst af hverju nákvæmlega þessi átta ríki eru í hópnum, en ekki til dæmis Kína, Indland eða Spánn.

Hverjir fá inngöngu?

Kínverjar eru til dæmis komnir í fjórða sæti þeirra ríkja sem framleiða mest af söluvörum, en þó er Kína ekki með í Átta-ríkja hópnum. Spánn er heldur ekki með, þótt þjóðarframleiðsla Spánverja sé meiri en bæði Kanadamanna og Rússa.

Indland er ekki heldur í hópnum þó að það teljist tvímælalaust vera fjölmennasta lýðræðisríki heims. Efnahagslífið þar vex einnig hröðum skrefum og hagkerfið á Indlandi er orðið stærra en hagkerfið í Rússlandi, og sömu sögu er að segja um Brasilíu, Suður-Kóreu og Mexíkó – öll þessi ríki eru

kominn upp fyrir Rússland á lista Alþjóðabankans yfir stærstu hagkerfi heims.

Gagnrýnendur segja fundina vera leifar frá kaldastríðstímanum. Átta-ríkja hópurinn, eins og hann er skipaður í dag, sé hálfgerð klíka og nauðsynlegt sé að fjölga í hópnum til þess að hann standi undir nafni sem hópur auðugustu lýðræðisríkja heimsins.

Stjórnvöld þeirra ríkja, sem aðild eiga að hópnum, hafa þó ekki sýnt mikinn áhuga á því að ræða inngöngu nýrra ríkja. Slíkar breytingar eru ekki á dagskrá þetta árið og verða það varla næsta ár heldur.

STÆRSTU HAGKERFI HEIMS

Verg þjóðarframleiðsla árið 2005 samkvæmt Alþjóðabankanum. Innan sviga eru ríki sem ekki eru í Átta-ríkja hópnum. Tölurnar eru í milljónum króna.

- Bandaríkin 930.000
- Japan 335.000
- Þýskaland 208.000
- Kína 167.000
- Bretland 164.000
- Frakkland 158.000
- Ítalía 129.000
- Spánn 84.000
- Kanada 83.000
- Brasilía 59.500
- Suður-Kórea 59.000
- Indland 58.800
- Mexíkó 57.600
- Rússland 44.700
- Ástralía 52.000

Kína fær að hlusta

Hu Jintao, forseta Kína, er engu að síður í ár boðið til fundarins í Pétursborg sem áheyrnarfulltrúa. Venjan hefur verið sú að nokkrum gestum hefur hverju sinni verið boðið til þessara funda, þótt formlega fái þeir ekki að taka þátt í neinum ákvörðunum. Rússum var til dæmis í nokkur ár boðið til fundarins áður en þeir fengu formlega aðild að hópnum.

Á árlegum fundi ríkjanna hafa það jafnan verið efnahagsmálin, sem fyr-

Þetta árið er búist við því að stór hluti tímans fari í að ræða hvernig bregðast eigi við flugskeytatilraunum Norður-Kóreumanna og meintum kjarnorkuvopnaáformum Írana.

Pólitísk barátta

Bandaríkin leggja mikla áherslu á að þessi mál verði bæði rædd ítarlega á fundinum. George W. Bush Bandaríkjaforseti á töluvert í húfi, enda horfir hann upp á þann möguleika að þegar hann lætur af störfum eftir tvö og hálft ár verði bandarískt herlið enn önnur kafið í Írak og Afganistan. Samskiptin við Rússa hafa versnað og lítið þokast í harðvítugum deilum Ísraela og Palestínumanna.

Rússnesk stjórnvöld gera sér aftur á móti töluverðar vonir um að fundurinn, sem nú er í fyrsta sinn haldinn þar í landi, verði til þess að bæta ímynd Rússlands út á við. Með því einu að staðsetja hann í Pétursborg, fyrrverandi höfuðborg rússneska keisaraveldisins, þykir fást ákveðin viðurkenning á því að Rússar séu komnir aftur inn á miðju heimsmálanna sem einn af aðalleikendunum.

Stjórnarandstæðingar í Rússlandi eru síðan staðráðnir í að nýta sér tækifærið og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þeir hvetja erlendu leiðtogana, sem koma á fund með Pútín, til þess að þrýsta á hann um að láta af því sem þeir kalla kerfisbundna pólitíska kúgun.



FRÉTTASKÝRING
.....
GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Sigríður Arnardóttir

Trúir á örlögin



Birta er komin út!

Súpermann
Leikhús
Tíska
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA TÍMART LANDSINS

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupiknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölris Elvarssonar og Rósu Svövdóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.453 -1,60% Fjöldi viðskipta: 277 Velta: 4.491 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Landsbanki
Bakkavör
Mosaic

5,47%
5,42%
3,87%

MESTA LÆKKUN

↓ Xx
Xx
Xx

x,xx%
x,xx%
x,xx%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 63,60 +0,95% ... Alfesca 4,24 +1,68% ... Atlantic Petroleum 578,00 +1,05% ... Atorka 6,20 +0,32% ... Avion 33,50 +1,52% ... Bakkavör 48,60 +5,42% ... Dagsbrún 5,63 +0,54% ... FL Group 17,10 +0,59% ... Glitnir 16,90 +1,20% ... KB banki 733,00 +0,41% ... Landsbankinn 21,20 +5,47% ... Marel 71,50 +0,70% ... Mosaic Fashions 16,10 +3,87% ... Straumur-Burðarás 16,60 +1,22% ... Össur 111,00 +2,78%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Kvittur á kreiki

Ekki er við því að búast að formlegt yfirtökutilboð Baugs í House of Fraser berist á næstu dögum en bresku fjölmiðlarnir Daily Mail og The Herald komu þeim kvitti á kreik í gær. Samkvæmt heimildum eru forsvarsmenn Baugs enn á kafi í bókum félagsins og er líklegast að þeir verði það í nokkrar vikur til viðbótar áður en formlegt yfirtökutilboð mun berast. Sem kunnugt er lagði Baugur í júní fram yfirtökutilboð í House of Fraser sem hljóðaði upp á 148 pens, með þeim fyrirvara að áreiðanleikakönnun gengi snrúðlaust fyrir sig. Markaðurinn brást við orðrómnum og hækkuðu bréf í félaginu um þrjú prósent á miðvikudag en gáfu svo lítilega eftir í gær.

Ljósglæta í myrkri markaðar

Hlutabréf hækkuðu talsvert í gær eftir dauflega daga að undanförmu. Markaðurinn virðist hafa glaðst yfir lægri verðbólgu en spád hafði verið. Það er auðvitað sýnd veiði en ekki gefin en átti sinn þátt í að gleðja dðpur hjörtu verðbrefamiðlaranna. Hitt sem hefur áhrif er auðvitað að búist er við ágættri afkomu margra fyrirtækja. Verðkennitölur benda einnig til þess að íslenski markaðurinn sé alls ekki dýr í alþjóðlegum samanburði og samkvæmt KB banka greða einungis hinir sparsömu Norðmenn minna fyrir hlutabréf ef miðað er við hlutfall virðis fyrirtæki á markaði og þess hagnaðar sem búist er við að þau skili.



Atvinnuleysi óbreytt

1,3 prósent atvinnuleysi mældist á Íslandi í júní samkvæmt mánaðarskýrslu Vinnuálastofnunar. Um tvö þúsund manns voru að meðaltali á atvinnuleysisskrá í júní og er það svipað atvinnuleysi og verið hefur undanfarna þrjá mánuði.



VIÐ VINNU Minna atvinnuleysi mældist í júní en á sama tíma í fyrra. Lausum störfum hefur hins vegar fækkað talsvert milli ára.

Atvinnuleysishlutfallið er talsvert lægra en á sama tíma í fyrra þegar það mældist um tvö prósent. Hins vegar hefur lausum störfum fækkað talsvert milli ára. Í júnímánuði í fyrra voru 1700 laus störf hjá vinnumiðlunum en nú eru þau rúmlega fimm hundruð. Töluverður hluti þessara starfa hefur verið mannaður af erlendu vinnuafli. Fækkun starfa milli ára er mest á Austurlandi.

Í Morgunkornum greiningardeildar Glitnis kemur fram að búist sé við litlu atvinnuleysi út þetta ár. Hins vegar megi búast við auknu atvinnuleysi á næsta ári þegar um hægist í efnahagslífinu. Að öllum líkindum komi áhrif samdráttar í efnahagslífinu síðan að fullu fram í auknu atvinnuleysi árið 2008.

Greiningardeildin telur þó ólíklegt að atvinnuleysi verði verulegt vandamál hér á landi í náinni framtíð.

-jsk



NÝBYGGINGAR Útlit er fyrir metframboð á nýjum íbúðum á árinu. Sérfræðingar KB banka telja hættu á offramboði og spá sjö prósentu lækkun fasteignaverðs næstu tólf mánuði.

Spá sjö prósentu lækkun fasteigna

Sérfræðingar spá sjö prósentu raunlækkun fasteignaverðs. Metframboð af nýjum íbúðum og hærri fjármagnskostnaður valda lækkunum.

Sjö prósentu raunlækkun verður á fasteignaverði næsta árið samkvæmt skýrslu greiningardeildar KB banka sem birt var í gær. „Markaðsaðstæður hafa breyst mikið undanfarin misseri. Fjármagnskostnaður hefur hækkað og eftirspurnin virðist vera að dragast saman,“ segir Snorri Jakobsson sérfræðingur greiningardeildar KB banka.

Velta á fasteignamarkaði hefur dregist saman um þrjátíu prósent frá því í mars auk þess sem væntingavísitala Gallup bendir til þess að minni áhugi sé á fasteignakaupum en áður.

Raunverð fasteigna hefur staðið í stað undanfarna sex mánuði; fasteignaverð hefur hækkað um 4,3 prósent að nafnvirði en verðbólga um 4,4 prósent.

KB banki gerir ráð fyrir að um fjögur þúsund nýjar íbúðir komi á markað í ár en telur einungis rúmlega þrjú þúsund íbúða þörf.

Snorri Jakobsson segir fasteignaverð stöðugra í miðbæ Reykjavíkur en annars staðar „Þar sem framboðið eykst mest eru allar líkur á verðlækkun. Framboð af nýjum íbúðum verður mest í útjaðri höfuðborgarsvæðisins en

kemur ekki til með að aukast að ráði í miðbæ Reykjavíkur. Þess utan eru ákveðnir staðbundnir eiginleikar við miðsvæði sem fólk leitar eftir.“

Í skýrslu greiningardeildar segir að búast megi við tveggja til þriggja ára niðursveiflu en að því loknu rétti fasteignamarkaðurinn úr kútnum „Það má búast við því að framboð og eftirspurn nái smátt og smátt jafnvægi. Annars veltur þetta mjög á þáttum eins og vaxta- stigi og stöðu efnahagslífsins,“ sagði Snorri Jakobsson.

jsk@frettabladid.is



PEPSI Hagnaður gosdrykkjaframleiðandans Pepsi var yfir væntingum á öðrum ársfjórðungi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hagnaður umfram væntingar

Hagnaður bandaríska gosdrykkjaframleiðandans PepsiCo jókst um 14 prósent á öðrum fjórðungi ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Hagnaðurinn nam 1,36 milljörðum bandaríkjadala, jafnvirði 101 milljarðs íslenskra króna, eða 80 sentum á hlut sem er þremur sentum umfram væntingar.

Þá jukust tekjur Pepsi sömu-

leiðis um 12 prósent á fjórðungnum en þær námu 8,6 milljörðum dala, jafnvirði tæplega 642 milljarða íslenskra króna.

Að sögn fyrirtækisins átti aukin sala í orkudrykkjum og vatni stærstan þátt í auknum hagnaði fyrirtækisins. Sala á gosdrykkjum dróst hins vegar saman um 1 prósent á tímabilinu.

-jab

Innfluttar vörur hækka

Innfluttar vörur hafa hækkað í verði um 7,1 prósent frá áramótum en gengisvísitala krónunnar hefur hækkað um 27 prósent á sama tímabili. Því má búast við áframhaldandi verðhækkunum á innfluttum vörum segir í Morgunkornum greiningardeildar Glitnis.

Greiningardeildin telur þó ólíklegt að verð innflutts varnings

hækki hlutfallslega jafnmikið og gengi krónunnar hefur lækkað. Verðhækkanir muni engu að síður ýta enn undir verðbólgu í hagkerfinu.

Þá er því spáð að verðbólga verði áfram mikil á næstu mánuðum og verði nálægt núu prósentum í árslok. Hún taki síðan að hjaðna á næsta ári þegar dregur úr þenslu í efnahagslífinu.

-jsk



Húsagagna

Lagersala

Krókhálsi 10
sími: 557-9510
14 - 21 júlí
9-18 virka daga
10-16 laugadag

Komdu og gerðu góð kaup
Allt að 80% afsláttur
af útlitsgölluðum vörum

Rúm — Borð — Sófar — Skápar — Speglar — Púðar — Nuddstólar — og margt fleira...

Olíuverð í hámarki

Olíuverð fór í tæpa 76 Bandaríkjadali á helstu mörkuðum í gær og hefur verið aldrei verið hærra. Ástæðan fyrir hækkuninni er minni umframbirgðir af olíu í Bandaríkjunum, vaxandi spenna í Mið-Austurlöndum og sprengingar við tvær olíuleiðslur í Nígeríu í gær.

Olíuverðið hækkaði um 70 sent á mörkuðum í Bandaríkjunum og fór í 75,65 dali á tunnu en hafði til skamms tíma staðið í 75,89 dölum daginn áður. Norðursjávarolía hækkaði um dal og tveimur sentum betur á markaði í Lundúnum í Bretlandi og fór í 75,41 dal á tunnu.



OLÍUVINNSLUSTÖÐ
Olíuverð fór í sögulegt hámark á helstu mörkuðum í gær.

Að sögn fjármálasérfræðinga hefur vaxandi spenna, sem að marga mati er að fara úr böndunum, umtalsverð áhrif á markaðinn.

Sprengingarnar í Nígeríu urðu við tvær olíuleiðslur hjá ítölsku fyrirtæki sem er með starfsemi í suðurhluta landsins. Mikið magn af olíu fór til spillis úr annarri leiðslunni en ekki liggur fyrir hver ber ábyrgð á verknaðinum. Árásir skæruliða á olíuvinnslustöðvar á vegum erlendra aðila þar í landi hafa þegar orðið til þess að olíuframleiðsla í Nígeríu hefur dregist saman um 20 prósent það sem af er ári.

- job

Eurotunnel sekkur í skuldafeni

Rekstrarfélag Eurotunnel, ganganna sem liggja undir Ermarsundi frá Bretlandi til Frakklands, hefur farið fram á greiðslustöðvun.

Félagið hefur átt við gríðarlegan fjárhagsvanda að stríða allt frá því gangagerðinni lauk árið 1994 og hefur farið þess á leit við lánardrottna að þeir skipti 8,7 milljarða evru skuld Eurotunnel í tvo hluta. Skuldin svarar til rúmra 824 milljarða króna íslenskra króna. Lánardrottinnar hafa fram til þessa ekki stutt tillögu þessa efnis en þeir krefjast þess að rekstrarfélagið greiði hluta skuldanna í reiðufé en afganginn í hlutum í Eurotunnel.

Byggingarkostnaður ganganna undir Ermarsund nam 9,8 millj-

örðum evra, rúmum 900 milljörðum íslenskra króna. Umferð um göngin hefur ekki verið jafn mikil áætlanir gerðu ráð fyrir og hefur það komið niður á afkomu rekstrarfélagsins sem er í eigu 800.000 hluthafa.

Verði dómstólar í Frakklandi við beiðni rekstaraðila Eurotunnel þá fær fyrirtækið frest í hálf tál ár til að hagræða í rekstri og leita frekari samninga við lánardrottna.

Rekstrarfélag Eurotunnel hafði vonast til að ná samningum við lánardrottna og boðaði til hluthafafundar í lok júlí. Fundinum var hins vegar frestað eftir að ákveðið var að fara dómstólaleiðina.

- job



LEST Í EUROTUNNEL Rekstraraðilar ganganna undir Ermarsund hafa farið dómstóla-leiðina til að fá að frýsta skuldir félagsins.

FRÉTTABLAÐID/AFP



JEAN-CLAUDE TRICHET Evrópski seðlabankinn segir stýrivaxtahækkun geta verið í vændum.

Hærri vextir á evrusvæðinu

Evrópski seðlabankinn segir í mánaðarlegu fréttabréfi sínu, sem kom út í dag, að hann fylgist náið með verðbólguþróun á evrusvæðinu og segir mikla hækkun stýrivaxta í vændum til að halda aftur af verðbólgunni, sem mælist 2,5 prósent. Þetta er samhljóða því sem Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, sagði þegar hann greindi frá því í síðustu viku að vextir bankans yrðu óbreyttir í júlí.

Hagfræðingar eru margir á einu máli um að seðlabankinn tilkynni um hækkun stýrivaxta að loknum vaxtaákvörðunarfundi sínum í byrjun næsta mánaðar.

- job



RICK WAGONER, FORSTJÓRI GENERAL MOTORS Wagoner vísar því á bug að hann sé mótfallinn samstarfi GM við Nissan og Renault.

MYND/AFP

Forstjóri GM styður samstarf

Rick Wagoner, forstjóri bandaríska bílaframleiðandans General Motors (GM), vísaði því á bug í sjónvarpsviðtali í fyrradag að hann hefði verið mótfallinn samstarfi við franska bílaframleiðandann Renault og hinn japanska Nissan.

„Það er ekki rétt,“ sagði hann á sjónvarpsstöðinni CNBC og benti á að hann hefði komið til viðræðna við báða bílaframleiðendurna með opnum huga.

Þetta var í fyrsta sinn sem Wagoner tjáir sig um hugsanlegt samstarf bílaframleiðendanna síðan bandaríski auðkýfingurinn Kirk Kerkorian, sem er stór huthafi í GM, greindi frá því í bréfi til stjórnar fyrirtækisins að bílaframleiðendurnir hefðu áhuga á samstarfi. Komið hefur til tals að bílaframleiðendurnir kaupi 20 prósent hlut í GM í tengslum við samstarfið.

GM hefur átt í gríðarlegum fjárhagsörðugleikum síðustu misserin en fyrirtækið hefur sagt upp 35.00 manns og áætlað að loka nokkrum verksmiðjum á næstu tveimur árum.

Wagoner sagði ennfremur að hann nyti stuðnings meirihluta stjórnar GM og vísaði því á bug að hagræðing fyrirtækisins gengi hægt.

- job

LÁTTU
PENINGANA
VAXA

VERDTRYGGÐUR

BÚSTÓLPI

4,0%

raunvextir

Taflan sýnir mögulega nafnávöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu

Raunvextir	Verðbólga	Nafnvextir
4,0%	8,0%	12,3%
4,0%	9,0%	13,3%
4,0%	10,0%	14,4%
4,0%	11,0%	15,4%


Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 8,4%. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun.

Hver innborgun er bundin í 48 mánuði en eftir þann tíma er hún laus til úttektar í einn mánuð í senn á sex mánaða fresti.

Kynntu þér Bústólpa og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.

KB BANKI



landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: PÉTUR JÓNSSON BYGGINGAVERKTAKI

Mikil uppbygging á skömmum tíma

Pétur Jónsson smiður á Hvanneyri rekur umfangsmikið byggingafyrirtæki á staðnum, PJ Byggingar. Hann flutti á Hvanneyri árið 1973 og hefur verið sjálfstætt starfandi verk taki í þrjátíu ár. Við gatnamótin inn í byggðina var nýverið komið fyrir korti þar sem hann sýnir blaðamanni þróun byggðarinnar. „Þegar ég flutti hingað fór ég inn í hestagirðingu við hliðina á húsinu mínu. Svona hefur þetta byggst upp á skömmum tíma,“ segir Pétur. „Íbúum hérna hefur fjölgað mikið á tilförlulega skömmum tíma. Eftir að skólinn var gerður að háskóla snarjókst þetta,“ segir Pétur, sem byggir íbúðir í gríð og erg fyrir framtíðarnemendur skólans. „Síðustu fjögur árin hef ég byggt einn stóran nemendagáð á hverju ári og ætlunin að halda því áfram.“ Hann segir að miklar

breytingar hafi orðið þegar Hvalfjarðargöngin komu til því þá hafi fólk úr Reykjavík valið sér búsetu í Borgarfirðinum í auknum mæli.

Um þessar mundir sinnir Pétur breytingum á einu skólahúsi Landbúnaðarháskólans, byggir parhús og einbýlishús á Hvanneyri og blokk fyrir eldri borgara í Borgarnesi, svo fátt eitt sé talið. Hann hefur einnig verið mikið í sumarhúsabyggingu í Skorradal, Húsafelli og víða um Borgarfjörð. „Fjór-tán menn eru í vinnu hjá mér núna og nánast allir eru úr sveitinni. Þetta er fjölskyldufyrirtæki því konan mín sér um bókhaldið og svo vinnur sonur minn Kristján hjá mér. Ómar sem er líka sonur minn er svo byggingafræðingur og teiknar hús.“



STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Hvanneyri

Staðsetning: Í Borgarfirði

Íbúafjöldi: 234 með lögheimili á staðnum samkvæmt íbúaskrá 31. desember 2005

Vegalengd frá Borgarnesi: 17 kílómetrar

Vegalengd frá Reykjavík: 87 kílómetrar um Hvalfjarðargöng

Sveitarfélag: Borgarbyggð. Borgarfjarðarsveit sameinaðist Borgarbyggð, Hvítársíðuhreppi og Kolbeinsstaðahreppi undir nafninu Borgarbyggð 10. júní 2006.

Atvinna: Flestir starfa eða nema við Landbúnaðarháskóla Íslands en þar að auki er unnið við þjónustu og landbúnað.

Skólar: Leikskólinn Andabær, Grunnskólinn Andakílsskóli og Landbúnaðarháskóli Íslands

Rektor Landbúnaðarháskólans: Ágúst Sigurðsson

Hundrað og sautján ár eru síðan fyrsti nemandinn hóf nám við Búnaðarskóla fyrir Suðurlandi á Hvanneyri. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og í haust setjast á fjórða hundrað nemar á skólabeck í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Anna Tryggvadóttir komst að því að Hvanneyri er í örum vexti og ekki sér fyrir endann á uppbyggingunni.

Landbúnaðarháskóli Íslands er þungamiðja Hvanneyrar enda starfa mjög margir íbúanna við skólann auk þess sem rúmir þrjú hundruð nemar setja mark sitt á bæjarlífið á veturna. Bóðið er upp á fjölmargar námsleiðir á öllum stigum háskólanáms á Hvanneyri ásamt starfsmenntabrotum.



KAFFIPÁSA Í UNGLINGAVINUNNI Þau Vala, Lára, Krístrún, Katrín og Heiðar voru snögg að telja unglingana sem búa á Hvanneyri.

Bændaskólanum gamla var breytt í Landbúnaðarháskóla árið 1999 og í byrjun árs 2005 varð hann að Landbúnaðarháskóla Íslands, sem er með starfstöðvar víða um land.

Þúsund manna þorp árið 2010

Að sögn Ágústs Sigurðssonar, rektors Landbúnaðarháskólans, er metaðsókn að skólanum í ár og eins og sakir standi ræður skólinn ekki við fleiri nema. „Hér á Hvanneyri stefnir svo allt í að við verðum með þúsund manna þorp eftir nokkur ár. Við miðum við að vera með um fimm hundruð nemendur við skólann árið 2010, sem þýðir um þúsund manns. Hvanneyri er að breytast úr því að vera sveitabær í það að vera þorp.“

Í skólanum er ekki einungis kennd búfræði heldur ýmiss konar námsleiðir sem snúa að umhverfinu. „Nú er svo mikill áhugi á náttúru og umhverfismálum almennt sem spretta í raun og veru að miklu leyti upp úr landbúnaði og þekkingu á landbúnaði. Þess vegna hefur þessi menntun verið okkar svið,“ segir Ágúst. Í takti við það segir hann að stefnt sé að því að Hvanneyri verði fyrirmyndarþorp á sviði umhverfismála. „Mikið er í farvatninu eins og fegrun staðarins, skjólmyndun með mikilli skógrækt og einnig öllu sem viðkemur úrgangi, frárænni og inngrípum í vistkerfi. Við ætlum okkur svo sannarlega að gera



KIRKJUHLAÐIÐ Á HVANNEYRI Mörg af gömlu húsunum á kirkjuhláðinu eru hönnuð af Guðjóni Samúelssyni en þau hýsa mörg ýmiss konar starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hvanneyri að fyrirmyndarstað í öllum umhverfismálum.“

Hágæðahandverk í Ullarselinu

Þjónusta á Hvanneyri er í uppbyggingu og við kirkjuhláðið er að finna Kollubúð, krá og búvélasafnið. Einnig er þar sérvörusverslunin Ullarselið sem selur handverk hverjum þeim sem eiga leið um. „Vörurnar í versluninni eru aðallega framleiddar af handverkshópi héðan úr Borgarfirði sem kallar sig Ullarselið. Upphaf verslunarinnar má rekja til staðarins en ákveðnir einstaklingar tóku sig þá saman til að reyna að vinna meira með ullina,“ segir Ingibjörg Jónasdóttir, starfsmaður Ullarselsins. „Hér er einungis til sölu hágæðahandverk og fólk hiklaust gert afturreka ef það vill selja hjá okkur vörur sem eru ekki nógu vandaðar. Nokkrir í hópnum reyna að hafa þessa handverksölu að aðalstarfi svo það er nauðsynlegt að halda þessari mynd út á við að hér séu bara gæðavörur,“ bætir hún við.

Unglingarnir taldir

Við gatnamótin inn í bæinn sitja unglingar í kaffipásu frá unglingavinnunni. Þau segjast öll búa á Hvanneyri og vera í skólanum á Kleppjárnsreykjum, því grunnskólinn á Hvanneyri sinnir einungis kennslu fyrir börn í fyrsta til fimmta bekk. „Skólinn hérna er bara lítill en í Kleppjárnsreykja-skóla koma allir krakkarnir úr sveitinni,“ útskýra þau. Aðspurð um hversu margir krakkar á þeirra aldri séu á Hvanneyri taka þau sér nokkurn tíma í telja upp nöfnin á unglingunum og koma sér síðan

saman um að þeir séu á bilinu fimmtán til sautján.

Þau segja að á Hvanneyri geri unglingar bara venjulega hluti eins og alls staðar annars staðar, eins og vera í fótbolta og tölvunni. „Svo er auðvitað trampólínið,“ segja þau og hlæja, því á skólalóð Andakílsskóla hefur í mörg ár verið stærðarinnar útitrampólín sem notið hefur mikilla vinsælda meðal ungu kynslóðarinnar.

Gott samfélag á góðum stað

Hestamennska er mörgum Hvanneyringum hugleikin enda góð aðstaða til að halda hesta við þéttbýlið. Ingimar Sveinsson kenndi meðal annars hrossarækt við skólann og er nú hættur kennslu en sinnir nú hestunum sínum tólf ásamt námskeiðshaldi víða um lönd. „Það er talsvert mikil hestamennska sem er tengd staðnum hérna. Hér er góð aðstaða og ágætis reiðleiðir hér í kring,“ segir Ingimar.

Frá því að Ingimar flutti á Hvanneyri hefur margt breyst á staðnum. Hann segir að skólinn hafi stækkað mikið og nýbyggingar í kringum hann, en þar að auki flytji slæðingur af fólki á Hvanneyri, sem hefur vinnu, einungis til að búa þar. „Þetta er orðið gott samfélag á góðum stað, ekki langt frá þéttbýlinu en samt í sveit,“ segir hann spurður um ástæður þess að fólk vill búa á Hvanneyri. „Hér er stutt í þjónustu, bæði í Borgarnesi og ekki svo langt suður heldur, svo mörgum þykir eftirsóknarvert að setjast hér að. Einnig er dálítið af fullorðnu fólki sem flytur hingað eftir að það hefur lokið störfum,“ bætir Ingimar við.



VANDAD HANDVERK Ingibjörg Jónasdóttir er starfsmaður Ullarselsins, þar sem fæst hágæðahandverk úr Borgarfirðinum.



ÁGÚST SIGURÐSSON REKTOR Landbúnaðarháskóli Íslands er í örum vexti og hefur sitt að segja um íbúafjöldann á Hvanneyri.

Eldvarnartæki – til öryggis

Fyrir heimilið, sumarbústaðinn, vinnustaðinn og hótelið

1.056 kr.
Reykskynjari 9v



3.459 kr.



Eldvarnarteppi
100x100cm

4.950 kr.



Dufttæki 2kg
með mæli og
bílfestingu

6.698 kr.



Dufttæki 6kg
með mæli og
veggfestingu

6.957 kr.
50l grá/svört



8.573 kr.
30l ryðfrítt stál



2.737 kr.
15l blá/svört



Eldvarnarfötur

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



citré shine

hárvörur



Citré Shine hárvörurnar eru hágæða vörur sem ætlaðar eru fyrir daglega notkun. Ásamt því að hreinsa og mýkja hárið gefa þær því fallega áferð og aukinn gljáa.



- **Smooth out sjampó og hárnæring**
Fyrir úfið hár. Gerir hárið meðfærulegra, nærir það og róar.
- **Moisture burst sjampó og hárnæring**
Fyrir þurrt hár. Veitir hárinu aukinn raka og endurnærir það.

- **Daily revitalize sjampó og hárnæring**
Fyrir allar hárgerðir. Endurlífgar, nærir og verndar hárið.
- **Color brilliance sjampó og hárnæring**
Fyrir litað og meðhöndlað hár
Nærir og verndar hárið ásamt því að auka fyllingu þess.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Gagnvegir fjárfestinga:

Hvar er innrásin?

Útrás hefur verið tískuhugtak um nokkurn tíma. Það á rætur í þeim athöfnum allmargra íslenskra fyrirtækja og ungra athafnamanna að hasla sér völl á erlendum vettvangi.

Á einungis örfáum árum hafa mál skipast á þann veg að hvert fyrirtækið á fætur öðru reynir að nýta sér kosti alþjóðavæðingarinnar. Með hæfilegri einföldun má segja að fyrirtækin búi sér nú til sína eigin heimamarkaði.

Sú var tíð að það voru fyrst og fremst fisksölufyrirtækin sem fjárfestu erlendis. Nú eru það einkum fjármála- og þjónustufyrirtæki af ýmsu tagi sem hasla sér völl utan landsteinanna.

Þegar fyrst kom til tals að einkavæða bankana óttuðust margir að útlendingar myndu gleypa þá. Fáir sáu þá fyrir að þegar til kastanna kæmi yrði þróunin á hinn veginn.

Sannleikurinn er sá að alþjóðavæðingin hefur gefið smáríkjum og litlum fyrirtækjum aukði svigrúm og ný tækifæri. Ungir og framsæknir íslenskir athafnamenn hafa hagnýtt sér þessa kosti svo eftir hefur verið tekið.

Engum vafa er undirorpið að þessi sókn íslenskra athafnamanna út fyrir túnið heima hefur leyst marga nýja krafta úr læðingi. Hún hefur verið snar þáttur í vexti og viðgangi þjóðarbúskaparins á liðnum árum.

En það eru tvær hliðar á hverjum peningi. Á sama tíma og Ísland hefur verið þátttakandi í innri markaði Evrópusambandsins og nýju alþjóðlegu viðskiptaumhverfi fer lítið fyrir frjálsri erlendri fjárfestingu hér. Það er skoðunarefni og reyndar nokkurt áhyggjuefni.

Erlend fjárfesting hér á landi er fyrst og fremst í álverum. Hún er komin til vegna opinberrar fyrirgreiðslu við orkusölu. Núverandi forsenda hennar er meðal annars áhættuþátttaka skattgreiðendanna í sveiflum á álverði.

Stóriðjufjárfestingarnar eru því ekki dæmi um erlent fjármagn sem hingað leitar á almennum viðskiptalegum forsendum. Þær eru því heldur ekki algildur mælikvarði á mat erlendra fjárfesta á íslensku viðskiptaumhverfi.

Í þeim tilgangi að tryggja grósku og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi þurfum við rétt eins og aðrar þjóðir erlent fjármagn. Vegir fjárfestinganna þurfa að vera gagnvegir. Fyrir þá sök er rétt að spyrja: Hvar er innrásin?

Skattaumhverfi fyrirtækja hér er nokkuð hagstætt. Mörg íslensku útrásarfyrirtækin væru sennilega alfarin ef skattar væru ekki lægri hér en gerist og gengur í Vestur-Evrópu.

Þetta tiltölulega aðlaðandi skattaumhverfi hefur eigi að síður ekki megnað að laða að erlenda fjárfesta í þeim mæli sem æskilegt væri. Því vakna eðlilega spurningar eins og þessar: Hvað er að? Hvað veldur hiki erlendra fjárfesta?

Ugglaust eru ekki til einhlít svör við slíkum spurningum. Óstöðugleiki íslensku krónunnar er þó að öllum líkindum helsta skýringin. Erlendir fjárfestar hika við þátttöku í íslensku atvinnulífi og íslenskum fjármálamarkaði vegna gengisáhættu í litlu myntsamfélagi.

Erlend fjárfesting er ekki einvörðungu gott gróskumeðal fyrir þjóðarbúskapinn. Hún getur einnig verið mikilvæg mælistika á frammistöðu okkar.

Í þessu ljósi hlýtur það að vera eitt af stóru viðfangsefnum í íslenskum stjórnmálum að bregðast við þessum aðstæðum út frá langtímasjónarmiðum. Málum þarf að koma svo fyrir að fjárfestingar fari ekki einugis um einstefnugötur frá Íslandi.

	FRÁ DEGI TIL DAGS	
Ísólfur í framboð? Þó enn séu tíu mánuðir til þingkosninga eru fjölmargir farnir að velta fyrir sér möguleikum á framboði. Í þeim hópi er Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi. Ísólfur Gylfi sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn árin 1995 til 2003 og er nú varðingmaður í suðurkjördæmi. Ísólfur var sveitarstjóri á Hvolsvelli áður en hann fór á þing en þar áður kennari og starfsmannastjóri Kron og Miklagarðs. Ísólfur var sveitarstjóraefni framsóknarmanna í Rang-árþingi eystra í sveitarstjórnarkosningunum í vor og vantaði aðeins örfá atkvæði upp á að hann næði kjöri. Með væntanlegri þátttöku	Kristjáns Pálssonar í prófkjöri Sjálfstæðismanna í suðurkjördæmi og vangaveltum Ísólfs Gylfa sannast enn og aftur að erfitt er að lækna af þingmannabakteríunni. Bringuskallinn til góðs Síðustu daga hefur um fátt verið meira rætt en franska knattspyrnumanninn Zinedine Zidane og atvikið fræga í úrslitaleik heimsmeistaramótins í knattspyrnu. Flestum þykir þetta sorglegur endir á glæstum landsliðsferli kappans og sjá fátt jákvætt við atburðinn. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Sigurjón Sigthvatsson er framleiðandi heimildarmyndar um Zidane og í Fréttablaðinu í gær viðurkennir hann að atvikið í Þýskalandi hafi aukið áhugann á myndinni. Það kann því að vera að	fleiri skelli sér í bíó en upphaflega ráðgerðu, allt út af bringuskallanum og rauða spjaldinu. Gripið í gítarana Síma- og netsambandslaust var við hluta borgarinnar í gær eftir að ljósleiðarastrengur hafði verið grafinn í sundur. Meðal annars rofnaði samband við ráðuneyti félags- og samgönguráðuneyta en þau eru til húsa í Hafnarhúsinu í miðborginn. Mikill tími ráðherra - líkt og annarra - fer í að tala í símann og þar sem Magnús Stefánsson og Sturla Böðvarsson höfðu ekki tök á því í gær er viðbúið að þeir hafi setið hálf aðgerðalausir. Ekki er ólíklegt að annar hafi bankað upp á hjá hinum og þeir gripið saman í hljóðfærin en líkt og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir nokkru gera þeir nokkuð af því. bjorn@frettabladid.is

Forseti hægri manna?

Hafa íslenskir hægri menn verið of fjandsamlegir Ólafi Ragnari Grímssyni forseta? Þeir ættu ef til vill frekar að fagna því, hversu miklu betri maður hann virðist vera orðinn hin síðari misseri.

Munnstöfnuður Ólafs hefur til dæmis batnað stórlega. Sú var tíð, að hann var ungur framsóknarmaður og skrifaði í Tímann (11. janúar 1968) um þáverandi forsætisráðherra, Bjarna Benediktsson, að hann væri „valdasjúkur Tumi þumall“. Eftir að Ólafur var orðinn Alþýðubandalagsmaður, sagði hann á þingi 13. febrúar 1992 um annan forsætisráðherra, Davíð Oddsson, að í honum væri „skitlegt eðli“. Nú er Ólafur hinn blíðmálasti og fæst aðallega við að festa krossa á brjóst rosnu fólki, sem leyst hefur skyldustörf sín af hendi áfallalaust alla ævi.

Sú var og tíð, að Ólafur deildi harkalega á fyrirtæki og fésýslumenn, eins og vinstri mönnum er títt. Þegar Flugleiðir stóðu höllum fæti í árslok 1980, gerði hann margar árásir á það fyrirtæki og reyndi að stuðla að því, að það yrði þjóðnýtt, þótt hann hefði ekki erindi sem erfiði. Þegar Hafskip lenti í erfiðleikum haustið 1985, stóð Ólafur fremstur í fjandaflokki þess og átti áreiðanlega ekki minnstan þátt í gjaldþroti þess. Nú mærir Ólafur hins vegar íslenskt atvinnulíf alls staðar, þar sem hann fær því við komið, og þreytist ekki á að bjóða til sín kaupsýslumönnum.

Sú var enn tíð, að Ólafur kvaðst ekki vera kristinn. Í þættinum „Þriðja manninum“, sem fluttur var í útvarpi 15. október 1995, spurði Ingólfur Margeirsson Ólaf, hvort hann væri eins sannfærður um það og áður, að Guð væri ekki

Í DAG
SINNASKIPTI
ÓLAFS RAGNARS
GRÍMSSONAR

HANNES
HÓLMSTEINN
GISSURARSON

Þegar Hafskip lenti í erfiðleikum haustið 1985, stóð Ólafur fremstur í fjandaflokki þess og átti áreiðanlega ekki minnstan þátt í gjaldþroti þess. Nú mærir Ólafur hins vegar íslenskt atvinnulíf alls staðar, þar sem hann fær því við komið...

til. Ólafur svaraði: „Já, ég er það nú eiginlega.“ Þá spurði hinn umsjónarmaður þáttarins, Árni Þórarinsson, á hvað hann tryði. Ólafur svaraði: „Ég veit það eiginlega ekki. Ég held, að þrátt fyrir allt trúi ég svona einna helst á manninn.“ Gárungarnir voru ekki lengi að geta sér til um, á hvaða mann Ólafur tryði.

Hálfu ári seinna, 10. júní 1996, eftir að Ólafur var kominn í forsetaframboð, sagði hann á Stöð tvö: „Auðvitað er ég kristinn maður eins og þorri þjóðarinnar og hef verið í þjóðkirkjunni, skírdur og fermdur og trúi á þann Guð, sem að sérstaklega amma mín kenndi mér að trúa á.“ Er ekki ánægjulegt, að Ólafur skyldi hafa séð ljósið á aðeins sex mánuðum? Auðvitað dettur engum í hug, að hann hafi gerst kristinn, af því að það hafi hentað í forsetakjöri.

Hann hlýtur að hafa orðið fyrir trúarlegri reynslu, eins og til dæmis Bush yngri, núverandi Bandaríkjaforseti.

Þetta leiðir hugann að öðru. Þegar Símon Peres, þáverandi utanríkisráðherra Ísraels, kom til Íslands í ágústlok 1993, neitaði Ólafur að sitja kvöldverðarboð, sem þáverandi forsætisráðherra hélt honum, þar eð Peres væri fulltrúi hryðjuverkaríkis. Ólafur sat þá í utanríkisnefnd Alþingis. Það var því ánægjulegt að sjá Ólaf bjóða Bush eldra, föður núverandi Bandaríkjaforseta, heim til sín á dögnum.

Margt hefur breyst, frá því að Bush eldri heimsótti Ísland sumarið 1983, þegar hann var varaforseti. Þá mótmælti Ólafur komu hans á útifundi á Lækjartorgi og skrifaði í Þjóðviljann 7. júlí: „Gesturinn Bush var nefnilega um áraraðir æðsti-prestur alls hins versta í stjórnmálum veraldarinnar. Hann stjórnaði frá degi til dags háþróaðasta kerfi njósna, spillingar, valdaráns og morðsveita sem fundið hefur verið upp í veröldinni.“ Nú býður Ólafur ekki aðeins Bush eldra í veislu, heldur heldur hann til Washington í samkvæmi, sem Bush yngri heldur til stuðnings Olympíuleikum fatlaðra. Getur það betra verið?

Íslenskum vinstri mönnum verður hins vegar eflaust hugsað til hinnar spámannlegu skáldsögu Georges Orwells, Dýrabæs, þar sem dýrin tóku völdin af mönnum, en svínin síðan völdin af hinum dýrunum. Sögunni lýkur, þegar hin dýrin standa úti og horfa inn um gluggann á svínin sitja veislu með mönnum, arðræningjunum, og þau þekkja ekki lengur í sundur svín og menn.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. issn 1670-3871

allt

matur o.fl.

Ef þú hefur ekki prófað það þá er kominn tími til þess. Sushi verður betra eftir því sem það er smakkað oftar.



VÍNGERÐARVERSLUN

HÁGÆÐA
VÍNGERÐAREFNI

NÝ VERSLUN !

MIKIÐ ÚRVAL - TILBOÐ

HÁTEIGSVEGUR 1
105 REYKJAVÍK
SÍMI: 533-1020
www.aman.is

aman

Pítusósa

Létt fyrir línurnar

60%

fituskert

og eggjalaus
Frískandi kostur

VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

Einfaldleikinn mikilvægastur í sushi-gerð

Sushi-menning okkar Íslendinga hefur auðgast mikið á undanförunum misserum, ekki síst með tilkomu fyrsta sushi-færibandsins hingað til lands. Á O'Sushi starfar japönsk stúlka, Hiroko Ara, sem býr til mat fyrir bragðlauka íslenskra sushi-áhugamanna.

Á efri hæð Iðuhússins í Lækjargötu má finna veitingastaðinn O'Sushi en þar starfar hin japanska Hiroko Ara. Hún fluttist hingað fyrir fjórum og hálfu ári síðan þegar hún elti hingað heim íslenskan pilt sem hún hafði kynnst í London. „Ég kom hingað fyrst aðeins til þess að skoða en hef verið hér síðan. Ég er þó ekki lengur með stráknunum sem ég elti hingað heldur hafa aðrir hlutir heillað mig, til dæmis náttúran.“ Hiroko hóf fyrst nám í ljósmyndun en hefur verið að sýsla í ýmsu síðan þá og fyrir stuttu endaði hún sem kokkur á O'Sushi.

Að sögn Hiroko er sushi afar mikilvægur hluti af menningu Japana. Hún segir það almennan misskilning að Japanir borði sushi dags daglega, sushi sé mun meira borið fram í veislum og á hátíðardögum. „Á japönsku þýðir orðið yfir sjálfan sushi-kokkinn nánast það sama og listamaður.“

Aðspurð hvort Hiroko hafi einhverjar aðrar áherslur í sushi-gerðinni en íslenskir kokkar játar hún því og segir það helst tengjast undirstöðuatriðunum. „Hvernig sjálft sushi-ið er borið hér á landi er mjög frábrugðið því sem gengur og gerist í Japan. En þetta eru litlir hlutir, til dæmis nota Íslendingar mun meiri sósu en Japanar og í sósunni er mikið salt sem hefur áhrif á bragðið.“ En hvað er þá það mikilvægasta í sushi-gerð? „Mikilvægasti hlutinn við gerð sushi er einfaldleikinn en hann



Hiroko Ara starfar sem kokkur á veitingastaðnum O'Sushi.

FRÉTTABLAÐID/PJETUR

getur líka verið það erfiðasta.“

Eins og áður segir hefur Hiroko verið hér í rúm fjögur ár og er hún ekki á þeim buxunum að fara að flytja héðan. Þegar Hiroko er síðan spurð að því hver sé munur-

inn á Íslandi og Japan er svarið einfalt. „Allt saman!“ segir Hiroko, sem er afar bjartsýn á framtíðina. „Ég stefni að vera hér til framtíðar, hér á ég barn og hér er mitt líf.“

steinthor@frettabladid.is



Hiroko segir mikilvægast í sushi-gerð að halda einfaldleikanum en um leið getur það verið erfiðasta verkið.



Áhugi fyrir japanskri matargerðarlist hefur aukist á Íslandi síðustu árin.

Einfalt og bragðgott

Dönum er margt til lista lagt þótt matargerð hafi sjaldan talist þeirra sterkasta hlið. Þessi réttur, boller í ris og karry eins og hann er kallaður, er þó afar bragðgóður og mjög einfaldur.

KJÖTBOLLUR:
500 g svínakjötfars
2 egg
smá hveiti
1/2 laukur, mjög smátt skorinn
salt og pipar

SÓSA:
3 msk. smjör
3 msk. hveiti
1/2 laukur
1 epli
1 dós kókosmjólk/venjuleg
mjólk
karri

Smjórið er brætt og smá hveiti er hrært saman við svo myndist þykkur, gulur massi. Þá er soðinu af kjötbollunum bætt við eða mjólk. Hrærið vökvanum saman við smátt og smátt svo sósan haldist þykk.

Eplið er rífið niður smátt og bætt við. Sama er gert við laukinn. Sósan er krydduð með karrí eftir smekk og hægt er að bæta kókosmjólkinni út í ef óskað er eftir sætu bragði af sósunni sem er mjög gott.

Kjötbollunum er skellt í sósuna í nokkrar mínútur og allt látið malla. Rétturinn er síðan borinn fram með hrisgrjónum.



Kjötbollur með hrisgrjónum og karrísósu er einfaldur réttur en einstaklega góður.

FRÉTTABLAÐID/GETTY IMAGES

Matur sem kallar fram minningar

Í dag er þjóðhátíðardagur Frakka. Matur skipar stóran sess í franskri menningu. Arnaud Hauchon segir franskan mat bestan í heimi en hann segist þó ekki vera hlutlaus.

Frakkinn Arnaud Hauchon lærði til kokks í heimalandi sínu og ferðaðist eftir það milli héraða til að kynna sér allar hliðar franskra matargerðar. Nú er hann kominn til Íslands og hefur starfað síðasta árið við að matreiða á Apótekinu. Í tilefni af þjóðhátíðardegi Frakka, sem er í dag, ákvað blaðamaður að slá á þráðinn til Arnauds og fræðast aðeins um franska matarmenningu.

„Ég ólst upp við franskan mat og bragðaði ekki annað þar til ég varð sextán, sautján ára. Hann er því undirstaða þess skynbragðs sem ég hef á mat,“ segir Arnaud og það er greinilegt að hann ber sterkar taugar til franskra matarmenningar. En er franskur matur sá besti í heimi? „Ég er alls ekki rétti maðurinn til að svara þeirri spurningu,“ svarar hann hlæjandi. „Ég er mjög opinn fyrir öllum mögulegum mat og meðvitaður um að þetta er alltaf spurning um smekk. En franskur matur á stóran sess í hjarta mínu og er hluti af mínum rótum svo ég get vissulega ekki verið hlutlaus. Ef matur er eitthvað sem kallar fram minningar, til dæmis úr æsku þinni, já, þá er franskur matur fyrir mér sá besti í heimi. Þegar ég til dæmis bragða súpuna hennar mömmu þá líður mér eins og í himnaríki.“

Franskur matur er vinsæll úti um allan heim og segir Arnaud skýringuna margþætta. „Hluti af því eru vissulega eldunaraðferðirnar svo sem hvernig sósugrunnurinn er gerður. Einnig er það vegna þess að við höfum svo



Eftir kokkanámið ferðaðist Arnaud vitt og breytt um Frakkland til að kynna sér franskan mat. Hann starfar nú á Apótekinu í Austurstræti 16. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

mikið af fyrsta flokks hráefni í Frakklandi. Franskir kokkar nota aðeins besta mögulega hráefnið. Síðan eru það vissulega okkar gömlu, hefðbundnu uppskriftir. Allt þetta gerir fransk-an mat svo góðan sem raun ber vitni,“ segir Arnaud og bætir því við að ekki megi gleyma vínunum sem vissulega spili stórt hlutverk. „Þú getur ekki drukkið vín í Frakklandi án þess að borða, það er eitthvað sem þú bara gerir ekki. Margir segja að Frakkar séu alltaf að

drekka vín, en það er ekki satt. Við drekkum aldrei vín án matar, við getum einfaldlega ekki hugsað um vín án þess að hugsa um mat í sömu andrá og við hugsum ekki um mat án víns.“ Arnaud er ekki eini Frakkinn sem hefur nautn af mat enda er maturinn stór hluti af franskri menningu. „Við Frakkar erum án efa miklir lífsnautnamenn. Við höfum mikið ímyndunarafl og eyðum löngum tíma í að nostra við matinn og njóta hans.“ mariathor-



Atli Már Sigurðsson, veitingastjóri Silfurs, hefur vart undan við að svala þorsta gesta sinna með bláberja-mojito. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bláberja-mojito à la Silfur

Atli Már Sigurðsson, veitingastjóri Silfurs, tók sér kokteilglas í hönd og hristi saman einn bláberja-mojito fyrir lesendur Fréttablaðsins.

Veitingastaðurinn Silfur opnaði um miðjan júní og hefur notið mikilla vinsælda. Maturinn er afbragðsgóður ásamt því að skemmtilegt er að líta inn í einn drykk áður en haldið er á vit ævintýrana.

Atli Már Sigurðsson og Ingvar Rafn Þorvaldsson, veitingastjórar Silfurs, lögðu mikið kapp á að setja saman góðan fordrykkjalista fyrir gesti og gangandi. Meðal



Drykkurinn er borinn fram í skemmtilegu glasi svo gott bragð fari saman við fagurt útlit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

annars er boðið upp á bláberja-mojito en sá drykkur hefur slegið í gegn. „Við settum þennan drykk saman sjálfir og hann er mjög vinsæll. Við mælum með því að fólk líti hér innð og prófi að smakka,“ segir Atli Már enda er það vitað um mat og drykk að bragð er sögu ríkara.

Mysingur og malt

MYSINGUR OG KJÖT FARA VEL SAMAN AÐ SÖGN FRÍÐRIKS V.

„Mig langar líka til að taka með mýsing, sem er mjög norðlenskt fyrirbæri,“ er haft eftir Friðriki V. Karls-syni matreiðslumeistara á Friðriki V í Fréttablaðinu nýlega í tilefni þess að hann ætlar í haust til Ítalíu að kynna svæðisbundið hráefni. Þetta hljómar svo forvitnilega að hringt var í hann aftur til að spyrja hann hvað hann matreiði úr mýsingu. „Ég hef verið með lambalæri á matseðlinum sem ég smyr með mýsingu og strái pistasiuhnetum yfir og á matseðlinum sem nú er í gangi er ég með langviubróst sem ég elda með mýsingu, malti og rífsberjasultu. Hvort tveggja fellur í góðan jarðveg hjá gestum enda um hnossgæti að ræða. Það er rétt að mýsingurinn er norðlenskt fyrirbæri því Norðurmjólk er eini framleiðandinn og það eru einungis Íslendingar og Norðmenn sem búa til brúnan ost úr kúamjólk.



Brúnn ostur úr hreinni kúamjólk er fágætt fyrirbrigði.

- gg



Verðlaunavara frá Merchant Gourmet.

Frábært yfir salat, með kjöti, fiski, grillaðu grænmeti og ómótstæðilegt með jarðaberjum.

arka sími 8992363

GLÓÐinn

Við sundlaug Vesturbæjar í 25 ár Ekta hamburgari Ekta steikarbragð

Fjölskyldu Tilboð með öllu 4 hamburgarar og 2l. gos að eigin vali 1990 kr.

Glóandi tilboð í sumar

alvöru orkudrykkir



þessi gamli góði...

þessi rauði

...og sá sykurlausi

Sumar kaffið er komið



Sumarkaffi er samansett af sérvöldum úrvals tegundum. Það hefur frísklegt sitrusbragð ásamt yndislega ljúfum keim af hnetum og sætum ávöxtum. Kaffið er í góðu jafnvægi, hefur mikla fyllingu og hunangsmjúkt eftirbragð.

www.teogkaffi.is

Verslanir: Kringlunni Smáralind Laugavegi 27 Suðurverri Akureyri Egilsstaðir

Kaffihús: Laugavegi 24 Smáralind



stundin - bragðið - stemningin

allt

tilboð o.fl.

40%

Krónan og Nóatún skipta með sér heiðrinum að mesta afslætti á vörutegundum þessa viku. Í Krónunni lækka Móa kjúklingalæri úr 649 í 389 og í Nóatúni framhryggjarsteikin Rib Eye úr 3.198 í 1.998 krónur.



Ítalskar mokkasínur

15% afsláttur

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

Stígvélin eru komin

Rauð og svört

Stærðir 35-40



marimekko®

Laugaveg 56 • Sími 551 7600

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Mest lesna tímarit landsins!

birta

51%

TÍMARIT MBL.

37% *

Meðallestur á tbl. 20-50 ára

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

birta

* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
	Lífrænt músli 375 g 2 teg.	259	Nýtt	690	
	Bónus salat- og snakkidýfur 170 ml	99	Nýtt	582	
	Kjúklíngabringur grillmarineraðar	1.998	Nýtt	1.998	
	Svínalundir írskar	1.599	Nýtt	1.599	
	Mc amerískar risapitsur 820 g	399	499	490	20
	Kí folaldaframpartur í bitum	399	499	399	20
	Bónus svínagrillkjöt 4 teg.	879	1.098	879	20
	Kí villikryddaðar lambaframp.sneiðar	839	1.259	839	35
	Kí londonlamb	979	1.259	979	25
	Kók 18*500 ml	1.399	1.602	155	15
Tilboðin gilda til 16. júlí	Töppur kolsýrt vatn 1,5 l	98	139	65	30
	Yplon þvottaefni 5 kg	399	459	80	10

	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
	Píparsteik úr kjötbörði	2.398	2.998	2.398	20
	Kjöthúsið 4 hamb.m/brauði 80g+2L kók	595	683	595	15
	Alí hunangs grísakótilettur úrb.	1.626	2.168	1.626	25
	Fjallalambs sirloin-sneiðar	1.298	1.887	1.298	30
	Matfugl ferskur kjúklingur	495	749	495	35
	Gular melónur	99	159	99	40
	Vatnsmelónur	99	159	99	40
	Andrex wc pappír 9 rúllur	598	648	66	10
	Pepsi max 0.5 l dós	59	95	30	40
	Pepsi 0.5 l dós	59	95	30	40
	Bugles 125 g	98	148	98	35
	Nektarínur í öskju	269	379	269	30
	Plómur í öskju	269	379	269	30
Tilboðin gilda til 15. júlí					

	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
	Goða lambasteik	1.079	1.349	1.079	20
	Krónu lambagrillsneiðar úr læri	1.329	1.899	1.329	30
	Krónu lambaframpartssneiðar	1.119	1.598	1.119	30
	SS pylsupartí	754	942	754	20
	Goða kæfur dönsk/nestis/beikon/kinda 150 g	130	185	130	30
	Móa kjúklingalæri	389	649	389	40
	Krónusamlukur ræk/skink/túnf/skinku	129	175	129	25
	Krónubrauð 770 g	99	149	99	35
	Organic Baby lífrænn barnamatur 113 g	79	109	79	30
	Emmess tívoli lurkar 5 stk.	265	379	265	30
Tilboðin gilda til 16. júlí					

	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
	Nóatúns BBQGrísaríf	998	1.498	998	35
	Lamba Rib Eye	1.998	3.198	1.998	40
	Grísakótilettur	998	1.498	998	35
	Íslenskt úrvals hrefnukjöt	1.398	Nýtt	1.398	
	Sverðfiskur í bombay-karryi	2.398	2.998	2.398	20
	Stórlúðusteik Miðjarðarhafs	1.398	1.798	1.398	20
	Skötuselsspjöt með hvítlauksmarineringu	498	598	498	15
	Túnfisksteik í teriyakisósu	2.398	2.798	2.398	15
	Bláber í boxi 250 g	299	409	299	25
	Melónur cantaloupe	169	249	169	30
Tilboðin gilda til 16. júlí					

	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
	Lambalærisgrillsneiðar þurrkryddaðar	1.649	2.198	1.649	25
	Ostapylsur	824	1.099	824	25
	Skólaskinka 165 g	161	215	976	25
	Gevalia skyndikaffi 100 g	319	489	4.890	35
	Freschetta brick oven italiano classico 525 g	599	649	1.141	10
	Freschetta brick oven al formaggi	599	649	1.141	10
	Swiss Miss kakó marshm. pakki 283 g	249	299	880	15
	Swiss Miss kakó venjul. pakki 283 g	249	299	880	15
	Ora tómatsósa 680 g	119	159	175	25
	BKI kaffi 500 g Classic	369	399	738	10
Tilboðin gilda til 19. júlí					

	Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
	Holta kjúklingalundir ferskar	1.719	2.455	1.719	30
	Paaske frönsk pulsubrauð 6 stk/pk	299	349	299	15
	Lambalundir úr kjötbörði	2.998	3.749	2.998	20
	Lambalæri úr kjötbörði	998	1.485	998	35
	Hamborgarar 140gr/stk	149	199	149	25
Tilboðin gilda til 16. júlí					

Allt í garðinn

Sumarútsala er nú á ýms-um hlutum í garðinn og á svalirnar í Garðheimum að Stekkjarbakka 6.

Hitarar og útiarnar eru meðal þess sem Garðheimar bjóða upp á á útsölnunni sem stendur fram á sunnudag. Hvort tveggja kemur sér vel á svölum sumrum eins og því sem nú ríkir. Einnig má nefna tjarnardælur- og botna ásamt alls konar



styttnum til að skreyta garðinn að ógleymdum garðhúsgögnum. 20-50% afsláttur er á þessum vörum og úrvalið mikið. Garðheimar eru auk þess með ýmsa smávöru á svokölluðu útsölutorgi og þar er hægt að gera góð kaup þar sem verð á hlut fer allt niður í hundrað krónur.

Útiarnar eru þarfaping á svölu sumri.

Baðinnréttingar á tilboði

Verslunin Innréttingar og tæki býður upp á góð sum-artilboð þessa dagana.

Í versluninni eru yfir fjórtíu uppstillingar á baðinnréttingum og er um það bil 30 prósent afsláttur af flestum inn-réttingunum. Innrétting-arnar samanstanda af vaski, spegilskápum, efri



og neðri skápum, hand-klæðahengi og öllu tilheyr-andi. Verð á slíkum inn-réttingum með afslætti er frá 26.900 krónum upp í 76.900 krón-ur. Það er um að gera að líta á úrvalið því að það er líklegt að hver finni eitthvað við hæfi.



Svona skilrúm sómír sér vel í svefn-herberginu í sumarbústaðnum.

Sígildur sveitastíll

VERSLUNIN 1928 ER MEÐ FJÖLDA FALLEGRA HÚSGAGNA Á KYN-INGARVERÐI ÞESSA DAGANA.

Í versluninni 1928 má finna ýmis húsgögn sem henta hvort heldur sem er á heimilið eða sveitasetrið. Borð, kommóður, hillur og bekkir eru á mjög góðu verði í verslun-inni og einnig er þar mikið úrval af fallegum skápum og skenkum með gleri sem sóma sér vel í hvaða stofu sem er.

tilboð }

Héðan og þaðan

Sígurstjarnan, sem selur austurlensk-
ar vörur, boðar til stóruútsölu þar sem
verslunin rýmir fyrir
nýjum vörum.

Lífstykkiþúðin
er með lagersölu
þessa vikuna að
Laugavegi 4.

Femin í Bæjarlind
veitir 30 til 80
prósenta afslátt af
útsölu sinni.

Sumarbolir eru
á útsölu hjá Ritun
í Eddufelli og
Bæjarlind.

Bella-
donna að
Hlíðarsmára
veitir 20 til 50
prósenta afslátt af
völdum vörum.

Next Kringlunni hóf
útsölu sína í gær og
veitir allt að 40 pró-
senta afslátt af öllum
vörum.

Gallabuxur eru á
útsölu hjá Rita
að Eddufelli og
Bæjarlind.

Útsala er hafin í Jenný
tískuverslun á Eiðistorgi.

Dala Feta ostur er
nú á tvennutilboði
í næstu matvöru-
verslun.

Hjá Hrafnhildi er
nú veittur enn
meiri afsláttur af
útsöluvörum.

Bison í Kringlunni lækkar útsölu-
verðin og veitir nú 40 til 70 prósentu
afslátt af dömu- og herravörum.

Ralph Lauren
að Laugavegi
veitir 20 til 80
prósenta afslátt
á útsölu sinni.

Iðunn
tískuverslun
í Kringlunni
og Laugavegi
veitir 20 til 80
prósenta afslátt
á útsölu sinni.

Helmingsafslátt-
ur er veittur af
útsöluvörum í Kello
Kringlunni.

Eirvík veitir 30
prósenta afslátt af
Miele-þvottavélum.

Warehouse og
Whistles veita 50 til
70 prósentu afslátt af
öllum útsöluvörum.

Götumarkaður er hjá
verslunum Hagkaupa
þar sem einungis fjög-
ur verð eru í gangi.

Karen Millen veitir
enn meiri afslátt á
útsölu sinni, allt
að 70 prósent.

Unnika heldur
fimm ára afmælisútsölu um helgina.

Borð fyrir tvo veitir 20 prósentu
afslátt af Bunzlau-stellinu og af
glösum og 30 prósentu afslátt af
hnífapörum.

Shoestudio veitir 50 til 70 prósentu
afslátt af vörum sínum ásamt því að
hægt er að kaupa þrjú skópor á verði
tveggja.

Riho-baðkór eru á sérstöku
kynningarverði hjá Agli Árnasyni.

Ertu á leið í fríið? - Nýir bílar - Árgerð 2006



TIL AFHENDINGAR STRAX



Blucamp Sky 20, Ford 125 hestöfl TDCI,
lengd 6,3m. svefupláss fyrir 4, loftkæling,
rafm. rúður, tveir airbag, geislaspilari m/fjarstýringu.
verð: 4,6 skráður

Rockwood Íbúð á hjólum.

Árgerð '93 V8 Sjálfskiptur
Einn með öllu,
ekinn 100.000 km,
lengd 8,5 metrar.
Kr. 3.300.000,-



Hjólhýsi ný og notuð af öllum
gerðum og verðum.

Úrval nýrra húsbíla tilbúnir
til skráningar á lager á
Egilsstöðum. Erum einnig
með úrval notaðra bíla.

Bilexport á Íslandi ehf. www.bilexport.dk

Húskynningarverðir: Þóroddur 9940 175 2711 799 og Einar 9940 175 2711 799



HEILSUVÖRUR Á 15% AFSLÆTTI Í JÚLÍ


ORIGINAL HEILSUKODDI 61CM
-15% VERÐ KR. 8.075,-


MILLENIUM HEILSUKODDI 64CM
-15% VERÐ KR. 7.990,-


CLASSIC HEILSUKODDI 55CM
-15% VERÐ KR. 7.565,-


COMFORT HEILSUKODDI 70CM
-15% VERÐ KR. 7.820,-


FERÐASETT KODDI OG DÝNA Í TÖSKU
-15% VERÐ KR. 29.900,-


ORIGINAL FERÐAKODDI Í TÖSKU
-15% VERÐ KR. 3.968,-


SESSA 40X42X5 CM
-15% VERÐ KR. 6.301,-


BAKSTOÐ 36X36X7 CM
-15% VERÐ KR. 5.987,-


HÁLSKRAGI
-15% VERÐ KR. 4.847,-


SVEFNGRÍMA
-15% VERÐ KR. 1.713,-


BAKSTUÐNINGUR 68X40X7 CM
-15% VERÐ KR. 7.900,-


ALHIÐA-HEILSUKODDI 50CM
-15% VERÐ KR. 5.367,-

www.design.is ©2006



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júlí



Hollt og gott í Maður lifandi

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Hollt og gott á laugardegi

Maður lifandi býður upp á 12 prósentu afslátt af öllum vörum á laugardeg.

Afsláttardagur verður í versluninni Maður lifandi á laugardaginn. Þá verður veittur 12 prósentu afsláttur af öllum vörum í verslunum keðjunnar. Það er um að gera að líta inn í Mann lifandi í Borgartúni og skemmtilegt getur verið að tylla sér í portinu sem er skjólsæll

staður. Þar er hægt að sitja á sólrikum dögum, gæða sér á hollbita og njóta sumarblíðunnar.

Maður lifandi er opinn alla laugarlega frá 10.00 til 17.00.

Verslunin býður einnig upp á heimsendingarþjónustu. Pantað er á heimaíðu Just Eat www.justeat.is en hægt er að fá heimsendingu á völdum réttum á milli kl. 11.30-13.30 og 17.30-19.20.

Nánari upplýsingar á www.madurlifandi.is

Risa lagersala

Nú fá neytendur tækifæri til að fylla fataskápinn fyrir lítinn pening. Risa lagerútsala hófst í gær þar sem vörurnar skipta tugþúsundum.

Risa lagerútsala hófst í gær á Höfðabakka 9. Þar má finna fatnað á alla fjölskylduna á hreint ótrúlegu verði. Úrvalið er einnig mikið en vörurnar skipta tugþúsundum. Á lagersölunni má finna jakkaföt, staka jakka, frakka, buxur, skyrtur, bindi, boli, peysur, kápur, blússur, pils, kjóla, sængurföt, lók, handklæði og margt fleira.

Lagersalan er opin virka daga milli klukkan 11 og 19 og laugarlega og sunnudaga frá klukkan 12 til 18.

Hægt er að galla alla fjölskylduna upp á lagersölunni.



Beckham og nafnar hans voru slæm fjárfesting

Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona gerði góð kaup á dögnum þegar hún keypti sér líkamsræktarkort. Það voru að minnsta kosti mun betri kaup en gullfiskurinn Beckham og nafnar hans fimm.

„Verstu kaup sem ég hef gert voru í kjölfar þess að mér voru einu sinni gefnir tveir gullfiskar,“ segir Nanna Kristín þegar hún rifjar upp sín verstu kaup. „Fiskarnir hétu Rómeó og Júlía og mig minnir að þeir hafi lifað í svona þrjá mánuði. Þeir komu í voða falletgri kúlu og það var skemmtilegt að hafa þetta á heimilinu svo ég ákvað að kaupa mér nýjan fisk til að hafa í kúlunni þegar Rómeó og Júlía voru farin á fund forfedra,“ segir Nanna Kristín og bætir því við að bræður hennar hafi aðstoðað hana við nafnavalið. „Nýi fiskurinn fékk nafnið Beckham og ég held hann hafi lifað í svona mánuð. Þegar hann drapst var keyptur Beckham númer tvö sem lifði ekki mikið lengur og því var keyptur Beckham númer þrjú,“ segir Nanna Kristín og hlær. „Þegar þetta var komið upp í sex Beckhama sem allir drápust sá ég að þetta gekk ekki lengur. Þetta er greinilega ekki mín deild.“

Nanna Kristín segir að þarna hafi peningatapið ekki verið áhyggjuefnið heldur hafi hún hreinlega verið farin að hafa áhyggjur af sálarástandinu. „Það er ekki mjög upplifgandi þegar maður áttar sig á því að maður getur ekki haldið lífinu í gullfiski.“

Nanna Kristín tengir góð og



Nanna Kristín ætlar ekki að kaupa sér gullfisk á næstunni.

FRÉTTABLAÐID/HARI

slæm kaup ekki endilega við þá peningaupphæð sem hún eyðir. Gullfiskarnir voru ekki sérlega dýrir en hins vegar eyddi hún miklum peningum þegar hún gerði sín bestu kaup. „Ég held að mín bestu kaup til þessa séu líkams-

ræktarkortið sem ég keypti í Laugum á dögnum. Ég fékk mér einkabjálfa og allan pakkann og þótt það hafi verið dýrt sé ég ekki eftir krónu. Það borgar sig alltaf að eyða í heilsuna,“ segir Nanna Kristín. thorgunnur@frettabladid.is

Reiðhjól á góðu verði í BYKO

Öll hjól eru með góðum afslætti í Byko þessa dagana.

Nú er rétti tíminn til þess að kaupa sér reiðhjól. Í Byko eru öll hjól á kostnaðarverði. 24-26 tommu fjallahjól með 21 gir og tveimur dempurum kostar aðeins 11.845 krónur og 12 tommu barnareiðhjól með hjálpardekkjum fæst á 4.655 krónur. Eins og allir vita er mikilvægt að gæta fyllsta öryggis þegar hjólað er og eru allir reið-



Fjallahjólin fást fyrir lítinn pening í Byko.

hjólahjálmar á 25 prósentu afslætti.

Allt fyrir útiveruna

GÖNGUSKÓR OG BAKPOKAR Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI.

Hressandi símaleikir með dömunum á Rauða Torginu. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 999 (Víska, Mastercard, kr. 199,90 mín)

Símaspjall 908 6060
Ertu einmana? Viltu koma í símaspjall? Unnur.

allt
bílar

Alla laugardaga



Þetta gæti tekið tíma



Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Laus er staða umsjónarkennara við Grunnskólann í Hofgarði.

Umsóknarfrestur er til 14. júlí.

Upplýsingar gefur skólastjóri

í síma 478-1760.

Skólastjóri

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar

Starfsmenn með aðra uppeldismenntun

Matreiðslumeistari

(umsóknarfrestur til 6. ágúst)

Öldutúnsskóli (664 5896/664 5899 gijon@oldutunsskoli.is)
Dönskukennsla á unglingastigi

Sérkennsla (umsóknarfrestur til 25. júlí)

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

FASTEIGNASALAN 570 4800

GIMLI Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

SÖLUSÝNING Í DAG FRÁ KL. 17-18
ÞÓRSGATA 17. - LÚXUXÍBÚÐIR MEÐ SÉRINNGANGI



Tvær sérlega glæsilegar og algjörlega endurnýjaðar 2ja herb. íbúðir. Önnur íbúðin er með sérinngangi frá Þórsgötu og hinn frá Baldursgötu. Báðar íbúðirnar hafa verið endurnýjaðar á afar smekklega hátt og ekkert verið til sparað við efnisval og frágang. Baðherbergi íbúðanna er flísalagt í hólf og gólf. Eldhúsin með sérlega fallegum innréttingum. Íbúðirnar eru bjartar og rúmgóðar. Parket og flísar á gólfum og gott skápaláss. Frábær staðsetning í hjarta Þingholtanna.

Verð 22,5 og 22,9 millj. - Sölumaður frá Gimli verður á staðnum.

FASTEIGNASALAN 570 4800

GIMLI Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

FREYJUGATA - SÉRINNGANGUR



Nýtt á skrá sérlega velskipulögð og björt 2ja herb. íbúð á 1. hæð með sérinngangi frá Baldursgötu. Forstofan er flísalögð. Eldhús með fallegri innréttingu, opið að hluta í stofu. Svefnkrókur inn af holi. Fallegt baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, sturtuklefi, innrétting og tengi fyrir þvottavél. Sérgeymsla 7,2 fm í kjallara. Það er parket á stofu, eldhúsi og svefnkróki, flísar á forstofu og baði. Í heild sérstaklega falleg og mikið endurnýjuð íbúð á eftirsóttum stað með mikilli lofthæð, 3,25 metrar. **Verð 14,4 millj. áhv. 7,5 millj. húsr.**

STEKKJARHVAMMUR - RAÐHÚS



Nýtt á skrá sérlega velstaðset og fallegt 228 fm raðhús með innb.26 fm bílskúr. Fjögur svefnherbergi, rúmgóð stofa, borðstofa. Rými í risi sem búið er að stúka niður í tvö leikherbergi. Suðursvalir og sólpallur. Í heild sérlega vel staðsett hús, í næsta nágrenni við skóla, leikskóla og sundlaug. Sérlega barnvænt umhverfi. **Verð 38,9 millj. áhv. húsr.**

NÆFURÁS - M. BÍLSK. - ÚTSÝNI



Sérlega vel skipulögð, björt og falleg 120 fm endaíbúð á 2. hæð með fallegu útsýni, íbúðinni fylgir 21 fm bílskúr með milli lofti alls 141 fm. Innan íbúðar eru þrjú ágætlega rúmgóð svefnherbergi, fataskápur í tveimur þeirra, úr hjónaherbergi er gengið út á rúmgóðar vestursvalir. Þvottahús innan íbúðar. Stofa, borðstofa og sjónvarpsstofa. Parket og flísar á gólfum. Hús viðgert og málað fyrir 2 árum. **Verð 31,5 millj.**

HOFTEIGUR - 3JA HERB.



Sérlega falleg, björt og velskipulögð 3ja herb. íbúð á 2 hæð með suðursvölum. Innan íbúðar eru tvö mjög rúmgóð svefnherbergi, hjónaherbergi með fataskáp. Hægt að opna á milli barnaherbegis og stofu og nota sem borðstofu. Eldhús með uppgerðri sjarmerandi innréttingu og borðkrók. Baðherbergi, nýlega endurnýjað, flísalagt í hólf og gólf. Stór og rúmgóð stofa, úr stofu er gengið út á suðursvalir. Parket á öllum gólfum nema baði og eldhúsi. **Verð 20,7 millj.**

Draumahús 530 1800

Stráksmýri 11 - Indriðastöðum í Skorradal

Opið hús kl 13:00 - 17:00
föstudag, laugardag og sunnudag



20.900.000

Heilsárshús að Stráksmýri 11, Indriðastöðum í Skorradal. Húsið er skráð 63,8 fm. hjá FMR en heildar fm. eru fleiri, eru undir súð. Húsið var byggt 2002 og er í mjög góðu ástandi. Pallur er á 3 vegu kringum húsið og er hann 75 fm.

Áslaug og Reynir taka á móti gestum, s: 864-4435

Föst lág sölupóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is



Austurberg - 4ra - Rvk - Laus strax



Sérlega góð íbúð á þessum vinsæla stað. Íbúðin er 88,7 fm auk geymslu og bílskúrs sem er 17,9 fm. Íbúðin er á 4. hæð. Skipting eignar: 3 svefnh, forstofa, stofa, borðst, eldhús, þvottah, baðh, svalir, geymsla og bílskúr. Íbúðin er á efstu hæð. **Verð. 18,9 millj.**

TILKYNNINGAR



Stækkun móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárþingi ytra.

Mat á umhverfisáhrifum

- Athugun Skipulagsstofnunar

Hönnun hf., f.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frum-mats-skýrslu um stækkun móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárþingi ytra.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **14. júlí til 25. ágúst 2006** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Rangárþings ytra, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hönnunar hf. **www.honnun.is**.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **25. ágúst 2006** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun

HEILSA

LÍKAMSRÆKT

allt

... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

HEILSUMATUR

NUDD

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Um aldamótin var skipting íbúa eftir kynþætti á þessa leið: hvítir 19,6%, svartir 0,19%, indjánar 55,85%, asískir: 6,85%, Kyrrahafseyjabúar: 0,89% og aðrir kynþættir: 14,93%

„Ég myndi skreppa til Madrid, ef ég vildi láta mér líða vel,“ segir Björn Birgir Ingimundarson flugþjónn, sem bjó áður þrjú ár í borginni og starfaði þar á vegum flugfélagsins Atlantá.

„Ég færi með vinum mínum út að borða á Teatris, sem er einkar glæsilegur veitingastaður þar sem boðið er upp á nútímalegan spænskan mat,“ útskýrir Börn.

„Það er með Teatris eins og aðra veitingastaði í Madrid, að þar er hægt að fá mikið af ferskum og góðum sjávarréttum, sem kemur á óvart þar sem borgin er inni í miðju landi og því langt frá sjó,“ segir Björn. „Saltfiskurinn er ljúffengur, en ég hafði aldrei borðað hann að ráði fyrr en á Spáni þar sem ég komst að því með hversu ólíkum hætti hægt er að framreiða hann. Íslenskur saltfiskur þykir algjört lostæti þarna.“

Björn bætir við að eftir mat brygði hann sér út á lífið með vininum til Chueca-hverfisins. „Þetta var hálfgerft fátækrahverfi fyrir um það bil tuttugu árum síðan,“ segir hann.

„Lista- og skemmtanalífar var í ládeyðu í stjórnatíð Francos.

Björn féll kylliflatur fyrir Madrid og lætur sig dreyma um að komast þangað í helgarferð. FRÉTTABLAÐ/VALLI

ofía er í miklu eftirlæti hjá hálfverkið Guernica þar um skil með áhrifaríkum stuttan tíma, því hann vildi búið væri að koma á fót

götur borgarinnar og njóta „bætur Björn við.

roald@frettabladid.is

...Að *Nepenthes albomarginata* er vandfýsnust allra ránrjurt? Einu kvikindin sem hún lífur við eru termítar sem eru í ætisleit, af tegundinni *Hospitalitermes bicolor*.

...Að Mycobacterium tuberculosis, betur þekktir sem berklar, eru skæðasti sjúkdómsvaldurinn? Talið er að þriðjungur jarðarbúa gangi með þá. Um átta milljónir manna smitast af þeim árlega og rúm milljón deyr af þeirra völdum.

...Að hafnir er stærstir erna? Þeir
vega á bilinu 5-9 kg og vænghaf
þeirra er 2,2-2,45. Þeir hafast
einkum við í Rússlandi, Japan,
Kóreu og á Íslandi.

...Að tvær tegundir keppa um titilinn minnsta nagdyrið? Annars vegar dvergmúsinn (Maiomys taylori), sem hefst við í Mexíkó og Bandaríkjunum, og Balíkistan-dvergstökkmúsinn (Salpingotus michaelis), sem á heimkynni í Pakistan.

...Að hæsti hiti sem mælst hefur í höfunum var 404 gráður? Það var bandarískur kafbátur sem mældi þennan hita við jarðhitaop á hafsbotni 480 km út af vesturströnd Bandaríkjanna árið 1985.

...Að stærsta hafíshella er í Suður-Íshafinu sem umlykur Suðurskautslandið? Á veturna er hafsvæði sem er 17-20 milljónir km² undir ís, en á sumrin skreppur íshellan saman svo hún er aðeins 3-4 milljónir km².

...Að Tyrkinn Ilker Yilmaz náði manna lengst að sprauta mjólk með auganu? Hann sprautaði mjólk 279,5 cm með öðru auganu á Armada-hótelinu í Ístanbul í Tyrklandi, 1. september 2004.

...Að hæsta bygging úr lego-kubbum var turn sem var reistur í Legoland í Carlbád í Kaliforníu? Turninn, sem var reistur 21. febrúar árið 2005, var 28,19 metra hár.

...Að Bandaríkjamaðurinn Plennie L. Wingo er sá sem hefur gengið lengst aftur á bak? Hann gekk 12.875 km frá Santa Monica í Kaliforníu til Ístanbul í Tyrklandi 15. apríl 1931-24. október 1932.

...Að lengsti tími sem nokkur
hefur gefið spil í spílinu 21 er
51 klst og 33 mín? Þetta gerði
Möltubúinn Stephen De Raffaele
dagana 24.-27. ágúst 2001 í Orac-
le-spilavítinu í Qarwra á Möltu.

...Að smávöxnustu núlifandi
tvíburar eru 86,3 cm á hæð?
Það eru tvíburarnir John og Greg
Rice frá Bandaríkjunum sem eru
eíneggja og fæddust 3. desember
1951.

...Að hávöxnustu núlifandi tvíburar eru 2,23 m á hæð? Það eru Bandaríkjamennirnir Michael og James Lanie.

...Að Alice prinsessa, hertogaynja af Gloucester, varð elsta konungborna manneskja sem vitað er um? Það varð hún þegar hún náði 101 árs og 69 daga aldri 20. september 2003. Hún andaðist 29. október 2004.



40%

AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR

40%

TICKER LEÐURSÓFAR

FÁANLEGIR Í BRÚNU OG BEIGE

2JA SÆTA	64.800 KR.	ÁÐUR 108.000 KR.
3JA SÆTA	74.400 KR.	ÁÐUR 124.000 KR.
STÓLL	44.400 KR.	ÁÐUR 74.000 KR.

20%

AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR

20%

VINTAGE VERÐDÆMI:

SÓFABORÐ	31.200 KR.	ÁÐUR 39.000 KR.
SKENKUR 220CM	71.200 KR.	ÁÐUR 89.000 KR.
HLIÐARBORÐ	28.800 KR.	ÁÐUR 35.000 KR.
TV KOMMÓÐA	39.200 KR.	ÁÐUR 49.000 KR.
GLERSKÁPUR 180CM	126.400 KR.	ÁÐUR 158.000 KR.




25%

AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR

25%

BORÐSTOFUSETT

VINTAGE BORÐ 180X90 OG SEX THYPHOON LEÐURSTÓLAR BRÚNIR

96.750 KR.

ÁÐUR 129.000 KR.



JÚLÍTILBOÐ
20-40% AFSLÁTTUR

TEKK
COMPANY

ÓPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Starfsnám stjórnist af þörfum atvinnulífsins

UMRÆÐAN

STARFSNÁM



EMIL B. KARLSSON

VERKEFNISSTJÓRI

Starfsnám verður á næstu árum jafn eftirsóknarvert og hefðbund-ið nám til stúdentsprófs, ef tillög-ur Starfsnámsnefndar sem menntamálaráðherra skipaði verða að veruleika. Samkvæmt því skipulagi sem lagt er til að verði tekið upp er tryggt að starfsnám verði í sífelldri gerjun og ávallt mótað samkvæmt raun-verulegum þörfum atvinnulífsins hverju sinni. Um leið tryggir skipulagið að nemendur njóta greinilegs ávinnings af starfs-tengdu námi sínu, sem metið er til jafns á við bóknað í fram-haldsskólum. Það var því ekki að ástæðulausu sem Starfsnáms-nefndin ákvað að nefna hugmynd-ir sínar Nýr framhaldsskóli, með hástaf í upphafi nafnsins. Í kynningu á niðurstöðum Starfsnámsnefndar hafa verið


dregnar fram þær nýjungar sem felast í jöfnu mati á einingum starfsnáms og bóknáms, þ.e. breytingar á matskerfi skólanna. Ástæða er til að draga fram aðrar tillögur nefndarinnar sem eru ekki síður mikilvægar til að gera starfsnám eftirsóknarverðara en nú er. Tillögurnar gera nefnilega ráð fyrir að fulltrúar atvinnulífs-ins, bæði atvinnurekenda og launafólks, vinni stöðugt að end-urskoðun og endurbótum á starfs-náminu. Þannig verði nú mis-munandi starfsgreinaráðum fært vald til að móta og hafa áhrif á skipan starfsnáms í hverri grein fyrir sig og verði skylt að leggja fram tillögur að nýju starfsnámi þegar þörf er á því. Í tillögum nefndarinnar er skipun í starfs-

greinaráðin og skipulagi þeirra þannig fyrir komið að tryggt verði að þau verði virk og hafi aðgang að faglegri aðstoð við sín verk. Tillögur Starfsnámsnefndar gera einnig ráð fyrir því að fyrir-tæki sem taka nemendur í vinnu-staðakennslu fái greitt fyrir kennsluna á sama hátt og fram-haldsskólarnir. Um leið verður gerð krafa til þess að fyrirtækin sinni fræðslunni á fullnægjandi hátt samkvæmt fyrirmælum starfsgreinaráðs. Á þann hátt verður vinnustaðafræðslan gerð skilvirkari og auðveldara verður fyrir fyrirtæki að taka nema í þjálfun. Greiðslur fyrir vinnu-staðafræðslu mun eiga jafnt við um iðnnám svo og vinnustaða-

fræðslu í verslun, þjónustu og hverju öðrum viðurkenndu starfs-námi. Í því skipulagi sem Starfs-námsnefnd kynnti felast fjölmörg tækifæri fyrir atvinnulífið til að hafa bein áhrif á skipulag starfs-náms. Kerfinu er beinlínis ætlað að hvetja til áhrifa atvinnulífsins með virkri þátttöku og stuðningi yfirvalda menntamála. Þá er gert ráð fyrir því að hvatt verði til þess að tekið verði upp starfsnám í greinum þar sem skortur hefur verið á starfsmenntun hingað til. Þannig fái t.d. starfsnám í versl-unar- og þjónustugreinum meira vægi en áður, en fagmenntun á þeim sviðum hefur orðið útundan í starfsnámskerfinu þrátt fyrir að um 70% vinnandi Íslendinga

starfi við þjónustugreinar af ein-hverju tagi. Mikil samstaða er meðal allra hagsmunaaðila um tillögur Starfs-námsnefndar og því vonandi að þær nái fram að ganga sem fyrst. Það er hins vegar áhyggjuefni ef svo fer sem horfir, að sú mikla vinna og þær róttæku hugmyndir sem lagðar hafa verið fram verða nú látnar fara til umræðu í öðru nefndarstarfi innan menntakerf-isins og gætu endað sem skipti-mynt og bitbein í hagsmunabar-áttu á öðru óskyldu sviði menntamála.

Höfundur er verkefnisstjóri SVP - Samtaka verslunar og þjón-ustu og nefndarmaður í Starfs-námsnefnd.



BRÉF TIL BLAÐSINS

Preytt andlit og slitnar tuggur

Nú get ég ekki stillt mig lengur þegar þegar sæt ung kona, Inga Sigrún Atla-dóttir, tekur sig til og skrifar skamm-argrein um Hannes Hólmstein, sem er minn uppáhaldsstjórnmalamaður. Við erum svo innilega sammála um að Davíð Oddsson sé framúrskarandi topp-maður í íslenskum stjórnmálum. Trúlega hefur hún ekki treyst sér að velja betri fyrirsögn á sína grein en þá sem hinn snjalli Hannes Hólmsteinn notaði og fer ég líka að hennar dæmi. Til öryggis vil ég taka fram að Þorsteinn Pálsson hefur alltaf verið sómamaður í mínum huga og geðfelldur stjórnmálamaður. Þegar tveir menn eru í framboði um sama embætti kemst aðeins annar að. Inga Sigrún kall-ar sig guðfræðing. Hún er ennþá ung. Í áratugi hef ég allt að því dýrkað Davíð Oddsson sem besta stjórnmálamann, ekki bara á Íslandi, heldur í öllum heim-inum. Nú finnst mér enginn bestur eða verstur, bara allt þar á milli en miðjan er ansi bragðdauf. Hefur mér orðið hált á að leita sterkari bragða. Þar hef ég farið offörum, eins og víðar, og sit nú við þann keip að súpa seyðið af gerðum mínum. Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson eru í sér flokki fyrir að hafa verið eins og fóstbræður frá því þeir völdu að starfa saman í núverandi ríkisstjórn og héldu nýlega upp á tíu ára afmæli af því tilefni. Ekki man ég til þess að þeir hafi verið með hnjóðsyrði hvor til annars þennan tíma þrátt fyrir ólíkar skoðanir í mörgum málum. Við erum lánsöm Íslendingar að eiga fjölda kvenna og karla sem standa vörð um okkar velæld. Ólóf Petrína Konráðs



NÝTT& FERSKARA BLAÐ

Siv Friðleifsdóttir
klár í bátana

Dorrit
stendur sig eins og drottning

Heiða í Idolinu
á lausu og fílar það í botn



KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

RISA

LAGER ÚTSALA

Fatnaður á alla fjölskylduna í tugþúsundatali fyrir spott-prís


ALLT Á ÚTOPNU!

Jakkaföt - Stakir jakkar - Frakkar - Buxur
Skyrtur - Bindi
Bolir Peysur - Kápur - Blússur - Pils
Kjólar - Toppar - Sokkar
Hanskar - Treflar - Vettlingar - Húfur
Nærfatnaður á alla
fjölskylduna - Sængurföt - Lök og
handklæði

Fyllið
fataskápin
fyrir
smápening!

Næg bílastæði

Opið: Virka daga 11 - 19
Laugardaga
og sunnudaga 12 - 18



FATAMARKAÐUR HÖFÐABAKKI 9

skoðun

14. júlí 2006 FÖSTUDAGUR

Eru áhrif flokksforingja ofmetin?

UMRÆÐAN
FYLGI SAMFYLK-
INGARINNAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Ingibjörg Sólrún hefur haldið vel á málum sem formaður flokksins. Hún hefur ekki gert nein mistök. Hún svarar ávallt vel í fjölmiðlum og er vel heima í öllum málum. Hún er góður formaður. En væntingar til hennar voru mjög miklar eftir sigurgöngu hennar og R-listans í Reykjavík.

Fjölmiðlar og stjórnmálaskýrendur hafa bollalagt mikið að undanförnu um síðustu skoðananakannanir um fylgi flokkanna. Einkum hefur verið mikið skeggrætt um útkomu Samfylkingarinnar. Hafa margir haft tilhneigingu til þess að kenna Ingibjörgu Sólrúnu, formanni Samfylkingar, um slakt gengi flokksins. Ég er ekki samála því.

Ég tel, að Ingibjörg Sólrún hafi staðið sig vel sem formaður. Ég tel að aðrar ástæður valdi slöku gengi Samfylkingar í skoðanakönnunum og þá þessar helstar: Úrslit sveitarstjórnarkosninganna ollu Samfylkingarfólki miklum vonbrigðum, einkum úrslitin í Reykjavík. Þar gerði Samfylkingin sér vonir um að fá 30% fylgi eða meira en varð að láta sér nægja rúmlega 27%. Það var ekki slæm útkoma miðað við fyrri úrslit Albýðuflokksins í Reykjavík og þeirra flokka, sem standa að Samfylkingunni en ei að síður mun lakari

útkoma en væntingar Samfylkingarinnar gerðu ráð fyrir. Úti á landi voru úrslitin einnig víða undir væntingum og það olli Samfylkingunni vonbrigðum að illa spilaðist úr úrslitunum víða og Samfylkingin lenti í stjórnarandstöðu. Hins vegar var sigur Samfylkingar í Hafnarfirði stórglæsilegur. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna og uppstökkun ríkisstjórnarinnar á áreiðanlega stærsta þáttinn í slöku gengi Samfylkingarinnar nú. Það er ævinlega svo, að þegar flokkur og flokksforingjar eru mikið í sviðsljósinu þá græða þeir á því í skoðanakönnunum. En það helst í skamman tíma.

Er eitthvað að hjá Samfylkingunni? Hefur Ingibjörg Sólrún haldið illa á málum? Það sem er helst að hjá Samfylkingunni eru áróðursmálin. Samfylkingin nær ekki nægilega til almennings með stefnumál sín. Fjölmiðlarnir stjórna því hvenær stjórnmálamenn komast í sjónvarp og aðra fjölmiðla. Foringjar stjórnarandstöðunnar eru helst kallaðir í sjónvarpið, þegar ríkisstjórnin gerir eitthvað og þá er spurt um viðbrögð og afstöðu stjórnarandstöðunnar. Fjölmiðlar hafa minni áhuga á málum, sem stjórnarandstaðan er að flytja eða beita sér fyrir. Enginn flokkur hefur flutt róttækari tillögur um úrbætur í málefnum aldraðra og öryrkja en Samfylkingin, t.d. um afkomutryggingu aldraðra. En þessar tillögur hafa ekki náð nægilega vel til almennings og þannig er um fleiri mál. Ef Samfylkingin getur komið málum sínum betur til almennings mun fylgi hennar aukast.

Ingibjörg Sólrún hefur haldið vel á málum sem formaður flokksins. Hún hefur ekki gert nein mistök. Hún svarar ávallt vel í fjölmiðlum og er vel heima í öllum málum. Hún er góður formaður. En væntingar til hennar voru mjög miklar eftir sigurgöngu hennar og

Neyðaróp - napurlegur veruleiki innflytjenda á Íslandi

UMRÆÐAN
INNFLYTJENDUR



VIKTORÍA RÁN ÓLAFSDÓTTIR

Nýbúar eiga erfitt uppdráttar í íslensku samfélagi. Fyrri menntun eða stéttaruppruni þeirra skiptir litlu þegar þeir reyna að finna sér fótfestu hér á landi. Erlend menntun og starfsréttindi nýbúa fást ekki metin að verðleikum og bág tók þeirra á íslenskri tungu eru dauðadómur. Nýbúar eiga erfitt með að afla sér starfsréttinda og sækja nám hér á landi. Raunverulegt jafnrétti til náms er frumskilyrði þess að nýbúar öðlist félagslega tilveru á Íslandi.

Helsta vandamál nýbúa er lokað samfélag þar sem þeir tala ekki íslensku nægilega vel. Skilningsleysi gætir á meðal Íslendinga. Íslenskt samfélag byggir öll samskipti á íslenskri tungu. Námsgögn, grunnskóla- og leikskólaumsóknir, vinnuvélapróf, tómstundaklúbbar, atvinnuumsóknir, kaupsamningar, vörumerkingar, lækni meðferðir, lög og reglur og flest allt byggir á fullum lesskilningi á íslensku. Nýbúum er gert erfitt að bjarga sér ekki sjálfir í einföldustu verkum. Viðmót samfélagsins fær þá til að upplifa sig sem blóraböggla. Samfélagið meðhöndlar nýbúa sem vandamál, þar til þeir tileinka sér íslenska tungu. Oft eiga nýbúar þess ekki kost að sækja íslensku námskeið því þau eru bæði afar dýr og á slæmum tíma, t.d. á kvöldin þegar nýbúar eiga þess helst kost að afla sér tekna. Auk þess gera íslensku námskeiðin nýbúum lítið annað gagn en að kynna þá fyrir fleiri þjáningarbræðrum og mynda

félagstengsl út frá því. Núverandi skólar telja sig bjóða íslenskunámskeið sem leggja áherslu á tal-kennslu en þau virka ekki. Um leið og innritun er lokið dembast yfir nemendur ljósrit í bunkatali af málfræðiatríðum sem nýbúinn botnar hvorki upp né niður í. Við Íslendingar viljum steypa „útlendingunum“ inn í íslenskt samfélag með því að hafa allt, gera allt og láta þá skilja allt á íslensku. Nýbúar verða strax fyrir félagslegri höfnun í samfélaginu og byrja að hjakka í sama farinu.

Aðskilnaðarstefna

Með íslenskukunnáttu af skornum skammti hafa nýbúar takmarkaðan aðgang að vinnumarkaði sem og námi. Þeir eru verr launaðir og ráðast í störf lágstétta. Tjáningarskortur og lág laun hafa áhrif á það hvar nýbúar velja sér búsetu, hver heimilisbúnaður þeirra er og allt hefur þetta áhrif á uppeldi barnanna. Bjagað tungutak og málleysi foreldra birtist sem greindarleysi eða gáfnaskortur sem hefur áhrif á námsgreind og sjálfsmynd barnanna. Erfið lífsbarátta foreldra veldur því að foreldrar hverfa af sjónarsviði barnanna til að afla tekna. Börnin fá minni aðstoð og hvatningu að heiman og leggja því minni metnað í námsárangur. Í auknum mæli fara börnin að stýrast eftir hátt-erni og gildum jafnaldra. Viðbrögð við stéttaskiptingu, ójafnrétti og verri lífsaðstæðum birtast oft í andfélagslegri hegðun þessa hóps. Er þetta að gerast?

Íslenskir skólar velta málefnum nýbúa fyrir sér en vandamálið liggur þó miklu dýpra í samfélaginu. Ef samfélagið er stéttskipt og óaðgengilegt fyrir nýbúa, þá verða skólarnir það líka. Breytingar í skólakerfinu snerta rétt svo yfirborðið á miklu stærra vandamáli.

R-listans í Reykjavík. Hún hefur ef til vill ekki staðið undir þeim væntingum. Sjálfstæðisflokkurinn og hægri blöðin hafa einnig stanslaust reynt að sverta hana. Enginn stjórnmálamaður stjórnarandstöðunnar hefur sætt eins ósanngjarnri gagnrýni og Ingibjörg Sólrún. Árásir íhaldsins á Ingibjörgu Sólrúnu minna á árásir Sósíalista-flokksins á Stefán Jóhann, formann Albýðuflokksins. Það var reynt að eyðileggja Stefán Jóhann og íhaldið reynir svipað í árasunum á Ingibjörgu Sólrúnu. Ef til vill hafa þessar árásir haft einhver áhrif.

Annars tel ég, að áhrif flokksforingjanna séu ofmetin í íslenskum stjórnmálum. Það er of mikið reynt að persónugera flokkana. Það er stefnan, sem skiptir mestu máli. Þegar Davíð Oddsson var formaður Sjálfstæðisflokksins var mikið talað um hve hann væri sterkur leiðtogi og að fylgi flokksins mundi áreiðanlega minnka þegar hann léti af störfum. Síðan tók Geir Haarde við en margir töldu hann mikið veikari leiðtoga. En hvað gerðist. Fylgið minnkaði ekki. Nei það jókst! Kenningin um nauðsyn þess að hafa sterkan leiðtoga stóðst ekki. Eins er þetta í Samfylkingunni. Það hefur ekki breytt miklu varðandi fylgið hvort Össur eða Ingibjörg Sólrún er formaður. Það er stefnan sem skiptir mestu.

Ef til vill þarf Samfylkingin að herða róðurinn og skerpa línur. Baráttan fyrir nýju þjóðfélagi jafnaðarmanna má vera harðari. Og áróðurinn þarf að vera mikið meiri. Það þarf að láta almenning vita, að Samfylkingin vill breyta þjóðfélaginu. Misskiptingin er of mikil. Það verður stórlega að draga úr henni. Stjórnarflokkarnir hafa aukið misskiptinguna í þjóðfélaginu meira en nokkur önnur ríkisstjórn áður. Samfylkingin vill leiðrétta misskiptinguna. Hún vill meiri jöfnuð í þjóðfélaginu.

Breytingar í námskerfinu

Alþjóðavæðing og hreyfing fólks á milli landa kallar á breytt námskerfi og kennsluaðferðir. Hefðbundið menntakerfi er að sligast undan breyttum þörfum. Bæta þarf aðgang sem flestra, bjóða fjölbreyttari menntun, auk þess að endurskipuleggja námsgögn og námsmat þannig að það taki tillit til fjölgreinda og að einhverju leyti þjóðerna.

Menntakerfið er orðið sterkasta hagafl þjóðfélagsins og hefur einnig áhrif á félagslega uppbyggingu samfélagsins, t.d. stéttaskiptingu. Í þessu ljósi eru hæfileikar og innlegg nýbúa vannýtt og aðgangur þeirra að samfélaginu er hindraður vegna erfiðleika við að ná tökum á íslenskri tungu. Raunverulegt jafnrétti til náms er frumskilyrði þess að nýbúar öðlist félagslega tilveru á Íslandi. Starfsnám sem tekur tillit til mismunandi tungumála samhliða íslenskukennslu gæti auðveldað nýbúum að komast af sjálfsdáðum inn í samfélagið og greitt aðgang þeirra að öllu því sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Þá fyrst upplifa nýbúar sig sem hluta af þessu íslenska samfélagi og fá tækifæri til að getað lagt sitt af mörkum í framþróun hagkerfisins, sem er einlægur vilji þeirra.



36 á annarri 32 á hinn



Úlfar á 3 FRÖKKUM mælir með hrefnulundum:

- Skerðu ferskar lundirnar í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinn!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheiti pönnu eða á grillið: dýfa lundinni í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af ollunni.
- Hrefnulundirnar eru líka frábærar hráar sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

Njótið vel. Úlfar Eysteinnsson á 3 FRÖKKUM.

Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskar sérvaldar hrefnulundir á grillið eða á pönnuna - snöggsteiktar að hætti meistarakokka.

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með hrefnulundum í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu.

Ekki bíða með veisluna, veiðunum lýkur 4. ágúst.

Hver sekúnda skiptir máli.

WOODY GUTHRIE (1912-1967)
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Að spila fleiri en tvo hljóma
er bara sýndarmennska.“

Woody Guthrie var bandarískur
þjóðlagasöngvari og sósíalisti sem
barðist gegn fasisma og efnahagslegu
misrétti. Meðal frægustu laga hans er
„This Land Is Your Land“ og ekki minni
maður en Bob Dylan litur á hann sem
fyrirmynd sína.

tímamót

timamot@frettabladid.is

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,
Björn St. Hólmsteinsson
frá Raufarhöfn,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund, þriðjudaginn 11. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Jónína Ósk Pétursdóttir
Jóhanna Björnsdóttir
Pétur Björnsson
Hólmsteinn Björnsson
Guðrún R. Björnsdóttir
Lilja V. Björnsdóttir
Birna Björnsdóttir
og barnabörn.

Margrét Þorvaldsdóttir
Þorgerður Ása Tryggvadóttir

Jón Ómar Finnsson
Ríkharður Reynisson

+

Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
**Rannveig Friðrika
Kristjánsdóttir**
áður búsett á Boðahleini 5, Garðabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 10. júlí. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju á mánudaginn (17. júlí) kl. 15.00.

Kristján Þorkelsson
Kristján E. Kristjánsson
Brynhildur Kristjánsdóttir
Auður Kristjánsdóttir
Alfa Kristjánsdóttir
Bárður Halldórsson
Grétar Sveinsson
Barnabörn og barnabarnabörn.

Áslaug Gísladóttir
Stefán Sigurðsson
Roger Olofsson
Sigmar Þormar

+

Elskuleg móðir mín, dóttir og systir,
Hjördís Jónsdóttir
Sólheimum 12, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 4. júlí verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju 14. júlí kl. 15.00.

Guðrún Hilmarsdóttir
Gréta Magnúsdóttir
Benedikta Jónsdóttir
Ágústína Jónsdóttir
Perla María Jónsdóttir

+

Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir
okkar, tengdafaðir og afi,
Magnús Jónsson
Brekkuþé 16, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 4. júlí verður jarðsungenin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. júlí kl. 15.00.

Fyrir hönd barna og annarra aðstandenda,

Þórdís Kristjánsdóttir

ÞETTA GERÐIST: 14. JÚLÍ 1789

Bastillan í París tekin með valdi

Pennan dag árið 1789 átti sér stað merkasti dagur frönsku byltingarinnar, en þá tóku upp-reisnarmenn Bastilluna, fangelsi konungsins, og frelsuðu þá sjö sem var haldið föngnum þar. Síðan hefur dagsins verið minnst árlega, en hann er nú þjóðhátíðardagur Frakka.

Í kjölfar þess að Jacques Necker, sem hafði stutt borgara-stéttina, var vísað úr embætti fjármálaráðherra jókst ólga í París. Á fundi borgara hinn 12. júlí voru borgarar hvattir til að grípa til vopna, vegna ótta við vald töku íhaldssamari afli.

Mikil mótmæli brutust út og báru mótmælendur myndir af Necker um alla Parísarborg. Mótmælendur voru drepnir og hermenn á móti, en yfirmenn hersins



voru mjög hræddir við reiðan múginn.

Borgarnir ákváðu að ráðast á Bastilluna. Í henni voru þá aðeins sjö fangar, þar af fjórir falsarar, tveir geðsjúklingar og einn „afbrigðilegur“ aðalsmaður. Ákvörðun hafði verið tekin stuttu áður um að loka fangelsinu vegna kostnaðar, en Bastillan var engu að síður tákn um ofríki konungsvaldsins.

Það sem árasarmennirnir sóttust helst eftir voru skotvopn sem geymd voru í fangelsinu. Eftir árásina bjuggu þeir sig svo undir gagnárás, sem aldrei kom, því þingið í Versölum vissi lítið sem ekkert um atburðina í París. Þessir atburðir urðu til þess að Necker fékk aftur stöðu sína og margir aðalsmenn flúðu úr landi.



HÖFNIN Á STOKKSEYRI Tónleikasvið hefur verið reist við höfnina sem mun þjóna meginhlutverki í menningarlífi bæjarins.

MYND/EINAR ELÍASSON

BRYGGJUHÁTÍÐ Á STOKKSEYRI: HALDIN ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ MEÐ VIÐHÖFN

Árleg fjölskylduhátíð hafin

Í gær var Bryggjuhátíð á Stokkseyri sett þriðja árið í röð með tónleikum á Draugabarnum. Hátíðin er fjölskyldu- og menningarhátíð sem hefur fest sig rækilega í sessi sem einn helsti viðburður ársins í sveitarfélaginu Árborg. Umfang hátíðarinnar verður sífellt meira með árunum og stendur hún nú yfir í fjóra daga, allt fram á sunnudagskvöld.

„Nú er unnið að varanlegri umgjörð hátíðarinnar og við erum að byggja tónleikasvið við bryggjuna,“ segir Björn Ingi Bjarnason, einn skipuleggjenda hátíðarinnar. „Það mun styrkja bryggjuna enn frekar sem helsta menningarstað bæjarins. Bryggjan fær nú nýtt hlutverk, því nú fer ekkert af fiski um hana lengur. Þetta er hið nýja hlutverk bryggjunnar, mannlíf, menning og ferðabjónusta.“

Hugmyndin með hátíðinni er, að sögn Björns Inga, að lifga upp á þorpsstemninguna og halda sumarhátíð eins og mörg önnur byggðarlög gera. Hátíðin hefur undirtítilinn „Brú til brottfluttra“ og segir Björn Ingi að eins og með aðra minni bæi landsins

skipti brottfluttir íbúar bæinn miklu máli. „Samfélag þeirra brottfluttu er margfalt fjölmennara en þeirra sem búa hér nú. Hátíðin er góður tími fyrir brottflutta til að heimsækja bæinn, ættingja sína og vini og þeir geta þá gíst hjá þeim eða nýtt sér tjaldstæðin í bænum.“

Árni Johnsen sér um bryggjusöng sem fer fram við varðeld við Stokks-eyrarbryggju klukkan níu í kvöld. „Árni hefur verið kjölfestuaðili í hátíðinni og hefur verið með okkur í öll þrjú skiptin. Það má segja að bryggjusöngurinn sé meðal hápunkta hátíðarinnar,“ segir Björn Ingi. Í kvöld mun svo Bítlavinafélag Suðurlands með sýslumanni Árnassýslu, Ólafi Helga Kjartanssyni, troða upp, nýr gosbrunnur við bryggjuna verður vígður og Björn Thoroddsen sýnir listflug.

Töfragarðurinn, skemmtigarður með húsdýrum og leiktækjum fyrir yngri kynslóðina, verður opin og Draugasetrið einnig. „Á laugardaginn verða svo útítónleikar á bryggjusviðinu, sem heita Stokk-Rökk. Þá munu helstu hljómsveitir bæjarins og nær-



ÁRNI JOHNSEN Gítarleikarinn gamalkunni mun troða upp af sinni alkunnu snillið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sveita troða upp, meðal annars Nil-Fisk. Á sunnudaginn verður svo söguferð í rútu upp í sveitina þar sem bændur verða leiðsögumenn og segja frá mannlífi og ýmsu fróðlegu frá fyrri tíð. Allur bærinn tekur saman höndum við að bera hátíðina uppi. Það verður margt í boði fyrir fjölskyldufólk og sannkölluð bærjarstemning,“ segir Björn Ingi.

Frítt er inn á hátíðina og alla útítónleika, en dagskrána í heild sinni má sjá á vefnum www.stokkseyri.is.

steindor@frettabladid.is

+

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og
hlýðug við andlát og útför sonar míns og
bróður okkar,
Haraldar Elíasar Waage
Hafnarbraut 22, Kópavogi.

Arnbjörg J. Waage
Halla Waage
Ágústa Waage
Guðný Waage

Ingólfur Tryggvason

ÚTFARIR

- 13.00 **Guðrún Þórhallsdóttir**
Ludvíg verður jarðsungen frá Bústaðakirkju.

13.00 **Arnheiður Erla Sigurjónsdóttir**, hjúkrunafræðingur, Rjúpnasölum 12, Kópavogi, verður jarðsungen frá Kópavogskirkju.

15.00 **Sigrún Hjördís Eiríksdóttir**, Hlíðarhjalla 61, Kópavogi, verður jarðsungen frá kapellunni í Fossvogi.
- 15.00 **Hjördís Jónsdóttir**, Sólheimum 12, Reykjavík, verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Magnús Jónsson**, Brekkubæ 16, Reykjavík, verður jarðsungenin frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Ólafur Andrés Andrésson**, fyrrverandi sjómaður, Miðvangi 41, Hafnarfirði, verður jarðsungenin frá Hafnarjarðarkirkju.

AFMÆLI

Andri Snær Magnason
ríthöfundur er 33 ára.

Edda Björg Eyjólfsdóttir
leikkona er 34 ára.

Helgar sprenghja



Trefill, húfa og hanskar
svart, flís



Adrenalin pakki
bakpoki m/poka fyrir vökva,
utanáliggjandi rör og skeiðklukku



Bakpoki 10 ltr svefnpoki og vasaljós
blátt, bleikt



Handpumpa



Sett af stútum fylgir,
12V breytir fyrir bíla



Freedom svefnpoki
300

25% afsláttur
af öllum útileguvörum föstudag - mánudags.

NÝTT
kortatímabil

Útileguborð
ál, 70x70x68 cm

Fire friend
ferðagagrill



Höfuðlukt



Útilegulampi
vatnsheldur



Vatnsbrúsi



Vatnskútur
8 ltr.



Brauðrist
4ra sneiða

Gildir til 17. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

DV

um helgina



Mamma Arnar

Vildi deyja

eftir að sonurinn

svipti sig lífi



STUÐ MILLI STRÍÐA Endalausir möguleikar

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR ELSKAR NÝ TÆKIFÆRI



Stundum er talað um að ákveðnir einstaklingar séu heppnari en aðrir því sumir virðast einhvern veginn aldrei þurfa að hafa neitt fyrir neinu og fá allt upp í hendurnar. Fyrir ekki svo löngu síðan var mér sagt frá kenningum um heppni sem útskýrðu á fullkomlega rökréttan hátt hvers vegna sumir væru heppnari en aðrir. Samkvæmt þessum kenningum er heppni einfaldlega það að vera jákvæður og opinn fyrir tækifærum.

Þeir sem eru jákvæðir og bjartsýnir kynnast eðlilega fleira fólki en þeir sem eru neikvæðir, og fá þar af leiðandi fleiri spennandi tækifæri upp í hendurnar. Ef tvo einstaklinga vantar stað til að búa á er líklegra að þeim sem á marga vini og kunningja sé bent á lausa íbúð en þeim sem finnst leiðinlegt að eiga samskipti við annað fólk. Viðhorf fólks til ákveðinna atburða skiptir líka máli og tveir einstaklingar sem lenda í því að brjóta handlegg geta til dæmis litið gjörólikum augum á það. Öðrum getur fundist að óheppnin elti hann á röndum á meðan hinn getur talið sig mjög heppinn að það skyldi hafa verið vinstri handleggurinn sem brotnaði en ekki sá

hægri þar sem hann sé réttthentur. Með réttu viðhorfi getur hver sem er verið heppinn. Oft finnst mér til dæmis eins og ég fái alltaf allt sem ég vil en það er auðvitað ekki alveg svo einfalt. Sennilega er það frekar þannig að ef ég fæ ekki það sem ég held að ég vilji fæ ég eitthvað annað í staðinn og átta mig þá á því að það var raunverulega það sem ég vildi. Á endanum finnst mér því að ég fái allt sem ég vil. Ég held að jákvæðni og bjartsýni sé allt sem þarf til að njóta lífsins í botn því möguleikarnir eru endalausir. Tækifærin eru þarna úti og bíða bara eftir að einhver komi og gripi þau.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Skólavöru LAGERsala

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR

tilboðin gilda aðeins í Office 1 Skeifunni 17

Office1

Pennaveski

**Tvö verð
99,-
199,-**

Office1

Skólatöskur

**Verð frá
998,-**

**Þetta er aðeins
brot af
tilboðunum!**

Afgreiðslutímar

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

Office1 Superstore

Tilboðin gilda frá 14. til 16. júlí eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbreyngi og prentvillur.

! Kl. 21.00
**Fjölskylduhátíð á Stokkseyrar-
bryggju. Árni Johnsen leiðir bryggju-
söng við varðeldinn. Einnig verða
björgunarmenn heiðraðir fyrir
björgunarafrek við strand Elíasar
Steinssonar VE 167 austan Stokks-
eyrar 28. mars 1973.**

menning

menning@frettabladid.is

Ódæll snýr aftur

Myndlistarmaðurinn Snorri Ásmundsson snýr aftur á heimaslóðir og opnar sýningu á Akureyri á morgun en sýningin er haldin í galleríi Jónasar Viðar í Kaupvangsstræti 12. Í fréttatilkynningu segir að Snorri hafi oft verið uppnefndur Emil í Kattholti þeirra Akureyringa enda hafi þakkastríkt hans verið mörg. Af þeim sökum hafa Norðlendingar oft hugsað honum þegjandi þörfina. Hann hefur þó fengið uppreisn æru, til dæmis þegar hann var gerður að heiðursborgara Akureyrar árið 2000. Listferill Snorra hefur einkennst af ítarlegum rannsóknnum hans á mannlegu edli og hafa mann- lífstílaunir hans skilað sér inn í sköpunarferli listarinnar. Samkvæmt fréttatilkynningu Snorra hefur hann



þróað með sér andlega tækni í málalíst sem hefur vakið sterk áhrif hjá sýningargestum og hafa Orkuflámamyndir hans jafnvel verið taldar hafa lækningamátt. „Það gleður mig mikið að geta opnað Akureyring- um dyr að hinum andlega heimi með því að sýna þeim Orkuflámaverkin. Akureyringar jafnt sem aðrir landsmenn hafa fjarlægst andlegar tengingar, en ég held að fólk sé að vakna til vitundar um að þess efnis- lega verður ekki notið til fullnustu nema með hinu andlega. Listin er meðal annars verkfæri guðs til að eiga samræður við fólk og við myndlistarmenn berum því mikla ábyrgð,“ segir Snorri. Sýningin verður opnuð kl. 16 á morgun og stendur til 30. júlí.

OPNAR DYR AÐ ANDLEGUM HEIMI
Myndlistarmaðurinn Snorri Ásmundsson er ólíkindatól.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ekki missa af...

alþjóðlegu orgelsumri í **Hall-
grímskirkju**. Reglulegir hádeg-
is- og kvöldtónleikar í sumar þar
sem ungir og uppnennandi **org-
elleikarar** leika af mikilli list.

harmoníkuhátíð félaganna
í **Hljómi** sem leika um allt
Árbæjarsafn á sunnudaginn.
Það stefnir í eftirminnilegan
dag í einstöku umhverfi og ekki
spillir hressandi harmoníku-
músík.

sýningunni „**The Curse of
Sigtryggur Berg Sigmarsson**“
í galleríi **Dverg** við Grundarstíg
sem lýkur um helgina.



ÖRVAR KRISTJÁNSSON Margir hafa beðið spennitir eftir nýrri plötu frá Örvari Kristjánssyni enda fjórtán ár síðan hann gaf síðast út plötu.

Í suðrænum blæ

Harmonikkuleikarinn Örvar Kristjánsson hefur sent frá sér nýja plötu sem heitir Í suður- löndum. Ein fjórtán ár eru liðin frá því að nikkuleikarinn snjalli sendi síðast frá sér plötu.

„Platan hefur verið í bígerð í fjögur ár en hún er ekki hefð- bundin harmonikkuplata því það er sungið í öllum lögum,“ segir Örvar sem syngur flest lögin sjálfur. „Svo eru nokkrir gesta- söngvarar til dæmis Sigga Bein- teins og Sigrún Eva svo einhverj- ir séu nefndir.“ Í suðurlöndum er, eins og nafnið gefur til kynna, öll með suðrænum blæ.

Örvar gaf síðast út plötuna Rósina. Hann segir vinnuna við nýju plötuna hafa verið talsvert öðruvísi. „Það er allt öðruvísi að gefa út plötu núna. Tæknin sem er notuð við upptökur hefur til dæmis breyst mikið,“ segir

Örvar en hann gefur sjálfur út plötuna ásamt Jóhanni Birgis- syni. Jóhann leikur þess utan inn á plötuna sem og þeir feðgar Grétar Örvarsson og Kristján Grétarsson, sonur og sonarsonur Örvars.

Síðustu fjórtán ár hefur Örvar verið með annan fótinn á Kanarí- eyjum þar sem hann sér fyrir sér með því að þenja nikkuna. „Yfir vetrartímann dvel ég á Kanarí-eyjum. Ég spilaði hjá Klöru í Cosmos í tíu ár en fór svo yfir á norskan þar,“ segir Örvar og lofar Norðmennina upp í hást- tert. „Þetta er mikil harmoníku- þjóð en það er líka gaman að spila fyrir Íslendingana. Ég er eiginlega orðinn fastur punktur í tilverunni á Kanarí og ég kann alveg ofsalega vel við mig þar. Ég myndi ekki vilja breyta þessu mynstri.“ -kh

Yst í Suðsuðvestur

Listasýningu Heimis Björgúlfssonar „Yst glitrar“ í galleríi Suðsuðvestur í Reykjanesbæ lýkur um helgina, næstkomandi sunnudag, 16. júlí. Heimir sýnir vídeóinnsetningu og klippimynd unna úr ljósmyndum.

Heimir býr og starfar bæði í Los Angeles og Amsterdam en hann var nýlega tilnefndur til Rembrandt- verðlaunanna í Hollandi.

Suðsuðvestur er opið fimmtu- daga og föstudaga frá kl. 16-18 og um helgar frá kl. 14-17. Nánari upp- lýsingar má finna á vefsíðunni www.sudsudvestur.is



MYNDLISTARMAÐURINN HEIMIR BJÖRG- ÚLFSSON Allir hlutir glitra, jafnvel hið hlaupkennda.

Eistnaflug í Neskaupstað

Um helgina fer fram þunga- rokkshátíðin Eistnaflug 2006 í Egilsbúð í Neskaup- stað. Þetta er í annað sinn sem hátíðin fer fram og að sögn skipuleggjenda verður hún mjög vegleg.

„Þetta bara vantaði alveg hingað austur,“ segir Stefán Magnússon, aðalskipuleggjandi hátíðarinnar. „Ég flutti í Neskaupstað fyrir tveimur árum síðan og þá var ég búinn að vera að þvælast í þess- um þungarokks- og pönnkjarna í Reykjavík í nokkur ár. Það fer bara rosalega lítið fyrir þessu herna. Þetta er aðallega einhver popptónlist og djass,“ segir hann. Nafnið Eistnaflug minnir óneit- anlega á verslunarmannahelgar- hátíðina Neistaflug en Stefán segist alls ekki vera að gera grín að henni. „Hátíðin gat bara ekki heitið neitt annað, það var alveg á hreinu. Ég er ekkert að gera grín, þetta er bara minn húmor og mér fannst þetta nafn alveg steinlígja. Auk þess á það mjög vel við hátíðina, þetta er rokk og dúndur,“ segir hann og grínast með það að hljómsveitirnar séu hvort eð er flestar vel pung- sveittar.

Ein undantekning er þó á því,



HARÐKJARNAR Í HOSTILE Hljómsveitin Hostile rokkar í Egilsbúð líkt og í fyrra.

MYND/GUDNÝ LÁRA THORARENSEN



MIKIÐ VAR UM DÝRÐIR Á HÁTÍÐINI Í FYRRA Sextán bönd munu rokka á Eistnaflugi í ár.

hljómsveitin Without the Balls er rokkhljómsveit frá Austurlandi sem skipuð er stúlkum á aldrin- um 16-17 ára. Þær stúlkur verða einu fulltrúar kvenþjóðarinnar á sviðinu á Eistnaflugi um helgina og býst Stefán við því að þær muni rokka mikið. „Við erum náttúrlega andskoti góðar að vera einu stelpurnar sem spila á þessum tónleikum,“ segir Berg- ljót Halla Kristjánsdóttir, söng- kona hljómsveitarinnar. „Ætli við reynum ekki að spila ein- hvers konar rokkatónlist þarna. Við erum náttúrlega ung hljóms- sveit og erum enþá að mótast,“ segir Bergljót Halla.

Eistnafluglið hefst á hádegi á laugardag og fara tónleikarnir fram í félagsheimilinu Egilsbúð. „Við stefnum auðvitað á að fá tvöfalt fleiri gesti en í fyrra. Það er ekkert aldurstakmark og það kostar ekki nema þús-

und krónur inn. Þetta var allt rosalega flott í fyrra og þetta verður enþá flottara í ár. Það er nóg pláss herna, Egilsbúð er ekk- ert síðri en Egilshöll,“ segir Stef- án hlæjandi. Sextán rokkhljóms- sveitir munu koma fram á þessum miklu tónleikum. Marg- ar þekktar rokkhljómsveitir frá Reykjavík koma sérstaklega til þess að spila á hátíðinni og má þar nefna sveitirnar Hostile, Morðingjana, Dr. Gunna, Fræbb- blana og Sólstafi auk fjölda ann- ara.

valgeir@frettabladid.is



STEFÁN MAGNÚSSON & RAGNHEIÐ- UR MARÍA DÓTTIR HANS Aðal- skipuleggjandi Eistnaflugsins segist vonast til að fá helmingi fleiri gesti heldur en í fyrra.

Stefnt að ásættanlegu risi

Listasýningin „Hugris“ verður opnuð í Kling & Bang galleríi við Laugaveg annað kvöld en þar sýnir fjöllistahópurinn Gelitin afrakstur vinnu sinnar hér á landi en með- limir hafa ferðast um landið und- anfarna daga og aflað sér gagna, orku og andlegrar reynslu. Lista- mennirnir munu flytja samnefnd- an gjörning og afhjúpa umgjörð sem þeir hafa skapað með kjörað- stæður í huga enda krefst gjörn- ingurinn gifurlegrar einbeitingar.

Í Gelitin-hópnum eru fjórir listamenn frá Austurríki, þeir Tobias Urban, Wolfgang Gantner, Florian Reither og Ali Janka. Þeir hafa þekkt í tæp þrjátíu ár en starfað náið saman frá 1993 og verið tíðir gestir á mörgum af helstu söfnum og galleríum heims.

Ekki er vitað hversu lengi gjörningur þeirra mun standa en

hann ku verða háður því að „ásætt- anlegu risi“ verði náð enda greinir fréttatilkynning hópsins frá því að fyrrnefnt ris og kjarni þeirrar til- raunar sem Gelitin-hópurinn vinn- ur með feli í sér fullkomnun á ímyndunaraflinu „þar sem ímynd- un er kjarni þess að vera til. Ímyndunaraflíð getur mótað veru- leikann og aðeins þeir sem sjá hið ósýnilega geta gert hið ómögulega. Þeir sem segja að það sé ekki hægt ættu ekki að trufla þá sem eru að gera það“.

Sýningin hefst kl. 19.30 á laug- ardagskvöldið. Kling & Bang gall- erí er opið fimmtudaga til sunnu- daga frá kl. 14-18 og stendur sýning Gelitin yfir til 13. ágúst.

-khh

FJÖLLISTAHÓPURINN GELITIN „Aðeins þeir sem sjá hið ósýnilega geta gert hið ómögu- lega.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Sérstakt söltilboð á Ford



Nýtt tákni um gæði

Trend+
Mondeo Trend Plus
2,0i 5 dyra, 5 gíra*
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 41.120 kr.
Verð án söltilboðs 2.350.000 kr.
Söltilboð 2.250.000 kr.
Söltilboð á sjálfskiptum
Mondeo Trend Plus:
Til viðbótar aðeins
140.000 kr.



Mondeo Trend Plus

söltilboð
27490*

Mán.gr. Bílasamningur
Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku söltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Bílasamning* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu söltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á söltilboði.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is

Focus C-Max Trend Plus
söltilboð
29480*
(mán.gr. bílasamningur)

Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.



Trend+
Focus C-Max Trend Plus
2,0i 5 dyra, sjálfskiptur*
Bílasamningur 29.480 kr.
Rekstrarleiga 42.600 kr.
Verð án söltilboðs 2.590.000 kr.
Söltilboð 2.390.000 kr.

Komdu núna. Söltilboð Brimborgar
gildir meðan birgðir endast.

Í bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.

Nýttu þér sérstakt Trend-plús
söltilboð Brimborgar:
Ford Mondeo Trend Plus og
Ford Focus C-Max Trend Plus.



Sumarið er
í Brimborg



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Íslenskir hestar í karnivalskri spunasýningu

Íslenski hesturinn er samtvinnaður íslenskri þjóðarsál og á næstunni mun þessi fyrrum þarfasti þjónn landsmanna stíga frægðarspor á leiksviðinu. Sviðið er reiðhöll hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi en þar ætla leikstjórinn Sigrún Sól Ólafsdóttir, ásamt fjölbreyttum hópi listamanna, að setja upp verkið Þjóðarsálina þar sem hestar verða hluti af leikhópnum.

„Þetta er stórt og mikið verkefni sem við köllum karnivalska spunaleiksýningu,“ segir Sigrún Sól en þetta er í fyrsta skipti sem hestar hafa slíka aðkomu að leiksýningu hérlandis. „Þetta verður ekki svona dæmigerð hestaskrautsýning heldur munu lögmál leikhússins ráða.“

Sigrún Sól hefur stundað hestamennsku síðan hún var barn og hefur þetta verkefni verið henni hugstætt nokkuð lengi. „Ég hef unnið sem leikstjóri síðustu ár og þróað ákveðnar spunaaðferðir og



SIGRÚN SÓL ÓLAFSDÓTTIR OG BERGLIND RÓS BERGSDÓTTIR Leikstjórinn og tamningakonan vinna að óvenjulegu samstarfsverkefni þar sem íslenski hesturinn fer á svið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

finnst brýnt að leikhúsið taki á málum sem brenna á okkur en það er líka mikilvægt að það sé gaman í leikhúsinu,“ útskýrir Sigrún Sól.

„Við steypum þessu saman og tökum á brýnum málefnum með skeggjum hætti. Það mætti segja að verkið verði hárbeytt ádeila en í

henni er miðlað í gegnum fjör og leiki leikhússins. Ádeilan kemur í gegn en um leið er þetta mannlífsskoðun og leit að íslensku þjóðarsálinni.“

Í verkinu verður til dæmis fjallað um þjóðarvitund Íslendinga. „Við könnum hversu sterk hún er og hvernig hún birtist til dæmis í klisjum eins og að hér búi sterkustu mennirnir og fallegustu konurnar og hér séu flottustu hestarnir. Við vinnum með þessi element en köfum líka dýpra og finnum það sem gerir okkur að Íslendingum.“ Hugmyndir fólks um íslenska hestinn og margrómaða fegurð hans tengjast öðrum forhugmyndum okkar en Sigrún Sól segir að það muni koma í ljós hversu mikið hesturinn komi við sögu í sýningunni. „Við munum reyna að gera hlut hans sem mestan og stærstan,“ segir hún.

Æfingar fara á fullt með haustinu og áætlað er að frumsýna verkið í október.

- khh



HARALDUR JÓNSSON MYNDLISTARMAÐUR Er með innsetningu, úti- og innihljóðverk á Eilandi.

Eilandið afhjúpað

Samsýning fimm íslenskra myndlistarmanna verður opnuð í Gróttu á morgun en sýningin „Eiland“ stendur yfir fram á Menningarnótt þann 20. ágúst. Listamennirnir Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Hrafnkell Sigurðsson, Haraldur Jónsson og Friðrik Örn Hjalte-
sted standa að sýningunni og verða með listaverk í tólf innirýmum í eyjunni og útilistaverk víðs vegar í náttúru Eilandsins.

Margvísleg dagskrá er skipulögð í tengslum við sýninguna og er hægt að nálgast hana á heimasíðu listverkefnisins, www.eiland.is.

- khh

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

11 12 13 14 15 16 17

Föstudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

- ☐ 16.00 Hljómsveitin **Loftvarnir**, ein af þeim hljómsveitum sem taka þátt í **Skapandi sumarstarfi Hins hússins**, leikur í **Borgarbókasafninu**, Tryggvagötu. Hljómsveitin kemur fram á bókartorginu á 1. hæð Borgarbókasafnsins.

- ☐ 17.00 Tónlistarmaðurinn **Bela** leikur fyrir gesti og gangandi í verslun **12 Tóna** á **Skólavörðustíg 15**. Líttar veitingar verða á boðstölnum.

- ☐ 23.00 Stórtónleikar á skemmtistaðnum **Amsterdam**. Hljómsveitirnar **Múgsefjun**, **The Telepathics**, **Lada Sport**, **Sweet Sins** og **Ultra Mega Technobandið Stefán**. Aðgangur ókeypis.

- ☐ Kvartett **Eriks Quick** leikur í **Gamla bænum** við Mývatn. Með trommaranum geðþekka leika **Thomas Markusson**, **Haukur Gröndal** og **Ásgeir Ásgeirsson**.

■ ■ LEIKLIST

- ☐ 10.00 **Brúðubíllinn** sýnir leikþáttinn **Týnda eggði á Klambratúni** við **Kjarvalsstaði**.

■ ■ SKEMMTANIR

- ☐ 00.00 Diskótekarinn **Ásgeir Ólafs** gerir allt vitlaust á **Dátanum** á **Akureyri**.

- ☐ 23.00 Hljómsveitin **Sixties** leikur á **Kringlukuránni**.

■ ■ SÍÐUSTU FORVÖÐ

- ☐ 17.00 Síðasta sýningarhelgi á verkum **Sigtryggs Bergs Sigmarssonar** í **Gallerí Dvergi** á **Grundarstíg**.

■ ■ UPPÁKOMUR

- ☐ 21.00 Fjölskylduhátíð á **Stokkseyrarbryggju**. Bryggjusöngur **Árna Johnsen** og varðeldur við **Stokkseyrarbryggju**. Heiðrun fyrir björgunaraufrek við strand **Elíasar Steinssonar** VE 167 austan Stokkseyrar 28. mars 1973. Síðar um kvöldið syngur **Jóhanna Wíglund** og **Bítlavinafélag Suðurlands** kemur fram, boðið verður upp á listflug og kl. 23 leikur hljómsveitin **Karma** á **Draugabarnum**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

LUNGA

Á Seyðisfirði
17. – 23. júlí 2006

Listasmiðjur, opunarhátíð,
alþjóðlegt piknikk, stuttmynda-
veisla, hönnunarsýning,
uppskeruhátíð, RISAtónlistarveisla
og Todmobile ball.
Sjá www.lunga.is

Footloose

13. júlí - fim kl. 20 - Uppsal
14. júlí - fös kl. 20 - Uppsal
15. júlí - laug kl. 20 - laug sal
20. júlí - fim kl. 20 - Ólafur
21. júlí - fös kl. 20 - laug sal
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.munusleikur.is/footloose

MR. SKALLA GRIMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í júlí

Föstudag	14. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	15. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	16. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	21. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí	kl. 20	laus sæti

LEIKHÚSTILBOÐ
Tviréttadur matur, miði og fritt
í Göngin til baka í boði
Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDPANTANIR Í SÍMA 437 1600

KRINGLU KRÁIN

Sixties
í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar



EKKI VEITIR AF SMÁ SUÐRÆNUM ÁHRIFUM FYRIR ÍSLENSKA SUMARIÐ Ífe Tolentino leikur með Ómari og Óskari Guðjónssonum og Þorvaldi Þór Þorvaldssyni í Frikirkjunni í kvöld.FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dillandi og hjartastillandi

Brasilíski söngvarinn og gítarleikarinn Ífe Tolentino flytur ástríðufulla suðræna tónlist ásamt félögum sínum í Frikirkjunni í kvöld.

Þetta er fimmta Íslandsheimsókn Tolentinos en suðræna músíkin sem er hans sérgrein hefur fengið góðar viðtökur hérlandis. Kynni hans af Íslandi hófust fyrir nokkrum árum þegar saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson, sem þá bjó í London, lék með hljómsveit hans og heillaðist af músíkinni. Þeim varð vel til vana og Tolentino þekkti boð félaga síns um að sækja hann heim á Íslandi. „Það eru margar ástæður fyrir því að ég kem aftur og aftur,“ útskýrir Tolentino. „Ég kem vegna vináttunnar, náttúrunnar og fólksins, það er svo fallegt. Svo er maturinn líka góður.“

Hann hefur nýlengið tónleikferð um landið ásamt Óskari Guðjónssyni og bróður hans Ómari sem

leikur á gítar og trommuleikaranum Þorvaldi Þór Þorvaldssyni en þeir munu leika með honum í Frikirkjunni í kvöld. „Við vorum á Seyðisfirði síðast, það er alveg frábær staður og tónleikarnir heppnðust mjög vel,“ segir hann.

Tolention leikur hefðbundna samba- og bossanova-tónlist sem heyrir mjög sjaldan hér norður við ysta haf. Brasilísk tónlist hefur þó verið kynnt hér á landi. Tolentino segist samt hafa ákveðna sérstöðu. „Ég kem nefnilega aftur og aftur og krefst þess að fólk hlusti,“ segir hann skellihlæjandi. Hann segir Íslendinga taka vel á móti tónlistinni og áréttar að engir tónleikar séu eins. „Þessi tónlist er svona afslöppuð en grúvar vel. Það er líka mikið rými fyrir spuna og þá er frábært að spila með svona góðum tónlistarmönnum. Við verðum mjög skapandi og það gerist eitthvað alveg nýtt á hverjum tónleikum. Þess vegna er þetta aldrei leiðinlegt,“ útskýrir hann. Tónleikarnir eru að sögn alls ekkert

hávaðasamir og þeir félagar eru víst lítið með læti. „Kannski stundum þegar menn blása af innlifun í saxófóninn en þetta er engin „trash-metal“ tónlist,“ segir söngvarinn spóskur.

„Ég hef séð fólk í áhorfendaskaranum sem er mjög alvarlegt á svipinn en svo kemur það eftir tónleikana og þakkar manni fyrir af því það er svo ánægt. Fólk segir að þessi tónlist færi hjartanu frið og hamingju – jafnvel þegar lögin eru sorgleg. En svo er náttúrulega hægt að hrista sig aðeins líka,“ útskýrir Tolentino.

„Við höfum haldið marga tónleika og oft kemur fólk til okkar eftir þá bara til þess að ræða um lífið og tilveruna,“ segir Tolentino sem vonast til að geta heimsótt Ísland árlega í framtíðinni. „Ég held að fólk á Íslandi sé svona indælt og hlýtt til þess að bæta upp kuldann hérna,“ segir hann að lokum.

Tónleikarnir í Frikirkjunni hefjast kl. 21 í kvöld.

-khh

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Ítölsk innrás í Mosfellsbæ

Um þessar mundir dvelja 70 Ítalir á íslenskum heimilum í Mosfellsbæ. Allir þessir Ítalir eru tónlistarmenn enda er um heila lúðra-sveit að ræða.

För Ítalanna er partur af vinasambandi skólahljómsveitar Mosfellsbæjar og Corpo Bandistico. „Aðdragandinn var sá að haft var samband frá Corpo Bandistico, sem er tónlistarskóli í bænum Monzuno í grennd við Bologna,“ segir Birgir D. Sveinsson, deildarstjóri skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. „Við erum búin að vera í tengslum við þau undanfarið ár að undirbúa gagnkvæma heimsókn, sem nú er orðin að veruleika.“

Fýrr í sumar fór 45 manna hópur skólahljómsveitar Mosfellsbæjar út

til Ítalíu og naut þar gestrisni meðlima Corpo Bandistico í viku. Krökkunum var boðið í heimahús og fengu þeir að kynnst ítölsku heimilislífi frá fyrstu hendi. Eins og lög gera ráð fyrir var heilmikið spilað. Að sögn Daða Þórs Einarsson stjórnanda var hápunkturinn sameiginlegir lokatónleikar Mosfellinga og Corpo Bandistico sem fram fóru í 1.000 metra hæð, en auk þess að kynna íslenska tónlist las Margrét Ponzi upp íslensk ljóð bæði á íslensku og ítölsku við góðar undirtektir innfæddra. Að tónleikunum loknum var svo haldið til Rimini þar sem hópurinn slappaði af í viku auk þess að fara í fjölmargar skoðunaferðir.

Nú eru Ítalirnir komnir hingað til lands að smakka slátur og sviða-

kjamma á íslenskum heimilum. Dagskrá þeirra er fjölbreytt en þeir fræðast meðal annars um íslenska hestinn, skoða Mosfellssveitina og Þingvelli, fara í hvalaskoðun, heimsækja Þjóðminjasafnið og öllum er að sjálfsögðu dýft ofan í Bláa lónið.

Á morgun laugardag kl. 17 heldur Corpo Bandistico tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Þriðjudaginn 18. júlí verða svo sameiginlegir lokatónleikar í Gagnfræðaskólanum í Mosfellsbæ kl. 20. „Við hvetjum alla, sérstaklega Mosfellinga, til að mæta og sjá Ítalina leika listir sínar, en þeir kunna sitthvað fleira fyrir sér en að spila fótbolta,“ segir Daði.



DAÐI ÞÓR EINARSSON MUNDAR SPROTANN Samspil skólahljómsveitar Mosfellsbæjar og Corpo Bandistico á Ítalíu.



HÁLSSKRAUT EFTIR INGRID LARSEN Listakonan vinnur í silki en notar einnig perlur, ull og fiskroð. MYND/TRYM IVAR BERGSMO

Prýðisskart

Norska listakonan Ingrid Larsen heldur sýningu á hönnun sinni á Skriðuklaustri um þessar mundir.

Ingrid býr og starfar í Vesterålen í Norður-Noregi en hefur sýnt í listgalleríum víða um heim en hún sérhæfir sig í hönnun á hálsskarti og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín. Hálsskartið vinnur hún úr silki en notar jafnframt perlur, ull og fiskroð við iðju sína. Hún sækir hugmyndir að verkunum í náttúruna bæði hvað varðar liti og form svo úr verða einstakir gripir sem vefjast um háls þeirra er þá bera.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ingrid sýnir hérlandis og stendur sýningin til 6. ágúst en þá verður hún flutt í sal Handverks og hönnunar í Reykjavík.

Gunnarsstofnun og Menningararráð Austurlands standa að sýningunni á Skriðuklaustri og er hún liður í menningarsamstarfi Austurlands og Vesterålen. -khh



ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ STEFÁN Stendur undir sínu langa nafni og slær ætíð á rétta strengi.MYND/VALLI

Sumarrokk á Amsterdam

Það stefnir í stórtónleika á skemmtistaðnum Amsterdam í kvöld. Sumarroksveiflu drengirnir í Ultra Mega Technobandinu Stefáni munu trylla hlustendur ásamt hljómsveitunum Múgsefjun, The Telepathetics, Lödu Sport og Sweet Sins.

Það er algjörlega ókeypis inn og fjörið hefst kl. 23 og stendur fram eftir nóttu. - khh

SONY

Valið er einfalt...

Fimm stjörnu LCD sjónvarpið er Sony

-sérfræðingarnir eru á einu máli

★★★★★

“The Sony’s talents aren’t restricted to its pictures, either. It’s a remarkably powerful audio performer too.”

What Video and High definition TV
- Júlí 2006

KDL32V2000

32" Sony Bravia LCD sjónvarp
HD ready

279.950,-
23.329 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust *

★★★★★

★★★★★

“for the state-of-the-art LCD picture quality, it’s worth every penny”

What HiFi? Sound and vision
- Ágúst 2006

KDL46V2000

46" Sony Bravia LCD sjónvarp
HD ready

599.950,-
49.995 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust *

★★★★★

★★★★★

“for the state-of-the-art LCD picture quality, it’s worth every penny”

What HiFi? Sound and vision
- Ágúst 2006

KDL40V2000

40" Sony Bravia LCD sjónvarp
HD ready

399.950,-
33.329 á mánuði í 12 mánuði *

★★★★★

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalauser jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbæfrétt. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



> REYKJAVÍK



> MUSE

> Í SPILARANUM

Reykjavík!: Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol

WolfMother: Wolfmother

Eberg: Voff voff

Muse: Black Holes & Revelations


Thom Yorke: The Eraser

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Morrissey og Sufjan Stevens til Íslands

Hinn virti tónlistarmaður Morrissey er á leið til Íslands og heldur tónleika í Laugardalshöll 12. ágúst næstkomandi. Morrissey er þekktastur fyrir að vera söngvari The Smiths en síðustu ár hefur hann sent frá sér nokkrar velheppnaðar sólóplötur. Síðust í röðinni var



MORRISSEY Heldur tónleika í Höllinni í næsta mánuði.

platan „Ringleader of the Torm-entors“ sem kom út í upphafi árs. Sú plata hefur fengið mikið lof gagnrýnenda, sem og aðdáenda kappans. Það sannaðist ágætlega á nýafstaðinni Hróarskelduhátíð þar sem Morrissey fékk mikið lof fyrir tónleika sína. Miðasala á tónleika Morrissey hefst fljótlega eftir helgina.

Það er tónleikahaldarinn Grímur Atlason sem stendur fyrir tónleikum Morrissey en hann er stórtækur um þessar mundir. Í gær var tilkynnt um að snillingurinn Sufjan Stevens haldi tvenna tónleika á hans vegum, en þeir verða 16. og 17. nóvember í Frikirkjunni. Sufjan Stevens þykir einn af eftirtektaðari tónlistarmönnum samtímans. Á síðasta ári var plata hans Illinois til að mynda valin besta plata ársins í velflestum tónlistarblöðum. Sufjan er einstaklega afkastamikill tónlistarmaður. Hann hefur til að mynda einsett sér að gera eina plötu fyrir hvert ríkjanna 50 í Bandaríkjunum og var Illinois-platan hluti af þeirri sérú.

Gítarleikarinn Rob Moose verður Sufjan til halds og trausts en hann lék með Antony & the Johnsons hér fyrir skemmstu.

Einstakur diskur úr Bláa lóninu

„Ég fékk þessa hugmynd fyrst fyrir 12 eða 13 árum, að tengja saman tónlist og Bláa lónið,“ segir plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson sem hefur sent frá sér plötuna Blue Lagoon Soundtrack. Ekkert varð úr hugmynd Margeirs í fyrstu en síðustu ár hefur hann nokkrum sinnum spilað sem plötusnúðurur í Lóninu og þá ákvað hann að endurvekja þessa gömlu hugmynd.

Blue Lagoon Soundtrack myndi líklegast flokkast sem lounge-diskur þó Margeir fallist ekki alveg á það, enda finnst honum flestir lounge-diskar leiðinlegir. „Þeir eru allir eins, sándið er svo slípað. Ég vildi forðast það en í staðinn búa til disk sem er svipaður og Bláa lónið, sem er alveg einstakt. Þá er ég ekki bara að tala um lónið sjálft heldur líka

náttúruna í kring og orkuverið sem er þarna. Þetta eru allt hlutir sem ég reyndi að nýta mér þegar ég valdi tónlistina á diskinn,“ segir Margeir.



MARGEIR Slappar af í Lóninu.

bræddi saman svo úr varð skemmtileg heild. En fyrir hverja er platan hugsuð?

„Hún er bara hugsuð fyrir unnendur góðrar tónlistar. Það má alveg koma skýrt fram að ég var ekki að gera einhverja túristaplötu eins og fólk gæti haldið. Þetta er einfaldlega flott konsept-plata.“



> Plata vikunnar

Nouvelle Vague: Bande À Part

„Nouvelle Vague heldur áfram að flytja uppáhaldsnýbylgjuslagarana sína í seiddandi bossanova útgáfum. Í þetta skiptið urðu New Order, Blondie, Buzzcocks og Billy Idol m.a. fyrir barðinu. Hreint afbragð frá upphafi til enda.“

BÖS



DR. MISTER & MISTER HANDSOME Hljómsveitin gefur út sína fyrstu breiðskífu á næstu dögum og má búast við því að hún verði umdeild.

MYND/CHARLIE STRAND

Ætlum að ná gullplötu svo mamma verði ánægð

Hljómsveitin Dr. Mister & Mister Handsome gefur út sína fyrstu plötu hinn 20. júlí. Valgeir Ragnarsson settist niður með Ívari Erni Kolbeinssyni og Guðna Rúnari Gunnarssyni og spurði þá út í plötuna þeirra Dirty Slutty Hooker Money.

Hljómsveitin Dr. Mister & Mister Handsome var stofnuð í nóvember í fyrra. Hún hafði aðeins spilað einu sinni áður opinberlega er hún spilaði á Airwaves-hátíðinni í fyrra. Hlutirnir hafa gerst hratt hjá hljómsveitinni síðan þá. „Við skrifuðum undir hjá Cod Music í vor og svo tókum við plötuna upp í apríl,“ segja þeir. „Ég hef verið að semja raftónlist síðan ég var 16 ára og Guðni var alltaf svo hrifinn af tónlistinni, þannig að við ákváðum að stofna þessa hljómsveit,“ segir Ívar.

Snake hljómar ekki nógu vel

„Nafnið Dr. Mister byrjaði bara sem eitthvert djók á fyllerí, þetta var einhver húmor um þessa „scooter-klúbba týpu“ og það sama má segja um Mr. Handsome,“ segir Ívar Örn sem gengur undir viðurnefninu Dr. Mister. Auk þeirra Ívars og Guðna er Egill Tómasson einnig meðlimur í bandinu, en hann hefur fengið viðurnefnið Snake. Bláðamanni lék forvitni á að vita hvers vegna Snake

fær ekki að vera með í nafni hljómsveitarinnar.

„Egill var ekki með okkur í upphafi, við ætluðum bara að vera tveir en síðan var hann bara svo graður yfir músíkinni og vildi endilega vera með. Hann reiddaði húsnæði og byrjaði að spila með okkur og það virkaði bara svo vel,“ segir Guðni. Auk þess hljómar Dr. Mister & Mister Handsome og Snake bara illa,“ segja þeir báðir og hlæja. „Við erum bara Dr. Mister og Mister Handsome, við erum andlítið á bandinu. Á meðan hann spilar á gítar syngjum við og forritum tónlistina. Svo lúkkum við líka bara svo skolli vel,“ bætir Guðni við.

Verða umdeildir

Plötuumslagið sem sýnir vændiskonu liggja í rúmi og nafn plötunnar, Dirty Slutty Hooker Money, hafa vakið töluverða athygli. Skyldu einhverjar yfirlýsingar um líferni hljómsveitarmanna felast í þessu? „Þetta er bara konseptið á plötunni, við erum að leika karaktera og þeir eru svona djöfulli harðir,“ segir Ívar ákveðinn. „Við erum bara að leika leik sem er ótrúlega skemmtilegur, en við tókum hann alveg fullkomlega alvarlega,“ bætir Guðni við.

Þeir segjast báðir tilbúnir til þess að taka gagnrýni vegna innihalds og útlits plötunnar. „Við búumst alveg eins við því að heyra eitthvað frá feministakerlingum og einhverjum anti-eiturlyfjagúrúum,“ segja þeir um leið og bláa-

maður spyr þá hvernig þeir muni svara slíkri gagnrýni? „Þetta er bara list, það er flottur glans á þessu og þetta kemur bara mjög vel út, bara úturgott klúbbastöff.“

Samstarf við aðra listamenn

Á plötunni nýtur hljómsveitin aðstoðar Prastar og Krumma úr Mínus auk Svölu Björgvinsdóttur. „Þau eru öll mjög góðir vinir okkar og þegar maður er með fullt af svona hæfileikaríku tónlistarfólki í kringum sig þá kemur ekkert annað til greina en að vinna með því,“ segir Ívar. Krummi syngur í tveimur lögum á plötunni og Svala í einu lagi, en það er lagið Was it all there was sem hún hafði áður sungið með hljómsveitinni Scope. Próstur spilar á bassa og hann söng í einu lagi sem þó er ekki að finna á plötunni. „Svala hefur spilað með okkur tvisvar sinnum á tónleikum og hún lætur okkur líta mun betur út,“ segja þeir.

Þeir Ívar og Guðni eru bjartsýnir á gengi plötunnar enda hafa þeir toppað hvern vinsældarlistann á fætur öðrum á undanföllum mánuðum. „Það verður ágætis stæð á þessu, það er margt framundan, meðal annars stórir útgáfutónleikar og fleira sem mun koma í ljós seinna. Við ætlum að ná gullplötu því þá verða mömmur okkar svo ánægðar. Dirty Slutty Hooker Money er barnaplatan okkar og hún á eftir að fara í alla gjafapakka á næstunni,“ segja þeir hlæjandi.

valgeir@frettabladid.is

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS SKEYTIÐ JA SMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO.

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO * DVD MYNDIR TÖLVULEIKIR VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA

SAMÞYNN **HÁSKÓLABÍÓ** **SELFOSS BÍÓ**

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.

Síðasta yfirlýsing Johnny Cash

One vinsælast

Platan American V: A Hundred Highways með bandarísku kántri-goðsógninni Johnny Cash er kominn út, þremur árum eftir dauða hans. Á plötunni er að finna nokkrar af hans allra síðustu upptökum sem meðal annars voru teknar upp á tímabilinu frá dauða eiginkonu hans June Carter og fram að dauða hans í október 2003.

Líkt og á hinum plötunum í American-seríunni byggist hún að mestu leyti upp á tókulögum eftir aðra fræga listamenn. Rick Rubin annaðist upptökustjórn og hljóðblöndun líkt og hann gerði á hinum plötunum. „Þessi lög eru lokayfirlýsing Johnny Cash,“ sagði Rubin í nýlegu viðtali. „Þetta er tónlistin sem hann vildi

að við hin heyrðum. Að mínu mati er þetta besta platan í American-seríunni, hún hefur öðruvísi karakter en hinar og á endanum verður þetta ein af hans bestu plötum.“

Cash náði að klára allan söng á plötunni áður en hann lést en undirspilið var ekki fullklárað fyrr en í byrjun þessa árs. Cash samdi tvö lög á plötunni en önnur lög á plötunni eru meðal annars tókulög eftir Bruce Spingsteen, Gordon Lightfoot og Hank Williams. Talið er að Cash hafi tekið upp nærri því 50 lög á síðustu mánuðum ævinnar og er talið líklegt að sjötta platan í American-seríunni líti dagsins ljós áður en langt um líður.



JOHNNY CASH Platan American V: A Hundred Highways inniheldur upptökur frá síðustu ævidögum Johnny Cash.

- vör

Lagið One með írsku gæðingunum í U2 endaði í fyrsta sæti í könnun sem VH1 sjónvarpsstöðin gerði í Bretlandi yfir uppáhalds dægurlagatexta áhorfenda. Lagið, sem situr nú ofarlega á vinsældalistum í nýjum búningi með Mary J. Blige, kom upphaflega út fyrir rúmum 15 árum. Þó svo textinn hafi í raun verið sáinn af Bono um sambandsslit hans, þá eru jákvæðu línurnar um sameinaða bræður og systur flestum efstar í huga.

Í öðru sæti var lagið How Soon Is Now? með hljómsveitinni The Smiths. Nirvana endaði í þriðja sæti með lagið Smells Like Teen Spirit. Aðrir listamenn sem náðu inn á topp 10 listann yfir vinsælustu dægurlagatextana voru



U2 Piltarnir frá Írlandi eiga vinsælasta dægurlagatexta Bretlands.

meðal annars Bob Marley, Eminem og Coldplay.



ANDRE 3000 Outkast fer í tónleikaferð án stjórnunnar sjálfar.

Andre 3000 situr heima

Tvíeykið OutKast hefur gefið það út að tónleikaferð sé í bígerð en þó með öðru sniði en vanalega. Big Boi, annar helmingur hljómsveitarinnar, hefur sagt að Andre 3000 muni ekki spila á tónleikaferðalaginu.

„Ég mun fara í tónleikaferðina en bróðir minn Andre mun ekki koma með, hann er bara að slappa af. Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér, við sjáum bara til,“ sagði Big Boi. Ný plata, sú fyrsta frá árinu 2003, er væntanleg frá Outkast í ágúst og tók Andre 3000 jafnan þátt í gerð hennar. Því er ekki vitað hvers vegna hann mun sitja heima á meðan Big Boi fer í tónleikaferðalag.



KILLERS Ný plata í október.

Ný plata frá The Killers

Hljómsveitin The Killers frá Las Vegas mun gefa út sína aðra breiðskífu þann 2. október. Platan hefur fengið nafnið Sams Town og dregur hún nafn sitt af spilavíti í heimabæ þeirra pílta.

Fregnir herma einnig að fyrsta smáskífa plötunnar muni einnig heita Sams Town. Fyrsta plata hljómsveitarinnar, Hot Fuss, kom út árið 2004 og skaut hún hljómsveitinni beint upp á stjörnuhiminn.

▶ Svona er sumarið 2006

er komin í verslanir!



Í svörtum fötum • Þessa nótt
Nylon • Losing a Friend
Snorri • Farin burt
Dr.Mister and Mr.Handsome • Is it love?
Birgitta og Stuðmenn • Á röltinu í Reykjavík
Friðrik Ómar • Farinn
Halla Vilhjálmisdóttir • Sá eini sanni
Steed Lord • Dirty Mutha
Hera • Here We Are
Fabúla • Pink Sky
Ingó • Týndur

Greifarnir • Betra en gott
Bríet Sunna • Always On My Mind
Bermuda • Fegurðargenið er fundið
Buttercup • Á leiðinni heim
Vax • Like You
Kung Fú • Sólin skín
Start • Heilræðavísur
Karma • Aldrei
Spútnik • Frjáls
Out Loud • Okkar leið

Allir íslensku sumarsmellirnir á einni plötu!

Góða skemmtun! ▶



REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VELUR KARLMENN EINS OG RAUÐVÍN

Ellismellir eða heimsmenn?

Ég hef lengi velt því fyrir mér hvaða augum fólk lítur aldursmun í samböndum. Ég hef nefnilega svo oft verið á fjölförnum stað þar sem fólk situr saman og spjallar og greinilegt er að á milli þeirra eru mörg ár, að sjálfsöðu. En það sem ég stend mig oft að að spá í er einmitt hvers vegna þessar manneskjur sitja saman; er það vegna þess að þær eru vinir, skyldar eða par?

Þá reyni ég að lesa úr persónunum, hversu mikill munur er á þeim og hvers háttar hann er. Hvort karlmaðurinn er eldri aðilinn eða konan, hvort konan er bara ung, mjög ung eða ósmekklega ung til að vera með manninum. Í þeim tilfellum geri ég iðulega ráð fyrir því að maðurinn sé skyldur henni á einhvern hátt. Svona rétt til að láta mér líða betur. Ég get hins vegar ekki neitað því að ef konan er bersýnilega mikið eldri en maðurinn er ég oftast búin að stimpla þau sem venslamenn af einhverju tagi. Þó finnst mér sú tilhugsun skemmtileg að ímynda mér að ég muni eiga möguleika á því í framtíðinni að geta náð mér í ungan mann þrátt

fyrir ögn hærri aldur. En fyrir því trompi þarf sennilega að vinna vel. Húrra fyrir þeim konum!

Hvað sem öðru líður þá væri kjánalegt að viðurkenna ekki að þessar hugsanir renni í gegn um hugann. Algengast er, einhverra hluta vegna, að eldri maður sé með yngri konu. Fyrir mér eru þetta yfirleitt menn sem tilheyra einni af þremur títum; menn sem eru ungir í anda, inni í því sem gengur og gerist og bera ekki sérstaklega með sér að þeir séu komnir til ára sinna. Svo eru þeir sem eldast sérlega vel, verða fríðari með hverju árinu og hverju gráa hárinu og eru sjéntilmenni. Að síðustu eru þeir sem einfaldlega eiga bara buxur með mjög djúpum vösum. Sennilega eru þó líka til þeir menn sem hafa öll einkennin en þeir eru þó sjaldséðir í þessum heimi. Ef maðurinn getur talist til eins af þessum karakterum get ég vel skilið að kona hafi

fallið fyrir honum. Það verður nú líka að segjast að oftar en ekki læra menn sitthvað með árunum sem gefur þeim aukinn glans. Mér finnst til dæmis klárir menn og veraldarvanir afar heillandi.

Það sem fylgir þessum mönnum getur auðvitað líka verið af andstæðum meiddi. Þeir geta verið úthaldslitir í fjöri og frístundum, þeir geta verið of niðurnegldir í eitthvert mynstur sem þeir hafa myndað sér yfir árin, verið alræmdir gallagripir eða einfaldlega vonlausir. Það sem getur komið upp í hugann þegar verið er að velja sér eldri mann er tilhugsunin um að enda ein og án félaga fyrir aldur fram. Það er örugglega eitthvað sem fæstir óska sér og hreinlega nenna. Eins og maður sé ekki kominn með nóg af því nú þegar! Og þá veltur upp spurningin: hvers virði er ástin? Þá er eins gott að vera viss um að ástin sé merkilegri en félagsskapurinn í ellinni!



Búðir sem setja svip á mannlífið

Litlar verslanir með sérhæfðum vörum eru víðs vegar um miðbæinn. Sumar hafa verið til í hálfu öld en aðrar eru nýtilkomnar. Búðareigendurnir eru oftast nær að sameina sín eigin áhugamál og atvinnu og eru sammála um að þetta sé meira til að hafa gaman af en að græða. Búðirnar eiga allar sinn tryggja kúnnahóp sem nær til allra aldurshópa. Forvitnilegt er að sjá hvaða fólk stendur að verslununum og hvað gerði það að verkum að það ákvað að opna búð með svona sérhæfðum varningi.

Fjölskyldufyrirtæki

Bókabúð Steinars er við Bergstaðastræti og sérhæfir sig í sölu á bókmenntum tengdum listum og menningu. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í 20 ár. Ég tók við búðinni af föður mínum, Steinari Guðjónssyni,“ segir Björg Steinarsdóttir en samhliða búðinni er orðabókaútgáfa. Í versluninni er hægt að finna bækur á hinu breiða sviði menningar og lista. „Fyrst fannst fólki skrýtið að við værum með bækur á ensku en því miður er ekki mikið af svona bókum á íslensku.“ Eins og í öðrum verslunumaðrar er Björg með góðan hóp af fastakúnnum og eru hönnunar og handverksbækurnar vinsælastar. „Flestar bækurnar okkar eru frá Bretlandi og reynum við að fylgjast vel með nýjustu stefnum og straumum í bókaútgáfu.



Við höfum aldrei auglýst en samt eykst salan sífellt,“ Björg segist ekki finna fyrir því að vera í samkeppni við mikinn bóksölurisa og segir búðina algjörlega samkeppnishæfa í verðlagi. „Þetta er auðvitað áhugamál hjá mér og ég hef unun af fallegum og góðum bókum.“

BJÖRG STEINARSDÓTTIR Selur bækur tengdar listum og menningu og er hér að taka upp stóra sendingu af nýjum bókum.

Andleg velliðan í Ingólfsstræti

„Það er mikil vakning í samfélaginu og áhugi á andlegum málefnum eykst stöðugt, sérstaklega hjá ungu kynslóðinni,“ segir Herdís Björnsdóttir eigandi búðarinnar Gjafir Jarðar. Hún stofnaði verslunina fyrir tæpum tveimur árum og var fyrst á Laugaveginum en flutti fyrir ári síðan að Ingólfsstræti 2. Í búðinni má finna ýmislegt sem tengist andlegri velliðan svo sem spil, kristalla, fallega lampa úr náttúrusteinum og reykelsi. „Ég var búin að vera í veitingarekstri í 20 ár en hef haft áhuga á öllu sem tengist andlegri heilsu síðan ég man eftir mér og ákvað að skella mér út í verslunarekstur þegar ég fann mikið af fallegum munum sem tengjast andlegum málefnum á netinu.“ Vörurnar sem



HERDÍS BJÖRNSDÓTTIR Hefur haft áhuga á andlegum málefnum frá því að hún man eftir sér.

Herdís er með í búðinni kaupir hún í gegnum heildsölur á netinu frá Bandaríkjunum og Brasilíu. „Það er gaman að geta loksins sameinað áhugamál og vinnu og ég er ekkert endilega í þessu til græða, þetta er svo gefandi,“ segir Herdís en hún er heilari að mennt og starfar sem slíkur á efri hæð verslunarinnar.



STEINGRÍMUR BJÖRNSSON Stofnaði búðina Safnarinn við Ráðhúsið fyrir einu og hálfu ári. Í henni eru seld frímerki og bílamódel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Frímerkjasöfnun á uppleið“

Steingrímur Björnsson stofnaði búðina Safnarinn við Ráðhúsið sem er við Vonarstræti fyrir einu og hálfu ári eftir að hann varð atvinnulaus. „Það eru ekki miklir möguleikar fyrir menn á mínum aldri sem verða atvinnulausir. Mér fannst því best að stofna mitt eigið,“ segir Steingrímur. Búðin er algjör gullnáma fyrir safnara en þar kennir ýmissa grasa allt frá lyklakippum upp í nákvæmar eftirlíkingar af bílum. „Ég hef safnað frímerkjum síðan ég var lítill drengur og því tilvalið að gera eitthvað sem sinnir því áhugamáli.“ Steingrímur vann við að selja varahluti í bíla áður en hann stofnaði búðina. Hann segist vera mjög sanngjarn í verði og gerir vel við sína fastakúnnu. „Það skiptir miklu máli að gefa afslátt svo fólkið komi tilbaka. Sumir koma einu sinni í viku til að kaupa bílana en auk þess erum við með frímerki, albúm og blöð sem tengjast þeim.“ Steingrímur er handviss um að frímerkjasöfnun sé á uppleið og áhugi safnara á því sviði aukist mikið hjá honum síðan hann opnaði. Hann er eini starfsmaður búðarinnar og stendur vaktina á hverjum einasta degi frá 10-18.



PORVALDUR KRISTINN GUNNARSSON Hyggst ekki stækka við sig í bráð enda segir hann að kúnnahópurinn sé í miðbænum og að búðin sé of pönkuð fyrir verslunarmiðstöðvar.

Of pönkuð búð fyrir verslunarmiðstöðvar

„Ég byrjaði með verslunina þegar ég var að skrifa lokaritgerðina mína í viðskiptafræðum árið 1998. Ég nennti ekki að skrifa allan daginn og ákvað því að stofna þessa þrýðisgöðu búð þar sem áhugamál mitt fær að njóta sín,“ segir Þorvaldur Kristinn Gunnarsson eigandi Geisladiskabúðar Valda á Vita-stíg. Búðin er feikigóð fyrir áhugafólk um tónlist og býður Þorvaldur upp á mjög gott úrval af geisladiskum, tónlistar dvd-myndum, vínýl-plötum, hljómsveitarpeysum, tölvuleikjum og fánum til að hengja upp á vegg. „Ég hef alltaf verið rosalega mikill safnari og ég kalla sjálfan mig ungan rokkara,“ segir Þorvaldur og hlær. Þegar hann byrjaði með búðina voru mest notaðir diskar og plötur á boðstólum en núna segir hann að 90 prósent af vörunum séu nýir diskar sem hann kaupir af erlendum heildsölum og hin 10 prósent eru notaðir diskar sem hann kaupir af söfnurum. „Það er mjög breiður aldursþópur sem kemur hingað og einnig er búðin vel sótt af útflendingum. Sumarið er því mesti álagstíminn hér,“ segir Þorvaldur en hann er eini starfsmaður verslunarinnar og hyggst halda ótrauður áfram á meðan honum finnst þetta ennþá vera gaman.

Leikur dóttur Harrison Ford

Leikkonan unga Natalie Portman hefur fengið hlutverk í fjórðu og síðustu myndinni um Indiana Jones. Harrison Ford leikur hetjuna frægu en Portman mun leika dóttur hans.

Leikstjóri myndarinnar er George Lucas en hann og Natalie Portman eru vel kunnug síðan í Star Wars-myndunum, en hún lék í myndunum undir hans stjórn. Búið er að velja fleiri leikara í myndina, en Sean Connery mun leika föður Indiana Jones og Jake Gyllenhall kemur einnig við sögu í myndinni sem verður tekin upp á þessu ári.



NATALIE PORTMAN Leikur dóttur Harrison Ford í fjórðu myndinni um Indiana Jones

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Upplifir gamlan draum

Fegurðardrottningin Manuela Ósk Harðardóttir og vinkona hennar Karen ætla að videoblogga frá Miss Universe og verður afraksturinn sýndur á sjónvarpsstöðinni Sirkus en ennfreður verður hægt að nálgast efnið á minnsirkus.is/ungfrurnar. Miss Universe fer að þessu sinni fram í Los Angeles og tekur Sif Aradóttir þátt í keppninni fyrir hönd Íslands.

Manuela átti reyndar í stökustu vandræðum með farsímamann sinn þegar Fréttablaðið náði tali af henni og neyddist því til að notast við heimasímann. „Var að ná í símann úr viðgerð en hún hefur greinilega ekki haft áhrif,“ sagði Manuela sem greinilega var á harðahlaupum enda flugið til Ameríku eftir örfáa



MANUELA OG KAREN Ætla að videoblogga frá Miss Universe í Los Angeles en þar verða þær til að styðja við bakið á Sif Aradóttur sem tekur þátt í keppninni fyrir hönd Íslands.

tíma. „Við fljúgum fyrst til New York og verðum þar í þrjá daga en höldum síðan til L.A,“ útskýrir fegurðardrottningin.

Manuela hefur sjálf reynslu af því að taka þátt í fegurðarsamkeppnum en hún var krýnd ungfrú Ísland árið 2002 og hélt ári seinna til Panama þar sem hún ætlaði að taka þátt í Miss Universe. Sú ferð fékk heldur dapurlegan endi því Manuela veiktist mjög alvarlega og varð að liggja á sjúkrahúsi í marga daga og missti því af keppninni. Aðspurð hvort þetta væri ekki hálfgerð nostalgíuferð sagði Manúela svo ekki vera. „Mig hefur lengi dreymt um að fara til Los Angeles og skoða mig þar um en þetta verður örugglega mikið ævintýri því keppnin er með glæsilegasta móti þetta árið,“ segir Manuela.

-fgg

Hjálpartæki frímerkjasafnarans

„Það var eiginlega fyrir tilviljun sem ég byrjaði í þessum bransa,“ segir Bolli Davíðsson eigandi Frímerkjahússins við Bókhúðustíg 2. Búðin var stofnuð árið 1950 af föður Bolla en þegar hann lést árið 1960 tók Bolli alfarið við rekstrinum. Bolli segir að það séu ekki miklar breytingar í rekstrinum milli ára en hann selur allskonar hjálpartæki fyrir safnara eins og innstungubækur, frímerkjalbúm, bækur undir fyrsta-dagsumslög, kort, mynt og seðla. „Nú vilja allir hafa safnið sitt aðgengilegt til að geta sýnt það vinum og vandamönnum. Það er ekki lengur bara geymt í skókassa,“ segir Bolli. Kunnahópur hans er mest karlmenn á miðjum aldri en oft koma konurnar og kaupa fyrir mennina sína en sjálfar safna þær meira fyrsta-dags umslögum, en það eru umslög sem frímerki eru sett á um leið og þau eru gefin út og stimpluð. „Krakkar safna minna en áður enda fá þeir ekki frímerkt bréf inn um bréfalúguna lengur, öll innheimtubréfin eru vélstimpluð. Annars hefur annars konar söfnun aukist svo sem að safna mynt og póstkortum,“ segir Bolli og bætir því við að frímerkjasafnarar séu íhaldssamir og mjög áreiðanlegir einstaklingar. Hann lenti aldrei í því að fá innstæðulausa ávísun þegar sá faraldur var í gangi. „Frímerkjasöfnun er langt frá því að deyja út og með tilkomu netsins er hægt að kaupa frímerki allan sólarhringinn, hvar sem maður er staddur í heiminum,“ segir Bolli að lokum.



BOLLI DAVÍÐSSON Er búin að reka Frímerkjahúsið síðan árið 1960 og hefur hún alltaf verið á sama stað

SALIN

hans Jóns míns

Síðsumar 2006

Í kvöld: NASA

Tónleikar á næstunni:

- 11. ágúst: Players, Kópavogi
- 12. ágúst: Stapinn, Njarðvík
- 18. ágúst: Bolungarvík
- 19. ágúst: Reykjavík
- 26. ágúst: Akranes
- 02. sept: Hlégarður, Mosfellsbæ

Missið ekki af einstökum viðburði 15. sept: Stórtónleikar í Laugardalshöll – Sálín ásamt Gospelkór Reykjavíkur

www.salinhansjonsmins.is

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Coca-Cola



Birgir Leifur á pari í gær

Birgir Leifur Hafþórsson lék í gær sinn annan hring á opna Texbond-mótinu við Gardavatnið á Ítalíu en mótið er liður í áskorendamótaröð Evrópu. Hann lék á pari í gær og er því samtals á einu undir pari sem dugir þó ekki nema í 75. sæti.

sport
sport@frettabladid.is

HANNES P. SIGURÐSSON: FÆR HRÓS FRÁ TONY PULIS, NÝJUM KNATTSPYRNUSTJÓRA STOKE CITY

Breskur fótbolti hentar okkur betur

„Við erum hérna í fjöllum og hér er gullfallegt og frábært að vera,“ sagði Hannes P. Sigurðsson sem er staddur ásamt félögum sínum í enska liðinu Stoke City í æfingabúðum í Austurríki. Þeir eru þó ekki á skíðum þó Hannes segi að svo væri óskandi. „Við erum aðallega að hlaupa um þessar mundir. En nú ættu hlaupin að vera að mestu leyti búin, nú er komið meira spil og svo erum við aðeins í sprettunum.“

Hannesi list ágætlega á nýja knattspyrnustjóra Stoke, Tony Pulis, sem er tekinn við liðinu á nýjan leik af Johan Boskamp sem hætti störfum eftir síðasta tímabil. „Hann spilar öðruvísi bolta en forveri

hans, er meira í hinum dæmigerða enska bolta og ég er ekki frá því að hann henti þessum leikmannahópi betur. En þetta er spennandi og lítur nokkuð vel út,“ sagði Hannes en liðið hefur leikið tvo æfingaleiki, annar þeirra var gegn Chester City á miðvikudag og þann leik vann Stoke 2-0 þar sem Hannes skoraði annað mark.

„Þetta var ósköp einfalt mark sem ég skoraði, fékk boltann á horni vítateigsins, rak hann yfir vítateigslínuna og setti svo í nærhornið,“ sagði Hannes. Pulis er nú ekki að hrósa Íslendingum á hverjum degi en Hannes fékk þó mikið hrós fyrir

frammiðstöðu sína í þeim leik ásamt finnska landsliðsmanninum Peter Kopt-eff en þeir tveir eru kallaðir „Boskamp-strákarnir“ því þeir voru báðir fengnir til félagsins á valdatíma hans.

„Ég hef heyrt þetta viðurnefni og bara hlæ að því, það er gaman að þessu. Ég held að þjálfarinn sé lítið að spá í það,“ sagði Hannes en hann spilaði í sinni upphaldsstöðu gegn Chester. „Ég tók fyrri leikinn á hægri vængnum en svo spilaði ég frammi í hinum leiknum. Það var gott að komast aftur í gömlu stöðuna mína, þar vil ég frekar spila,“ sagði Hannes en Stoke verður í viku í Austurríki, spilar tvo æfingaleiki, og heldur síðan heim þar sem lokaundirbúningurinn fyrir komandi tímabil í ensku 1. deildinni fer í gang.

> Landsleikur færður

Vináttulandsleikur Íslands og Spánar hefur verið færður fram um einn dag til að Barcelona geti mætt með sitt sterkasta lið í leikinn um spænska ofurbikarinn þar sem deildarmeistararnir mæta bikarmeisturinum. Leikurinn um ofurbikarinn verður á dagskrá

þann 17. ágúst og upphaflega átti leikur Íslands og Spánar að vera daginn áður. Ákveðið hefur verið að flyta landsleiknum um einn dag svo að þeir spænsku leikmenn sem leika með Barcelona geti tekið þátt í leiknum, sem er gegn Espanyol, og sömuleiðis Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði Íslands, en hann er nýggjinn í raðir Barcelona eins og allir vita.



MOYE Var einn af burðarásunum í feikisturku Keflavíkurliði á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Sigurður Ingimundarson:

Gerir ekki ráð fyrir A.J. Moye

KÖRFUBOLTI Mjög ólíklegt er að A.J. Moye komi aftur hingað til lands og spili með Keflavíkum á næsta tímabili. Moye var á meðal bestu manna Íslandsmótsins á síðasta tímabili en hann er mjög eftirsóttur í Evrópu og hefur fengið tilboð frá liðum um alla heimsálfuna.

„Það er mjög ólíklegt að hann komi aftur, því hann hefur verið að fá mjög mikið af góðum tilboðum undanfarið. Það sem lítur best út fyrir hann eins og staðan er í dag er Þýskaland en það er langt frá því að vera frágengið. Ég geri samt ekki ráð fyrir því að fá hann aftur,“ sagði Sigurður við Fréttablaðið í gær. - hph



ÓLÖF MARÍA JÓNSDÓTTIR Byrjaði ágætlega í gær en missti flugið á síðustu holunum. FRÉTTABLAÐIÐ

Ólöf María Jónsdóttir:

Lék á þremur yfir pari

GOLF Ólöf María Jónsdóttir lék í gær á þremur höggum yfir pari á fyrsta hringnum á móti í Ungverjalandi sem er hluti af Evrópumótaröð kvenna. Hún var í 90. sæti ásamt 13 öðrum kylfingum eftir fyrsta daginn en hún fór heldur illa að ráði sínu á síðustu tveimur holum vallarins, fékk skramba á 17. holu og skolla á þeirri 18. - esá



Frábært að vera kominn heim á ný

Arnar Grétarsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við sitt gamla félag, Breiðablik, og leikur væntanlega sinn fyrsta leik á þriðjudaginn. Arnar er ánægður með að vera kominn heim og hlakkar til sumarsins.

FÓTBOLTI Arnar ólst upp hjá Breiðabliki og hefur leikið 139 deildarleiki fyrir félagið og skorað í þeim 26 mörk. Hann lék með meistara-flokki frá 1988 til 1996 og fór þaðan í atvinnumennsku til Grikklands áður en hann hélt til Lokeren í Belgíu, þar sem hann spilaði með Marel Baldvinssyni sem hann hefur nú endurnýjað kynnin við hjá Blikum.

„Mér finnst frábært að vera kominn heim á ný. Það var markmiðið hjá mér að vera úti í eitt ár í viðbót en við erum með fimmtán ára strák sem er að fara í skóla auk þess sem við erum að byggja hús uppi á Vatnsenda. Það hefði verið æskilegt að geta farið beint þar inn eftir eitt ár en þetta er eitt hvað sem maður ræður ekki alltaf við,“ sagði Arnar Grétarsson við Fréttablaðið í gær. Arnar er menntaður viðskiptafræðingur og hefur einmitt störf í nýrri vinnu í dag.

„Fótboltinn, sem og þjóðfélagið, hefur breyst mikið frá því að ég fór út. Aðstaðan hjá öllum félögum hefur batnað og boltinn er kominn meira út í hálf atvinnumennsku. Þegar ég var að fara út voru nokkrir leikmenn að fá einhver hlunnindi en núna eru allir leikmenn á samningum þar sem þeir fá vissulega mismikið. Knattspyrnuhallirnir eru líka algjör bylting og það er frábært að hafa þær til að spila inni á vetur,“ sagði Arnar.

„Ég hefði getað verið áfram úti en þetta er alltaf spurning um hvað maður sættir sig við, en ég ætlaði mér alltaf að koma heim og koma mér inn á vinnumarkaðinn. Ég hafði ekki áhuga á því að koma heim í boltann á annarri löppinni og ég vona að ég sé í nógu góðu standi til að standa mig hérna. Ég sé að menn þurfa að vera í toppformi til að standa sig í Landsbankadeildinni, þetta verður ekk-



ARNAR GRÉTARSSON Er kominn heim á fornar slóðir og á án efa eftir að styrkja lið Blika í baráttunni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ert auðvelt og því er nauðsynlegt að leggja sig allan fram ef maður ætlar að standa sig,“ sagði Arnar sem hefur nú æft með Blikum í tæpar þrjár vikur.

„Mér list ágætlega á Blikaliðið. Það er stutt frá öðru sæti og í það neðsta. Þrátt fyrir að vera kannski ekki alveg jafn sterkir og í fyrra virðast FH-inga vera í sérflokki. Þeir hafa mikla breidd og reynslu og þeir eru með besta liðið. Mér finnst liðin vera mjög jöfn og svip-

uð að getu. Það ber ekki mikið á milli og á góðum degi geta öll lið unnið hvert annað,“ sagði Arnar sem hlakkar til að vinna með nýrðum þjálfara Blika, Ólafi Kristjánssyni.

„Mér list mjög vel á Ólaf og það sem hann er að gera. Ég vona að það sjáist einhver munur á leik liðsins, aðallega varnarlega séð. Þjálfaraskiptin komu mér mikið á óvart, ég þekki Bjarna vel en honum hefur líklega fundist sem

hann gæti ekki bjargað hlutunum. Þegar þú ert búinn að fá á þig tæp þrjú mörk í leik þá er það engin tilviljun og hann áleit það vera best að gefa öðrum tækifæri og fyrir það virði ég hann mikið,“ sagði Arnar sem er ódum að nálgast sitt besta form.

„Ég hef ekki spilað knattspyrnuleik í tíu mánuði, síðasti leikurinn minn var í september og svo byrjaði ég aftur að spila í maí. Ég hef ekki æft mjög mikið og er kannski eins og belja að hlaupa út á vorin. En ég sé mikinn mun á því þegar ég byrjaði og núna og vonast til þess að vera í góðu standi, ekki eins góðu og ég vildi sem er kannski eðlilegt miðað við hversu lítið ég hef spilað,“ sagði Arnar sem býst við því að fara í sína gömlu stöðu á miðri miðjunni.

„Ég veit það ekki en hugsa það og geri fastlega ráð fyrir því. Það er staðan sem ég hef verið að spila undanfarin ár, annaðhvort í varnar- eða sóknarhlutverki í 4-4-2 leikkerfinu. Ég hef líka spilað rétt fyrir framan vörnina en þetta er bara spurning um hvar Óli sér mig. Ég fer ekki fram á eitt né neitt, hann stjórnar þessu algjörlega og ákveður hver spilar og hvar,“ sagði Arnar sem kveðst vel geta spilað í nokkur ár til viðbótar.

„Ég sá að ég skrifaði undir til 2008, það kom mér nokkuð á óvart þar sem ég hélt það yrði bara þetta tímabil og næsta,“ sagði Arnar og hló við. „Það skiptir þó engu máli, það hafa allir skilning á þessu, til dæmis ef lappirnir gefa sig eða eitthvað slíkt. Ég hef reyndar verið heppinn með meiðsl og á alveg að geta spilað í eitt, tvö eða þrjú ár til viðbótar. Það er betra að spila aðeins lengur en of stutt til þess að sjá örugglega ekki eftir neinu,“ sagði Arnar Grétarsson, nýjasti leikmaður Breiðabliks.

hjalti@frettabladid.is

LIÐIN Á HM Í ÞÝSKALANDI

1. STYRKLEIKAFLOKKUR
SPÁNN, FRAKKLAND, DANMÖRK, TÚNIS, KRÓATÍA, ÞÝSKALAND.

2. STYRKLEIKAFLOKKUR
RÚSSLAND, ÍSLAND, SLOVENÍA, TÉKKLAND, PÓLLAND, NOREGUR.

3. STYRKLEIKAFLOKKUR
ÚKRAÍNA, EGYPTALAND, UNGVERJALAND, KÚVÆT, MAROKKÓ, BRASÍLÍA.

4. STYRKLEIKAFLOKKUR
ARGENTÍNA, ANGÓLA, SUÐUR-KÓREA, KATAR, GRÆNLAND, ÁSTRALÍA.

Ísland í öðrum styrkleikaflokki á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi:

Dregið í riðla á HM í Þýskalandi í dag

HANDBOLTI Það mun draga til tíðinda í handboltaheiminum í dag þegar dregið verður í riðlakeppni heimsmeistaramótsins í handbolta sem fer fram í Þýskalandi á næsta ári. Íslenska landsliðið tryggði sér eftirminnilega sæti á mótinu með fræknum sigri samanlagt á Svíum í júní síðastliðnum og verða því fyrrverandi heims- og Evrópu-meistarar fjarri góðu gamni.

Ísland, sem varð í sjöunda sæti á EM í Sviss fyrr á árinu, verður í öðrum styrkleikaflokki í drættinum í dag en til samanburðar má nefna að Ísland var í fjórða og neðsta styrkleikaflokki fyrir EM í Sviss.

Keppnisfyrirkomulaginu hefur verið breytt á þann hátt að nú verður dregið í sex fjögurra liða riðla en ekki fjóra sex liða riðla eins og töðkast hefur á undanförmum heimsmeistaramótum. Er þetta gert til að minnka þann



MERKI HM Í ÞÝSKALANDI 2007

fjölda leikja liða sem mikill getumunur er á. Tvö efstu liðin í hverjum riðli komast áfram í tvo sex liða milliriðla og taka þau lið innbyrðis stig með sér í þá riðlakeppni. Neðstu tvö liðin halda áfram í sérkeppni, President's Cup, og er þar með tryggt að hvert lið spili að minnsta kosti sjö leiki á mótinu en spilað verður til þrautar um hvert einasta sæti í keppninni milli liðanna 24.

Annars er leikjafyrirkomulagið hefðbundið. Eftir milliriðla-

keppnina verður leikið um 1.-4. sæti annars vegar og 5.-8. sæti hins vegar með útsláttarfyrirkomulagi milli liðanna sem lenda í 1. og 2. sæti milliriðilanna annars vegar og 3. og 4. sætis hins vegar. Með þessu er tryggt að þau lið sem lenda í efstu átta sætum keppninnar leika öll tíu leiki og næstu fjögur lið á eftir átta leiki hvert.

„Ég held að þetta sé ágæt breyting,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sem verður viðstaddur dráttinn í Berlín í dag ásamt Alfreð Gíslasyni landsliðsþjálfara. „Það verða færri leikir á móti slakari þjóðum og þetta stytir ferilinn í betri leikina.“

Eins og áður fá gestgjafarnir að velja sér riðil áður en liðin í fyrsta styrkleikaflokki verða dregin úr hattinum. „Sagan segir að gestgjafarnir hafa oft valið riðil Íslendinga,“ sagði Einar. „Ég á allt eins von á því núna.“ - esá



HEIMSMEISTARI Gattuso hampar hér sjálfum heimsmeistaratitlinum um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/AFP

Gennaro Ivan Gattuso:

Ekki á förum frá AC Milan

FÓTBOLTI Ítalski miðjumaðurinn Gennaro Gattuso hefur tekið af allan vafa um að hann verði ekki áfram hjá AC Milan. Stuðningsmenn Manchester United höfðu margir hverjir hugsað sér gott til glóðarinnar eftir að Gattuso var orðaður við Rauðu djöflana en ljóst er að af því verður ekki.

„Ég er stoltur yfir því að klæðast treyju AC Milan. Það hefur verið mikið talað um að ég sé að fara frá Milan en þetta er alveg einstakur klúbbur og ég er búinn að segja félaginu að ég hafi ekki áhuga á því að fara,“ sagði Gattuso í gær.

Sömu sögu er að segja af Alberto Gilardino en báðir segjast kapparnir vera tilbúnir að spila með félaginu sama hver refsing þess verður í skandalnum stóra á Ítalíu. „Eitt er alveg ljóst, að framtíð mín liggur hjá Milan. Þetta er stórkostlegur klúbbur og ég vil ekki fyrir nokkra muni fara,“ sagði Gilardino sem kostaði Milan sautján milljónir punda síðasta sumar.

- hph



RIBERY Er hér tekinn föstum tökum af Fabio Cannavaro. NORDICPHOTOS/AFP

Franck Ribery:

Ekkert tilboð frá Arsenal

FÓTBOLTI Umboðsmaður Frakkans Franck Ribery segir að ekkert sé til í því að Arsenal hafi boðið tíu milljónir punda í leikmanninn. Þessi 23 ára gamli miðjumaður mun líklega yfirgefa Marseille í sumar en hann var frábær á nýf-stöðnu heimsmeistaramóti. Bayern München, Lyon og Real Madrid hafa einnig augastað á Ribery.

„Ég hef ekki hitt Arsene Wenger og ég hef ekki fengið nein tilboð í Franck. Ég mun setjast niður með forráðamönnum Marseille fljótlega og ræða framtíð leikmannsins,“ sagði Bruno Heiderscheid, umboðsmaður Riberys. Stjórn Marseille hefur gefið það út að hún hafi engan áhuga á því að selja Ribery en það gæti þó reynst þeim mjög erfitt.

- hph

Fabio Aurelio:

Vill fá Alves til Liverpool

FÓTBOLTI Hinn nýi vinstri bakvörður Liverpool, Brasilumaðurinn Fabio Aurelio, vonast til þess að félagið kaupi landa sinn Daniel Alves. Ensku bikarmeistararnir eru í viðræðum við Sevilla um kaupverðið á Alves en lítið virðist þokast í þeim málum þar sem Sevilla vill að sjálfsögðu fá sem mest fyrir leikmanninn.

„Ég hef séð Daniel spila á Spáni og hann er fljótur og sóknðjarfur leikmaður sem yrði frábær viðbót við Liverpool. Það yrði frábært að fá hann hingað til okkar,“ sagði Aurelio en líklegt þykir að af kaupunum verði.

- hph

Cristiano Ronaldo heldur áfram að skapa óróa meðal stuðningsmanna United:

Ég gæti enn farið frá Man. Utd.

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo hefur vakið enn meiri reiði Manchester United-manna með því að gefa lítið fyrir þá yfirlýsingu að hann sé ekki á leiðinni frá félaginu. Ronaldo hefur verið orðaður sterklega við Real Madrid og hafði sagt að hann vildi yfirgefa her-búðir United.

Líð hans sendi aftur á móti frá sér yfirlýsingu í fyrradag þess efnis að Ronaldo væri alls ekki til sölu. Ronaldo er í fríi á Madeira-eyjum, þar sem hann er fæddur, áður en hann snýr aftur til æfinga á Englandi.

„Það er ekkert öruggt í mínum málum ennþá. Ef ég verð áfram þá er það allt í lagi, en ef ég fer er það líka í góðu lagi. Við eigum enn eftir að taka ákvörðun og þetta verður rætt á næstu dögum,“ sagði Ronaldo en það er umboðsmaður hans Jorge Mendes sem mun sjá



RONALDO Stillir sér hér upp fyrir myndatöku eftir heimkomuna frá Þýskalandi eins og honum einum er lagið. NORDICPHOTOS/AFP

um að ræða við United fyrir hans hönd.

Bæði Ferguson og David Gill, stjórnarformaður United, hafa þvertekið fyrir það að Ronaldo sé á förum. „Það er ekki möguleiki að Ronaldo verði seldur. Hann skrifaði nýverið undir samning til ársins 2010 og klúbburinn væntir þess að hann uppfylli samninginn,“ sagði meðal annars í titt-nefndri yfirlýsingu en framtíð Ronaldo virðist ekki vera jafn ráðin og forráðamenn Manchester United telja.

Það eru yfir tíu ár síðan Ferguson missti leikmann sem hann vildi ekki fyrir nokkra muni missa þegar Andrei Kanchelskis fór til Everton. United gæti þó grætt stórlega á því að hafa keypt Ronaldo á 12,2 milljónir punda því líklega yrði sú upphæð tvöfölduð yrði hann seldur til Spánar.

- hph

Skagamenn sluppu vel

Skagamönnum tókst í gær að komast ágætlega frá leik sínum gegn danska liðinu Randers í 1. umferð forkeppni UEFA-bikarkeppninnar en leikið var ytra. Randers skoraði eina mark leiksins á 62. mínútu en hefði getað skorað fleiri.

FÓTBOLTI Skagamenn léku í gær fyrri leik sinn í 1. umferð forkeppni Meistaradeild Evrópu gegn danska liðinu Randers en leikið var ytra. Þrátt fyrir ágætan leik heimamanna, sér í lagi í síðari hálfleik, skoruðu þeir ekki nema eitt mark og geta Skagamenn ágætlega við unað.

Leikmenn Randers byrjuðu betur og á 15. mínútu skoruðu þeir svo mark sem var dæmt af vegna rangstöðu en leikmenn ÍA gátu prísað sig sæla fyrir það.

En eftir því sem leið á leikinn komust leikmenn ÍA betur í leikinn og á þeirri 42. mínútu fékk Arnar Gunnlaugsson besti færi sinna manna í fyrri hálfleik en markvörður Randers var vel á verði. Árni Thor Guðmundsson fékk svo einnig ágætt færi skömmu síðar en skaut yfir mark andstæðingsins.

Heimamenn byrjuðu síðari hálfleik af miklum krafti og á 62. mínútu leit svo markið ljós en þar var að verki Alex Da Silva sem skoraði með laglegum skalla eftir fyrirgjöf Carsten Fredgaard. En þrátt fyrir ágæt færi Randers síðari hálfleik urðu mörkin ekki fleiri en eitt.

„Þeir fengu eitt ágætt færi í fyrri hálfleik og tvö eða þrjú í þeim síðari,“ sagði Bjarni Guðjónsson við Fréttablaðið eftir leikinn. „En okkur tókst að spila mjög vel í fyrri hálfleik en eins og hefur svo oft gerst í leikjum okkar í sumar þá gefum við mikið eftir í þeim síðari.“

Næsti leikur liðanna fer fram á Akranesvelli þann 27. júlí og segir Bjarni að möguleikar sinna manna séu góðir þá. „Það sýndi sig að við eigum í fullu tré við þetta lið þegar við pressum vel á þá. Og við ætlum



MARKASKORARINN Skagamaðurinn Arnar Gunnlaugsson í baráttu við markaskorara Randers, Carsten Fredgaard, í leik liðanna í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

okkur að gera það á heimavelli.“

En úrslitin eru ásættanleg, segir Bjarni. „Ef einhver hefði spurt mig fyrir leikinn þá hefði mér þótt 1-0

úrslit í þessum leik vel ásættanleg. Það er svo sem ekki við öðru að búast í leik sem þessum.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Umdeildasta atvik aldarinnar til þessa er enn óleyst er enn í óleysanlegum hnút:

Orð á móti orði hjá Materazzi og Zidane

FÓTBOLTI Zinedine Zidane á skilið að eiga Gullknöttinn sem hann fékk fyrir að vera besti maður HM, samkvæmt Marco Materazzi sem fékk kollinn á Zidane í bringuna á sér. Materazzi lofar Zidane mikið og segir hann vera goðsögn sína, en tekur þó skýrt fram að hann hafi ekki sagt neitt um fjölskyldu hans eins og Zidane hélt fram í viðtali í fyrradag.

„Þetta fór langt yfir öll vel-sæmismörk sem hann sagði við mig. Hann lét orð falla um móður mína og systur. Ég biðst afsökunar en ég get ekki séð eftir því sem ég gerði þar sem það þýddi þá að hann hefði átt rétt á því að segja það sem hann lét út úr sér,“ sagði Zidane í viðtalinu en fór ekki nánar út í nákvæmlega hvað Materazzi sagði.

Materazzi var ekki lengi að svara fyrir sig. „Ég minntist ekkert á neitt í sambandi við trú, pólitík eða kynþáttahatur. Ég móðgaði heldur alls ekki móður hans. Ég missti mömmu mína þegar ég var fimmtán ára og verð enn klökkur þegar ég tala um það. Ég vissi að sjálfsögðu ekki að móðir hans fór á spítala sama dag og leikurinn var en ég óska henni alls hins besta,“ sagði Materazzi og hélt áfram.

„Zidane er hetjan mín og ég hef alltaf dáðst að honum. Reyndar á ég eina af treyjunum hans, við skiptumst á treyjum eftir leik Juventus og Perugia. Hann á líka svo sannarlega skilið að eiga Gullknöttinn þar sem hann var frábær á heimsmeistaramótinu,“ sagði Materazzi.

- hph



HEINZE Er hér í baráttunni við Miroslav Klose á HM í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Gabriel Heinze:

Ég er ánægður hjá United

FÓTBOLTI Argentínski varnarmaðurinn Gabriel Heinze segist vera ánægður hjá Manchester United og hafi engan áhuga á því að yfirgefa félagið. Real Madrid var talið vera fremst í flokki í því að kaupa Heinze sem hefur einnig laðað að áhuga Barcelona.

„Ég er ánægður hjá United og hef aldrei íhugað að fara frá Old Trafford. Ég hef heyrt af áhuganum frá Spáni og er stoltur yfir því að félag eins og Real Madrid hafi áhuga á mér. Það er mikið hól og myndi gera hvaða atvinnumann sem er ánægðan,“ sagði Heinze sem meiddist illa á hné og missti af stórum hluta síðasta tímabils.

„United og þjálfarinn stóðu með mér þegar ég meiddist og gat ekki spilað. Ef þeir vilja hafa mig áfram mun ég að sjálfsögðu vera kyrr,“ sagði hinn sterki vinstri bakvörður.

- hph



DEL HORNO Á hér orðaskipti við Steven Gerrard, fyrirliða Liverpool. NORDICPHOTOS/AFP

Valencia:

Staðfesta áhuga á Del Horno

FÓTBOLTI Spænska félagið Valencia hefur staðfest áhuga sinn á vinstri bakverði Chelsea, Asier Del Horno. Baskanum gekk illa að festa sig í sessi hjá Chelsea en Valencia vantar mann til að fylla það skarð sem Fabio Aurelio skildi eftir sig en hann er kominn til Liverpool.

„Del Horno er mjög áhugaverður leikmaður og við fylgjumst grannt með honum,“ sagði Juan Soler, forseti Valencia, í gær. Chelsea keypti Del Horno á átta milljónir punda í fyrra frá Athletic Bilbao en hann spilaði 25 leiki fyrir Englandsmeistarana á síðasta tímabili.


- hph



HVAD VARSTU AÐ GERA? Fabio Cannavaro er líklega að spyrja fyrrverandi liðsfélaga sinn úr Juventus þessarar spurningar eftir atvikið margfræga. NORDICPHOTOS/AFP

A large group of approximately 20 people, including the bride, groom, and wedding party, are posed in front of a white church with a red roof and a small arched window. The bride is in a white dress holding a bouquet of orange flowers, and the groom is in a tuxedo. They are surrounded by bridesmaids, groomsmen, and family members. The group is standing on a paved area with a dark rug in front of the church steps. The sky is blue with some clouds.

Athyglisverð fjölskylda...



STADA EFSTU LÍDA:							
1. FH	10	8	2	0	19-5	26	
2. FYLKIR	10	5	1	4	13-12	16	
3. KEFLAVÍK	10	4	2	4	19-11	14	
4. VÍKINGUR	10	4	2	4	13-9	14	
5. GRINDAVÍK	10	3	4	3	15-12	13	
6. VALUR	10	3	4	3	13-12	13	

HB FASTEIGNIR
Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400
Hrafnhildur Bréddo, löggeftur fasteignasali

HB FASTEIGNIR KYNNA HEITAR EIGNIR

Einbýlishús

Einimelur 107 glæsilegt einb tilb óskast
Grettisgata 101Rvík verð 41 millj.
Logafold 112 Rvík - verð 66,6 millj.
Miðtún m/aukaíbúð 800 Selfss

Rađhús

Miðtún 800 Selfoss verð 22 millj.
Efstahraun 240 grindavík Nýtt

4ra herbergja

Laugavegur 101 Rvík ATH lækkað verð
 Álftamýri 108 Rvík ATH lækkað verð
 Kleppsvegur 104 Rvík Ath lækkað verð

3ja herbergja

Barónsstígur 101 Rvík verð 10,9 millj.
 Lyngmóar 210 Garðabæ verð 24,6 millj.
 Strandasel 109 Rvík verð 16,9 millj.

Fyrir fjárfesta

lõnaðarhúsn. Hveragerði u.þ.b. 500fm
Lóðir víðsvegar um land

Jarðir, lóðir og sumarhús

Glæsileg jörð í Haukadal
Veiði + hestar verð 45 millj.
Frístundajörð í Borgarfirði verðtilboð.
Glæsilegur sumarbústaður í Eyrarskógi
verð 18 millj

3 sumarbústaðir Grímsnesi, afh. fokheldir
Ca. 22 fm bústaður til flutnings, verð 700þús.
2 sumarhúsaloðir í Borgarfirði, upplagt fyrir
hestafólk



Kári Kort,
sölustjóri
S. 892-2506

Kaupendur/ hjá okkur

**er alltaf opið hús
Seljendur/skoðum / og verðm
samdægurs.**

Ótrúlegt markaregn í Keflavík

Keflvíkingar unnu ótrúlegan 6-2 sigur á Eyjamönnum í gær eftir að hafa lent undir snemma leiks. Sigur heimamanna hefði getað orðið stærri en einn úr þeirra röðum var fluttur á sjúkrahús eftir gróft brot.



en hélt ekki boltanum. Þar kom að Stefán Örn Arnarson og átti ekki í erfiðleikum með að renna knettinum í markid og náði forystunni verðskuldað fyrir heimamenn. Undir lok hálfleiksins munaði minnstu að til slagsmála kæmi eftir tæklingu Bo Henriksen en Garðar Örn dómari náði að róa mannskapinn.

Bo var þarna að spila sinn fyrsta leik í langan tíma eftir meðsli en upphaflega var búist við að hann yrði frá allt tímabilið. Keflvíkingar héldu uppteknum hætti í upphafi seinni hálfleiksins og Baldur Sigurðsson átti frábæra sendingu á Stefán Örn sem skoraði sitt annað mark og kom Keflavík í 3-1. En heimamenn voru enn að fagna markinu þegar Bo átti góða sendingu á landsinn Ulrik Drost og var sá danski einn á auðum sjó og kláraði færið vel. Þegar tuttugu mínútur voru eftir þurfti að bera Baldur Sigurðsson meiddan af velli en Páll Hjarðar, fyrirlíði ÍBV, fékk að líta rauða spjalðið fyrir að brjóta á honum.

Á þessum tímapunkti voru aðstæður á Keflavíkurvelli orðnar hættulegar leikmönnum, völlurinn var rennblauttur og þá var úrhellisrigning. Einum fleiri keyrðu Kefl-

Valsmenn töpuðu fyrir danska stórveldinu Bröndby, 3-1, í Danmörku í gær.

Garðar gaf Valsmönnum veika von



FÖTBÓTLI Valsmenn léku í gærkvöldi fyrri leik sinn gegn danska liðinu Brøndby í 1. umferð forkeppni UEFA-bikarkeppninnar en leikið var ytra. Dönsku leikmennirnir skorðu þrívégis í fyrri hálfleik áður en Garðar Gunnlaugsson klóraði í bakkann í þeim síðari en Valsmenn geta þakkað fyrir að hafa ekki fengið á sig fleiri mörk fram að því. Vörn Vals var illa á verðinum á löngum köflum í fyrri hálfleik.

Valdarinn Barry Smith var reyndar nærri því að skora sjálfsmark strax á 3. mínútu er hann hreinsaði hættulega fyrirgjöf, sem kom fyrir mark Vals, rétt fram hjá eigin marki. En á 9. mínútu gerði Valsvörnin sig seka um slæm mistök er Thomas Rasmussen var skilinn einn eftir í miðjum vítateignum þar sem hann fékk sendingu frá vinstri kantinum og átti í engum vandræðum með að skila knettinum í markið.

Eftir þetta vaknaði Valsliðið til lífsins og reyndi að fremsta megni að leika sinn bolta. Það gekk ágætlega en liðið fór illa að ráði sínu í föstum leikatriðum og horn og aukaspýrnur fóru í súginn hvað eftir annað. Valsmönnum tókst þó að vinna sig inn í leikinn þegar Brúndby fékk skyndilega hornspýrnu á 32. mínútu. Eftir að Steinþór Gíslason bjargaði á marklínu tókst Morten Rasmussen að fylgjast vel á eftir og koma boltanum í markíð af stuttu færi.

Aðeins tveimur mínútum síðar fengu þeir rauðklæddu stórt og mikið kjafthögg er Valsvörnin leyfði Martin Ericsson, sem lék Valsliðið oft grátt í leiknum, að skeiða upp völinn og taka skott rétt utan vítateigs sem hafnaði í neðra hægra markhorninu.

Eftir það var allur vindur úr Valsliðinu sem voru nærri lentir 4-0 undir er Ericsson fékk boltann einn á auðum sjó fyrir framan Kjartan Sturluson markvörð en skot hans fór fram hjá.

Garðar var svo nærri sloppinn í gegn á lokasekúndum hálfleiksins en var óheppinn og missti boltann.

Ítalía hefur fundið arftaka Marcello Lippi:

Donadoni tekur við Ítalíu

FÓTBÓLT Heimsmeistarar Ítalíu hafa ráðið Roberto Donadoni sem nýjan þjálfara í kjölfarið á því að Marcello Lippi ákvað að halda ekki áfram með liðið. Lippi sagði upp á miðvikudaginn, þremur dögum eftir að hafa stýrt Ítalíu til síns fjórða heimsmeistaratitils. Donadoni er 42 ára og stýrði Livorno í efstu deildinni á Ítalíu en hann hætti þar störfum í febrúar.

maður en hann spilaði á miðjunni hjá AC Milan og lék 63 landsleiki fyrir Ítalíu áður en þjálfaraferillinn tók við þar sem hann hefur verið við stjórnvölinn hjá Lecce og Genoa áður en hann tók við hjá Livorno. Hans fyrsti leikur með Ítalíu verður gegn Litháen í undankeppni Evrópumótsins þann 2. september og svo fjórum dögum síðar verður leikur gegn Frakklandi.

- egm



* Skv. Fjölmíðlakönnun Gallup maí 2006.

Frétt / STA

**En nærð þú athygli
allra í fjölskyldunni?
40% fleiri lesa Fréttablaðið!**

Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til 68,3% þjóðarinnar sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið. Auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.



FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„You’re the Diet Coke of evil. Just one calorie. Not enough.“

Powers 2 árið 1999.
Kvikmyndin Austín
Svar: Dr. Evil úr

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR SPÁIR Í BRÚÐKAUP

Stripparar og asnar mæta í brúðkaup

Brúðkaupsvertiðin er nú í fullum blóma. Flestir landsmenn hafa eitt eða tvö brúðkaup á dagskránni í sumar, ef þeir eru þá ekki að skipuleggja eitt slíkt sjálfir. Skjár 1 hitti aldeilis á höfuðið með Brúðkaupsþættinum. Já fyrir nokkrum árum því markhópurinn er risavaxinn, ekki bara ástfangið fólk sem er í giftingarhugleiðingum heldur líka fólk sem dreymir um að verða ástfangið. Nú er stöðin búin að bæta við öðrum dagskrárlið með giftingarþema því þátturinn Whose wedding is it anyways vermir nú upp fyrir brúðkaupsþátt Elínar Mariu. Þar er fylgst með fólki sem starfar við það að skipuleggja brúðkaup. Í Bandaríkjunum eru nefnilega til sérfræðingar í öllu milli himins og jarðar og víst er að nóg er af ríka fólkinu til að ráða þetta fólk. Brúðkaupin þar í landi eru hins vegar svo ólík þeim íslensku að sennilega getur fólk lítið lært

af þættinum. Í síðasta þætti var til dæmis persneskt par að gifta sig og varð brúðkaupsplanarinn að gjöra svo vel og redda tveimur ösnum fyrir brúðkaupið. Persnesk brúðkaup eru víst bara frát ef brúhjónin koma ekki ríðandi á ösnum inn í miðja veisluna. Whose wedding is it anyways er þó alveg ágætisafþreying og kennir manni að kunna að meta hin íslensku brúðkaup. Þó að engin dýr komi við sögu í þeim hafa skemmtilegar hefðir skapast um hina ýmsu leiki og uppátæki og veislurnar verða einhvern veginn persónulegri þegar nóg er af innleggjum frá vinum og vandamönnum, í máli eða myndum. Í brúðkaupi vinkonu minnar um daginn buðu nokkrir fjallmyndarlegir vinir hennar upp á bráðskemmtilegt strippatriði að hætti Full Monty. Atriðið sló persnesku asnana heldur betur út og það er aldrei að vita nema að þetta verði aðaltrendið í Brúðkaupsþættinum. Já næsta sumar.



ELÍN MARÍA BJÖRNSDÓTTIR
Þáttur Elínar hefur slegið í gegn undanfarin sumur enda er sumarið tími brúðkaupa.



► 21.25
Drama

EVERYTHING PUT TOGETHER

► SJÓNVARPIÐ



► 21.40
Hasar

SPEED

►

6.58 Ísland í bitið 9.00 Bold and the Beautiful
9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 Alf 10.45 My
Wife and Kids 11.05 Það var lagið



► 21.30
Gaman

TWINS

► SIRKUS TV



► 21.30
Keppni

THE BACHELORETTE

► SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45
Östöðvandi tónlist



► 09.00
Fréttir

FRÉTTAVAKTIN

► NFS

7.00 Ísland í bitið
► 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00
Ævintýri H.C. Andersen (19:26)

18.30 Ungar ofurhetjur (13:26) (Teen Titans
II)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.05 Fiðrildið (Le Papillon) Frönsk bíó-
mynd frá 2002 um gamlan
fiðrildasafnara sem dregst óviljugur
inn í líf einmana níu ára telpu.

► 21.25 Allar í einu (Everything put together)
Fjórar vinkonur verða ófrískar á sama
tíma. Ein þeirra verður fyrir því að
barn hennar deyr daginn eftir fæð-
ingu. Hún þjáist af þunglyndi og vin-
konur hennar fara smátt og smátt að
forðast hana. Leikstjóri er Marc Forster
og meðal leikenda eru Radha
Mitchell, Megan Mullally og
Jacqueline Heinze.

23.00 Gullmót í frjálsum íþróttum 1.50 Út-
varpsfréttir í dagskrárlok

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu
formi 2005 13.05 My Sweet Fat Valentina 13.50
My Sweet Fat Valentina 14.35 Arrested Develop-
ment 15.05 George Lopez 15.30 Tónlist 16.00 The
Fugitives 16.25 Skrímslaspilið 16.45 Scooby Doo
17.05 Véla Villi 17.15 Bold and the Beautiful 17.40
Neighbours 18.05 Simpsons

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Mr. Bean

20.05 The Simpsons (3:22)

20.30 Two and a Half Men (15:24) (Tveir og
hálfur maður)

20.55 Beauty and the Geek (7:9) (Friða og
nördinn) Ljósurnar eiga að bjóða
nördunum á stefnumót.

► 21.40 Speed (Leifturhraði) Sigild há-
spennnumynd sem gerist í strætisvagni
í Los Angeles. Brjálæðingur hefur
komið fyrir sprengju í vagninum og
mun hún springa ef ökutækið fer
undir 80 km hraða. Strætioinn er fullur
af fólki og nú er úr vöndu að ráða.
Stranglega bönnuð börnum.

23.35 Daredevil (B. börnum) 1.15 Shanghai
Knights (Bönnuð börnum) 3.05 The Night
Caller (Stranglega bönnuð börnum) 4.40 The
Simpsons (3:22) 5.05 Fréttir og Ísland í dag
6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Bernie Mac (14:22) (e) (Getaway)

20.00 Þrándur blogggar (5:5)

20.30 Sirkus RVK (e) Sirkus Rvk er í umsjá
Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann
tekur pulsinn á öllu því heitasta sem er
að gerast.

21.00 Pipóla (1:8) (e)

► 21.30 Twins (7:18) (e)

22.00 Stacked (5:13) (e) (iPod) Önnur serían
um Skyler Dayton og vinnufélagana
hennar í bókabúðinni.

22.30 Sushi TV (5:10) (e) Sushi TV er spreng-
hlægilegur þáttur þar sem Japanir
taka upp á alls kyns vitleysu.

23.00 Supernatural (22:22) (e) 23.45 Jake in
Progress (8:13) 0.10 The Man From Elysian
Fields (e)

► OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

16.00 Völfi Snær (e) 16.30 Point Pleasant (e)
17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö (e)

19.00 Beverly Hills 90210

19.45 Melrose Place

20.30 One Tree Hill Húmor, drama, og bull-
andi rómantik, – allt í einum pakka!

► 21.30 The Bachelorette III Þriðja syrpa
þessa vinsæla raunveruleikabáttar.
Áhorfendur muna eflaust vel eftir
Jennifer Schefft sem heillaði milljóna-
erfingjann Andrew Firestone upp úr
skónum í þriðju þáttaröð The
Bachelor á SkjáEinum. Þau trúlofuðu
sig með pompi og prakt en ástin ent-
ist ekki og Jennifer sat eftir með sárt
ennið. Nú fær hún annað tækifæri til
að finna þann eina rétta.

22.30 Law & Order: Criminal Intent

23.20 C.S.I.: Miami (e) 0.10 Boston Legal (e)
1.00 Love Monkey – NYTT! (e) 1.45 Beverly
Hills 90210 (e) 2.30 Melrose Place (e) 3.15
Jay Leno (e) 4.00 Östöðvandi tónlist

► E! ENTERTAINMENT

11.30 Behind the Scenes 12.00 E! News 12.30 The Daily 10
13.00 THS Angelina Jolie 14.00 101 Even Bigger Celebrity
Oops! 15.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 16.00 E! News
18.30 The Daily 10 19.00 THS Mark Wahlberg 20.00 101
Even Bigger Celebrity Oops! 21.00 Girls of the Playboy
Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Wild On
Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 Sexiest Bad Girls 0.00 THS
Mark Wahlberg 1.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 2.00
101 Most Shocking Moments in Entertainment 3.00 101
Most Shocking Moments in Entertainment 4.00 E! Entertain-
ment Special 5.00 101 Craziest TV Moments 6.00 Fashion
Police 6.00 Mucha Lucha!

► AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur-
sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneytinn

Hlaðinn staðalbúnaði

3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán

kr. 24.893 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

Nú fáanlegur með 1500dci díselvél

Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, sóllúga.



Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



Með bílinn handa þér

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Speed Stöð 2 kl. 21.40

Springur við hægan akstur

Þessi sígilda háspennumynd er með Keanu Reeves og Söndru Bullock í aðalhlutverkum. Myndin gerist í strætisvagni í Los Angeles. Brjálæðingur hefur komið sprengju fyrir í vagninum sem mun springa ef ökutækið fer niður fyrir 80 kílómetra hraða. Vagninn er fullur af fólki og því er úr vöndu að ráða. Lögreglan sendir besta mann sinn til að gera sprengjuna óvirka en jafnvel hann lendir í vandræðum. Það kemur sér því vel þegar einn farþeganna veitir honum aðstoð. Í aðalhlutverkum eru Dennis Hopper, Jeff Daniels, Keanu Reeves og Sandra Bullock.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

9	5	8	7	1	4	2	3	6
4	7	2	9	6	3	5	1	8
3	6	1	5	2	8	4	9	7
7	9	4	8	3	6	1	5	2
5	8	6	1	9	2	3	7	4
2	1	3	4	5	7	8	6	9
6	2	7	3	8	5	9	4	1
8	3	9	6	4	1	7	2	5
1	4	5	2	7	9	6	8	3

				5	2		3	
9	8							7
1						5		
				6			8	5
		8	5		1	7		
7	5			4				
		9						6
8							9	2
	2		9	3				



▶ 21.30
Póker

HEIMSBIKARINN Í PÓKER



18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

- 18.30 HM 2006 (Ástralía – Japan)
- 20.10 Gillette Sportpakinn (Gillette World Sport 2006)
- 20.35 Súpercross (World Supercross GP 2005-06)
- ▶ 21.30 World Poker (Heimsbikarinn í póker)
Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Syn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

23.00 4 4 2 0.00 NBA – úrslit

RÁS 1FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.45 Veðurfrégnir 6.50 Bæin 7.05 Morgunvæðin 9.05 Óskastundin 9.45 Morgunleikdæmi 10.03 Veðurfrégnir 10.13 Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast 11.03 Samfélagið í næmmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfrégnir 13.00 Sakamálaaleikritið 14.03 Útlarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Uppá teningnum 16.10 Veðurfrégnir 16.13 Djassgallerí New York 17.03 Vísja 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Á sumarmegi 19.40 Samfélagið í næmmynd 20.40 Kvöldtónar 21.00 Bryggjuball 21.55 Orð kvöðsins 22.10 Veðurfrégnir 22.15 Músik og mas 23.00 Kvöldgestir

RÁS 2FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarpið 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum með Ásgeiri og Kalla 22.10 Næturvaktin

BYLGJANFM 98,9

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTLARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



Egils Premium er þróaður af einstökum metnaði, aðalsmerki Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar í heila öld. Framleiðsluferlið er lengra, bjórinn tvímeskjaður og gerjunin hægari, auk þess sem íslenskt bygg er notað í Egils Premium. Allt þetta skilar sér í sterkum karakter, aukinni mýkt og meiri fyllingu.

léttbjór



250 milljóna króna bíll í smáauglýsingum

Franski ofurbíllinn Bugatti Veyron var auglýstur til sölu í smáauglýsingum Fréttablaðsins í gær fyrir litlar 250 milljónir. Bílasalinn býst þó ekki við að selja bílinn hér á landi.

„Við seljum bæði bíla hérlandis og erlendis og við höfum sett þá ofurbíla sem við höfum fengið inn á heimasíðuna okkar eða í smáauglýsingar okkur til gamans. Þeir vekja oft mikla athygli,“ segir Viktor Urbancic, annar eigenda fyrirtækisins Sparibíll, sem aug-

lýsti bílinn í Fréttablaðinu.

Viktor segir að þótt áhuginn á svona ofurþúfum sé mikill sé lítil sala í þeim hér á landi, enda verði önnu nokkuð hátt. „Bugattiinn er langdýrasti bíll sem við höfum haft. Dýrustu bílarnir sem við höfum verið með hingað til hafa kostað í kringum 50 milljónir og sá dýrasti sem við höfum selt var í kringum tólf

milljónir,“ segir Viktor og bætir við að Bugattiinn sé helmingi ódýrari í Bandaríkjunum, þar sem bíllinn er staðsettur. „Það er mjög dýrt að flytja bíla inn út af sköttum og tollum.“

Bugattiinn
sem auglýstur
var í smáaug-
lýsingum



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

GUÐRÚN GUNNLAUGSDÓTTIR: HANNAR FYRIR ERLENT SNYRTIVÖRUMERKI

Hannar lampa úr sokka- böndum og korselettum

Það eru sérkennileg ljós sem prýða mátnauarklefa og loft Lífstýkkjabúðarinnar sem var opnuð á nýjum stað á dögunum á horni Laugavegar og Barónstígs. Ljósín eru gerð úr líf-stýkkjum, sokkaböndum og brjóstahöldurum og er það Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hönnuður sem á heidurinn að þessum skemmtilegu ljósum. „Hugmyndin á bakvið ljósín kom eiginlega af sjálfu sér enda er lampaskermur byggður upp á sama hátt og korselett. Þetta átti því mjög vel við inn í þessa búð,“ segir Guðrún en hún er lærður konsepthönnuður frá Design Akademi í Eindhoven í Hollandi en hún var búsett þar um skeið. Núna rekur hún stofuna Studio-bility á Seltjarnarnesi ásamt Jóni Ásgeiri Hreinssyni, grafískum hönnuði þar sem þau fást við nánast öll svið hönnunar.

Þau sáu um hönnun Lífstykkja-
búðarinnar og segir Guðrún að
loftljósin séu punkturinn yfir i-
ið. „Ég reyni að nota innblástur
frá umhverfinu þegar ég er að
hanna og nýti mér viðfangsefnið
hverju sinni í hönnunina.“

Guðrún er með mörg járn í eldinum og þessa stundina er hún að hanna heildarútlit fyrir þýsk-breska snyrtivörumerkið RougeBunnyRouge. „Þetta er nýtt merki sem kemur á markaðinn í haust og verður algjört háklassamerki í sama stíl og Dior. Við vorum fengin til að hanna allar innréttingar fyrir fyrstu tvær búðirnar sem eru í verslunarmiðstöðvum í Moskvu og Póllandi og verða opnaðar í haust.“

Guðrún hefur verið mikið í húsgagnahönnun en hún lærði fagið í Iðnskólanum í Reykjavík áður en hún fór til Hollands. Verk eftir hana hafa meðal annars birst í þekktum erendum lífsstílstímaritum á borð við ID-magazine og Elle Decoration.



FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

flokki hönnuða til Sjónlistar-
verðlaunanna og verður sýning á
verkum tilnefndra hönnuða í

listasafninu á Akureyri í ágúst og verða úrslitin gerð kunn í september. alfrun@frettabladid.is

alfrun@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sif Aradóttir dvelst nú í Los Angeles þar sem hún undirbýr sig af kappi fyrir keppnina Miss Universe. Stúlkan dvelur á glæsilegu hóteli og er með Ungfrú Tékklandi í herbergi. Miklar og stífar æfingar bíða stúlkanna enda má ekkert fara úrskæið þegar henni verður sjónvarpað beint um allan heim. Sif er spád göngu gengi af vöðubókum sem setja hana í 6.-11. sæti sem þykir nokkuð gott. Sif bloggar frá vöru sinni á ungfrúisland.is og þar lætur hún þess getið að þeim hafi verið boðið í glæsilegt góðgerðarteiti. Þar hitti Sif sjálfan Donald Trump sem löngum hefur verið þekktur fyrir ást sína á fögnum konum. „Eftir það var körfuboltaleikur með einhverjum Hollywood-stjörnum en ég þekkti ekki margar. Veit að Snoop Dogg og Usher voru að spila,” skrifar Sif í blogginu sínu sem hefur greinilega í nógu að snúast því daginn eftir var myndataka fyrir Covergirl og svo annað teiti hjá YMI-gallabuxnafyrirtækinu sem haldið var í Hollywood-hæðnum.

Önnur feegurðardrottning, Unnur Birna Vilhjálmstöddóttir, hefur verið á ferð og flugi á þessu ári og síðast bloggar hún frá Stokk-hólmi þar sem hún hefur verið í góðu yfirætti hjá sendiherrahjón-unum Guðmundi Árna Stefánssyni og eiginkonu hans, Jónu Dóru Karlsdóttur. Reyndar þurfti Unnur Birna að fylgjast með keppninni Ungru Stokkhólmu og neyddist til að sitja ansi langt kvöldverðarboð. Unnur Birna lætur þess getið að hún hafi verið að leka niður af þreytu en hafi verið bjargað á síðustu stundu því Jóna Dóra hafi mætt á svæðið ásamt vinkonu sinni, öllum að övörum, og hjálpað sér í gegnum kvíðið. „Ég verð að segja það að það er sjaldgæft að vera í jafn góðum félagskap,“ skrifar Unnur Birna, hrifin af þessum vinnjar-leika sendiherrahjónanna.

Hljómsveitin Frummenn, sem er þekktust fyrir að vera hinir upphaflegu Stuðmenn, gaf út sína fyrstu plötu á þjóðhátíðardag Íslendinga en sveitin er meðal annars skipuð þeim Jakobí Frímanni Magnússyni og Valgeir Guðjónssyni sem fyrir löngu eru orðnir heimsfrægir á Íslandi. Platan var tekin upp í Los Angeles og var upptökulíð á vegum Ríkissjónvarpsins með í för og tók upp heimildarmynd undir stjórn Egils Eðvarðssonar en hún verður frum-sýnd þegar nær dregur hausti. - fgg



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14



FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

SÓFADAGAR

ÚTSALA!

30% - 60% afsláttur
af öllum húsgögnum







BAKÞANKAR
ÞORBJARGAR S.
GUNNLAUGSDÓTTUR

Mamma ofar titli

Sumir atburðir valda slíkum þáttaskilum að heimurinn er ekki samur á eftir. Samskipti Zinedine Zidane og Marco Materazzi í úrslitaleiknum á HM falla að sjálf-sögðu í þennan flokk. Gjörvöll heimsbyggðin sá atvikið, gull-drengurinn fór í kjölfarið af velli með skömm og hefur nú í umtöl-uðu viðtali beðið þau börn afsök-unar sem urðu vitni að atvikinu. Eins og þetta sé það versta sem krakkar hafa séð í sjónvarpinu.

OFT er betra að vita minna en meira. Atburðir sem þessir verða þeim mun dularfyllri og spennan meiri, þegar ekki er hægt að segja með vissu hvað mönnum fór á milli. Ekki var vitað hvort Mater-azzi hefði gerst sekur um kyn-þáttafordóma, kvenfyrirlitningu eða hvort ástæðan væri allt önnur.

UM sjarma óvissunnar höfum við mörg dæmi í sögunni. Eitt er sam-band John F. Kennedy við Marilyn Monroe sem er sveipað mikilli dulúð. Um það er ekki hægt að fullyrða, en flestir reikna með því að um ástarsamband hafi verið að ræða. Hið sama er ekki hægt að segja um samband Bills Clinton við Monicu Lewinsky. Öll heims-byggðin veit hvað þeim fór á milli og sú mynd er ekki sérlega róm-antísk. Sennilega hefði verið betra að vita minna í því tilviki.

ÞETTA óvissutímabil mannkyns-sögunnar gæti hins vegar verið að líða undir lok. Nú má reikna með því að dregnir séu fram óþægilega upplýsandi tölvupóstar, GSM-myndir, DNA-próf eða, eins og í þessu tilviki, varalesarar til þess að greina frá því sem sagt var í úrslitaleiknum.

EN fyrst að búið er að upplýsa hvað drengjunum tveimur fór á milli í úrslitaleiknum, ætla ég að leyfa mér að segja það sem marg-ar mæður hugsa en segja ekki. Auðvitað var það eina rétta í stöð-unni að stanga ítalska óþökkann. Skyldan krefst þess jú vissulega af mæðrum að segja að svona geri menn ekki en það þarf hins vegar ekki endilega að þýða að þær meini það. Satt best að segja myndu sjálfsagt margar mæður rifna af stolti ef sonur þeirra hefði brugðist við með þessum hætti til þess að verja heiður móður sinnar. Og það er bara til að auka á sjarm-ann að fyrir vikið verði hetjan að ganga niðurlút af leikvelli, fram-hjá verðlaununum sem hann hefði vitaskuld annars fengið.

0 kr.
alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalaus notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1**.

Auðvelt að skipta.

Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína.

Mánaðargjald heimasíma er 1.390 kr.

Og1



Og Vodafone hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.



Heyrumst!

ÓKEYPIS ÍSETNING



Pioneer DEH-1800
4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð 17.900.-**



Pioneer DEHP-4800MP - Spilar MP3/WMA/WAV
Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • **Verð 24.900.-**

2006 línan frá Pioneer

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9
Sími 530 2800

SMÁRALIND
Sími 530 2900

KEFLAVÍK
Sími 421 1535

AKUREYRI
Sími 461 5000